


**ELÍN HRUND HEIÐARSDÓTTIR**

*Heklar litríkar hálsfestar*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**LANDIÐ MITT AUSTURLAND**

*Ferðir, söfn, sýningar og öðruvísi gisting*

Sérblað um Austurland

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**




**SVERRIR GUÐJÓNSSON**

*Breyttist í Tom Waits*

Söng fyrir nýkvæntan son sinn

**FÓLK 46**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júní 2009 — 137. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Mikil viðurkenning**

Ulla Magnússon var sæmd heiðursorðu alþjóðasamtakanna SOS-barnaþorpa.

**TÍMAMÓT 26**

**Brangelinuæðið búið**

Ýmsar sögur af skilnaði Brads og Angelinu.

**FÓLK 38**



**Vei yður, þér hræsnarar**

Ber að skilja þetta vaxtastig sem vantraust á framtíðarhorfur Íslands? segir Jón Baldvin Hannibalsson.

**UMRÆÐAN 24**



**Tap í Makedóníu**

Ísland tapaði sínum þriðja leik í röð í undankeppni HM 2010 í Makedóníu í gær.

**ÍÞRÓTTIR 40**

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÉTTSKÝJAÐ SV-TIL** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Bjartviðri suðvestan og vestan til en skýjað og dálítil væta af og til Norðaustan- og Austanlands. Hiti víðast 7-15 stig, hlýjast í uppsveitum suðvestanlands.

**VEÐUR 4**




Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

# Mannekla hamlar rannsókn

**Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara, telur illa staðið að rannsókn á bankahruninu. Hún vill að ríkissaksóknari víki. Sérstakur saksóknari vill að fjölgað verði í starfsliði hans úr tólf í 24. Málin hrannast upp.**

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, telur að fjölga þurfi starfsmönnum embættisins um helming „að minnsta kosti“. Vegna fjölskyldutengsla Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara undirbýr dómsmálaráðherra lagabreytingu til að setja sérstakan ríkissaksóknara, sem annast mál sem frá embætti Ólafs koma. Björn Bergsson hæstaréttardómari mun gegna stöðunni.

Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara, sagði í Kastljósviðtali í gærkvöldi að rannsókn á efnahagshruninu muni litlu skila nema embættið verði stóreflt. Hún vill að ráðnir verði þrír saksóknarar, einn fyrir hvern banka, einnig endurskoðendur og fleiri erlendir sérfræðingar. Hún vill jafnframt að ríkissaksóknari víki en hann er faðir Sigurðar Valtýssonar, forstjóra Exista.

Ólafur Þór tekur undir með Evu Joly hvað varðar styrkingu embættisins. „Að minnsta kosti“, segir hann þegar blaðamaður spyr hvort nauðsynlegt sé að fjölga starfsmönnum hans úr tólf í 24. Upphaflega voru hugmyndir Evu Joly um að starfslið Ólafs væri 25 til 30 manns. „Betur má ef duga skal og mat hennar er byggt á upplýsingum frá okkur um væntanlegan málafjölda og eðli mála. Nú eru komin til embættisins á þriðja tug mála og við vitum að fleiri eru á leiðinni.“

Ólafur segir það lagalegt atriði hvort þrír saksóknarar verði ráðnir, eftir hugmyndum Evu. Velta megi fyrir sér hvort það verði einn sérstakur saksóknari og til hans svari þrír saksóknarar, einn fyrir hvern banka. „Slíkt væri ugglaust hægt að útfæra. Öll styrking embættisins myndi flýta því verki sem fram undan er,“ segir Ólafur.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra greindi ríkisstjórn frá því á þriðjudag að Eva Joly geri kröfu um þrjá saksóknara. Eins að hún væri að undirbúa lagabreytingar í þá átt en að það yrði að gerast innan þess fjárlagaramma sem embættinu hefur verið búinn. „Ég tel mig ekki vera í aðstöðu til að fara fram á frekara fjármagn, í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, en myndi fagna því ef frekara fjármagn finnst.“

Ragna ætlar að skipa Björn Bergsson hæstaréttarlögmann sem ríkissaksóknara við hlið Valtýs Sigurðssonar vegna vanhæfis hans, og undirbýr frumvarp í þeim tilgangi. Björn mun annast öll mál sem frá embætti sérstaks saksóknara koma. Valtýr hafði fyrr lýst sig vanhæfan í málefnum varðandi bankahrunið. - shá



**BARA EIN TEGUND?** Þessir frísku ferfætlingar fönguðu athygli nærstaddra á Klambratúni í veðurblíðunni í gær. Prýðilega virtist fara á með hundunum tveimur og kanínunni, sem boðin var velkomin í leikinn eins og ekkert væri sjálfsagðara. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Klaustur á Egilsstöðum:

## Nunnur í stað lyfjaverslunar

**TRÚMÁL Til stendur að stofna nunnuklaustur á Egilsstöðum í húsnæði þar sem lyfjaverslunin Lyfja var áður.**

**Að sögn lyfsalans, Öddu Birnu Hjálmarsdóttur, hefur Lyfja ákveðið að selja húsnæðið og það ætla nunnurnar að nýta sér.**

**Gert er ráð fyrir íbúðum fyrir nunnurnar á efri hæð og í kjallara hússins en kirkju og annarri aðstöðu á jarðhæð.**

**Adda Birna telur að húsnæðið henti nýju hlutverki vel en nunnurnar koma til Egilsstaða á vegum rómversk-kaþólskra kapúsínamunka sem stofnuðu munkaklaustur í Þorlákssókn á Kollaleiru í Reyðarfirði árið 2007, hið fyrsta á Austurlandi í 450 ár, eða síðan Skriðuklaustur lagðist af.**

**Aðeins eitt nunnuklaustur er nú starfrækt á Íslandi, en það er Karmel-klaustrið í Hafnarfirði, sem stofnað var á haustdögum 1940.** - shá

Kaupangur krefst mun hærri leigu en áður eftir að ríkið varð eigandi Pennans:

## Mál og menning undirbýr brottför

**VERSLUN** Starfsfólk bókabúðar Máls og menningar á Laugavegi 18 býr sig nú undir að yfirgefa húsnæðið sem verslunin hefur verið í síðan 1961. Að óbreyttu hættir verslunin þar í ágúst.

„Já, við erum aðeins farin að taka til inni á lager og erum að svipast um eftir nýju húsnæði,“ segir Elsa María Ólafsdóttir verslunarstjóri.

Eigandi hússins, Kaupangur, hefur krafist hærri leigu eftir að ríkið tók yfir rekstur búðarinnar. „Og við getum ekki verið með svo háa álagningu á bækur,“ segir Elsa. Hún viti ekki hvað komi í stað verslunarinnar. „Kannski á að opna nýtt diskótek, vantar ekki fleiri þannig við Laugaveg?“ spyr hún. Þetta sé áfall fyrir miðborgina. Elsa segist þó halda í vonina, að takist að semja við Kaupangur. Eigandi Kaupangs vill ekki ræða við fjölmiðla, enda er enn verið að semja.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segist vona að búðin, eins og aðrar verslanir við Laugaveginn, geti verið þar áfram. „Ég efast þó um að borgin geti haft aðkomu að þessu máli,“ segir hún.

Dagur B. Eggertsson, oddviti minnihlutans í borgarstjórn, segir erfitt að benda á mikilvægari verslun á Laugavegi. „Við munum kalla eftir heildaryfirliti um þessi mál í borgarráði til að sjá hvort borgin geti komið að þessu.“ Borgarráð fundar í dag. - kóþ


Er von á gestum?
Svefnsófadagar í júní





Betra BAK
Sjá nánar á www.betrabak.is

sbarro®
18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum
1990 kr.
Risa pizza
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

## SPURNING DAGSINS



*Guðríður, þarf að taka bókhaldslyklavöldin af Gunnari?*

„Já, það er bókað mál.“

Rannsókn endurskoðunarfyrirtækis á viðskiptum Kópavogsbæjar við fyrirtæki í eigu dóttur Gunnars Birgissonar bæjarstjóra leiddi í ljós að reikningar hafi oft verið bókaðir á ranga bókhaldslykla. Guðríður Arnardóttir er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Skýrsla dómsmálaráðuneytis um stöðu hælisleitenda og Dyflinnarreglugerðina:

# Sendum áfram til Grikklands

**FLÓTTAMENN** „Þarna kemur fram að við erum að haga þessum málum á skynsaman og yfirvegaðan hátt og eins og hin Norðurlöndin eru að gera,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar.

Nefndin fjallaði nýlega um skýrslu dómsmálaráðuneytisins um stöðu hælisleitenda í Grikklandi. Í henni kemur fram að „alvarlegir annmarkar“ séu á meðferð hælisumsókna þar og að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna leggist enn gegn því að flóttamenn séu sendir aftur til Grikklands. Hins vegar hafi aðstæður í Grikklandi skánað og í flestum tilfellum sendi Norðurlöndin aftur flóttamenn til Grikklands. Lagt er til að svo verði einnig gert á Íslandi, en að hvert tilfelli verði metið fyrir sig.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR



RAGNA ÁRNADÓTTIR

„Miðað við það sem ég hef séð af aðstæðum suður í Grikklandi kemur mér á óvart að menn ætli að fara þessa leið,“ segir Arnar Þór Jónsson, lögmaður sex hælisleitenda, sem segja líf sitt í hættu í Grikklandi. Þeir hafa flestir verið hér í meira en hálft ár.

„Og í ljósi þess hve lengi umbjóðendur mínir hafa verið hér á landi og hvað þetta mál hefur tekið langan tíma væri ábyrgðarhluti að senda þau aftur til Grikklands. Það er alls óvíst að Grikkir telji sig bera ábyrgð á þeim,“ segir Arnar Þór.

Skýrslan var unnin að frumkvæði Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. **- kóþ**

Nýjung í Bandaríkjunum:

# Krabbameinslyf fyrir hunda

**WASHINGTON, AP Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur gefið leyfi til framleiðslu lyfsins Palladia, sem er fyrsta lyfið sem ætlað er að meðhöndla krabbamein í hundum. Þar til nú hafa öll krabbameinslyf sem notuð hafa verið í dýralækningum verið þróuð fyrir mannfólk. Lög vestra heimila dýralæknum að nýta slík lyf undir ströngu eftirliti.**

**Palladia er framleitt af fyrirtækinu Pfizer Animal Health. Lyfið verður notað til að meðhöndla ákveðna tegund af krabbameini sem veldur einu af hverjum fimm tilfellum af húðæxlum í hundum. - kg**

Norður-Holland tapaði miklu:

# Fylkisstjórn sagði af sér vegna Icesave

**HOLLAND Stjórn hollenska fylkisins Norður-Hollands sagði af sér í heilu lagi í gærdag. Ástæðan er tap fylkisins af fjárfestingum, aðallega vegna Icesave-málsins.**

**Fylkið tapaði alls 98 milljónum evra, þar af voru 78 milljónir í Icesave og 20 milljónir vegna falls Lehman Brothers.**

**Rannsóknarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að fylkið hefði ekki farið eftir sínum eigin fjárfestingarreglum og því ákvað stjórnin að segja af sér. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem fylkisstjórn segir af sér í heilu lagi. - þeb**

Evrópumaður ársins:

# Benedikt talaði gegn flokknum

**EVRÓPUMÁL** Evrópusamtökin hafa valið Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóra og ritstjóra, Evrópumann ársins 2009. Benedikt var virkur í umræðunni fyrir alþingiskosningarnar í apríl og talaði fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn tæki upp þá stefnu að ganga ætti í Evrópusambandið.



BENEDIKT JÓHANNESSON

„Hann hefur sýnt þor með því að ganga gegn ríkjandi öflum í sínum flokki og ekki þá verið að huga að eigin frama í þeim efnum,“ sagði Anna Kristinsdóttir, varaformaður samtakanna, við verðlaunaafhendinguna.

Stjórn samtakanna var einróma í vali sínu. **- sh**

# Samherjar Gunnars vilja að hann hætti

**Meirihlutinn í Kópavogi stendur á brauðfótum. Framsóknarmenn vilja að Gunnar Birgisson víki úr bæjarstjórastólnum, eigi samstarfið að lifa. Samherjar Gunnars telja að hann eigi að taka hagsmuni flokksins fram yfir sína eigin.**

**KÓPAVOGUR** Framtíð meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi veltur á því hvort Gunnar Birgisson fæst til að hætta sem bæjarstjóri. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, tjáði Gunnari þetta á fundi þeirra í gærmorgun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Heimildir herma að framsóknarmenn í Kópavogi séu tilbúnir til að sættast á þá niðurstöðu að Gunnar standi upp úr bæjarstjórastólnum fyrir annan fulltrúa Sjálfstæðisflokksins en sitji þó áfram sem bæjarfulltrúi.

Gunnar hefur hins vegar þvertekið fyrir að það sé möguleiki og því eru miklar líkur á að upp úr samstarfinu slitni. Í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi vildi Gunnar ekki gefa út neinar yfirlýsingar en sagðist opinn fyrir því að setja á fót viðræðuhóp um málið milli stjórnarflokkanna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að aðrir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins séu alls ekki ánægðir með tugmilljónaviðskipti bæjarins við dóttur Gunnars frekar en aðrir bæjarfulltrúar. Niðurstöðurnar í skýrslu Deloitte frá því á þriðjudag skipti þar ekki höfuðmáli, enda þyki hún hroðvirknislega unnin. Það sé einfaldlega ekki siðferðislega rétt að dóttir bæjarstjórans vinni í svo ríkum mæli fyrir bæinn.

Samherjar Gunnars í bæjarstjórnarflokknum telja rétt að hann víki til að halda lífi í meirihlutanum, samkvæmt heimildum blaðsins. Hann sé hins vegar kjörinn fulltrúi og verði ekki vikið úr bæjarstjórn gegn vilja sínum. Auk þess hangi meirihlutinn á einum manni, sem þýðir að Gunnar getur látið af stuðningi við hann ef ákveðið verður að reka hann úr starfi bæjarstjóra. Boltinn sé því alfarið hjá Gunnari sjálfum.

Einn bæjarfulltrúa flokksins orðaði það þannig í samtali við blaðið að það væri djöfullegt ef Gunnar myndi taka sína persónu fram yfir flokkinn.

Fyrirhugað er að fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins fundi eftir helgi. Heimildarmaður blaðsins úr Sjálfstæðisflokknum segir að Gunnar hafi komið sínu fólki vel fyrir í fulltrúaráðinu og eigi vísan stuðning þar.

Fulltrúaráð Framsóknarflokksins í bænum mun hittast á fundi í dag. „Við munum mæla fyrir því að Sjálfstæðisflokknum verði gefið ráðrúm til að leggja fram lausn, sem við munum síðan taka afstöðu til,“ segir Gestur Valgarðsson, formaður framsóknarfélagsins í bænum. Engin tímamörk verði gefin fyrir það andrými en ljóst sé að lausn málsins þolir ekki langa bið.

**stigur@frettabladid.is**



**FALLVALTUR** Gunnar Birgisson hefur legið undir ámæli eftir að viðskipti bæjarins við dóttur hans komust í umræðuna. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

### LÖGBROT EÐA EKKI?

Í skýrslu Deloitte kemur fram að lög um opinber innkaup hafi hugsanlega verið brotin í viðskiptum bæjarins við Frjálsa miðlun, fyrirtæki í eigu dóttur Gunnars, þar sem ekki fór fram útboð vegna verkanna.

Ritari Kópavogsbæjar sendi Deloitte bréf í gær vegna málsins, þar sem fullyrt var að endurskoðunarfyrirtækið hefði farið rangt með, enda næðu umrædd lagaákvæði um opinber innkaup ekki til sveitarfélaga.

Fulltrúi Deloitte sendi svar um hæl, sagðist standa við það sem fram kemur í skýrslunni, og boðaði viðauka við skýrsluna með viðbótarrökstuðningi í dag.



**Á NEMENDASKRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS** Kristín fer yfir nemendafjöldann og Vilborg Norðdahl fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nemendaskráningu lokið:

# Metaðsókn í Háskóla Íslands

**MENNTUN** Aldrei hafa fleiri innritað sig í Háskóla Íslands, en 4.761 hefur skráð sig inn á næstu önn en það eru um 800 fleiri en skráðu sig á sama tíma í fyrra.

„Það er líka ánægjulegt að segja frá því að það er metaðsókn í lagadeild,“ segir Kristín Jónasdóttir, skrifstofustjóri á nemendaskrá. „Umsækjendur þar núna eru 441 sem er aukning um tæp hundrað manns. Þar að auki er kynjaskiptingin nokkuð jöfn sem er einnig afa ánægjulegt.“

Umsóknarfrestur rann út 5. júní síðastliðinn. **- jse**

**DÓMSTÓLAR**

### Skaðabætur og skilorð

Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að slá mann í andlitið í Þorlákshöfn. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu rúmar 211 þúsund krónur í skaðabætur.




Stórveldi koma sér saman um tillögur að aðgerðum gegn Norður-Kóreu:

# Frekari refsiaðgerðum beitt

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína, Rússland, Japan og Suður-Kórea hafa komið sér saman um tillögur að hertari refsiaðgerðum gagnvart Norður-Kóreu í tengslum við kjarnorkutilraunir hinna síðastnefndu. Þetta er gert til að greiða leiðina fyrir því að fá samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem fyrst.

Tillagan gerir ráð fyrir því að banna vopnasölu til Norður-Kóreu, takmarka fjármálaviðskipti landsins við umheiminn og frysta eignir fyrirtækja. Þá verða heimildir til að skoða skip á leið frá og til landsins rýmkaðar verulega. Í tillögunni kemur einnig fram að Öryggisráðið fordæmi kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu og krefjist þess að þeim verði hætt, landið fari eftir alþjóðasamningum um kjarnorkuafvopnun og leyfi Sameinuðu þjóðunum að framkvæma kjarnorkuskoðanir í landinu.

Fyrri refsiaðgerðir hafa haft lítil áhrif á fyrirætlanir Norður-Kóreu. Talið er að á næstu vikum verði ráðist í frekari tilraunir. Dagblað í Norður-Kóreu hefur greint frá því að landið muni líta á hvers kyns refsiaðgerðir af hálfu Öryggisráðsins sem stríðsyfirlýsingu og muni bregðast hart við öllu slíku. **- þeb**



**SUÐUR-KÓREA** Wi Sung-lac, embættismaður í Suður-Kóreu, fór til Kína til að ræða við utanríkisráðherra landsins um kjarnorkumál Norður-Kóreu. Löndin eru meðal þeirra sem settu fram tillögur um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
Blöðrur
Uppákomur
Jibbí jei!
FJÖLSKYLDUHÁTIÐ Í KRINGLUNNI
11. – 16. júní
Andlitsmálun
Tilboð
Skemmtun
Mán til mið 10–18.30, fim til fös 10–19, lau 10–18, sun 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 10.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,82 | 128,44 |
| Sterlingspund | 209,37 | 210,39 |
| Evra | 180,03 | 181,03 |
| Dönsk króna | 24,174 | 24,316 |
| Norsk króna | 20,356 | 20,476 |
| Sænsk króna | 16,723 | 16,821 |
| Japanskt jen | 1,3053 | 1,3129 |
| SDR | 197,45 | 198,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,658

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðallögfræðingur Alþingis telur doktor Sigríði Benediktsdóttur vanhæfa:

# Þætti mjög miður að hætta

**BANKAHRUNIÐ** „Það er ljóst að ég hefði ekki veitt þetta viðtal hefði mig grunað til hvers það gæti hugsanlega leitt. Í því sambandi vil ég benda á að ég hef enga reynslu af opinberu starfi sem þessu,“ segir dr. Sigríður Benediktsdóttir.

Þetta kemur fram í bréfi sem hún sendi forsætisnefnd, en Jónas Fr. Jónsson krefst þess að Sigríður víki úr rannsóknarnefnd Alþingis, eins og greint er frá í frétt hér að neðan.

Sigríður bendir á að hún hafi engan hag af því að komast að einhverri ákveðinni niðurstöðu í málinu, og því síður, starfsframa hennar vegna, að nýta gögn til að komast að hlutlægum niðurstöðum. Hún hafi unnið að verkefninu síðan 1. janúar. „Mér þætti mjög miður að þurfa að yfirgefa þetta starf,“ segir hún.

Aðallögfræðingur Alþingis, Ásmundur Helgason, telur í minnisblaði til forseta Alþingis að draga megi óhlutdrægni Sigríðar í efa, þótt hún tilgreini engan ákveðinn aðila í skólablaðsviðtalinu. Eftirlitsstofnanir með fjármálamarkaði séu fáar á Íslandi. Lögmaður Sigríðar hefur sent nefndinni gagnstætt álit.

Forsætisnefnd spurði svo dr. Ragnhildi Helgadóttur, sérfræðing í stjórnskipunarrétti, og Margréti V. Kristjánsdóttur lektor, álits á málinu. Í áliti þeirra segir að meiri vafi leiki á vanhæfi hennar en minnisblað aðallögfræðingsins gefi til kynna. **- kóþ**



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Fyrrum forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur krafist þess að Sigríður Benediktsdóttir víki úr rannsóknarnefnd, vegna viðtals í skólablaði.

Forseti Alþingis um vanhæfi:

## Nefndin á að vera sjálfstæð

**STJÓRNSÝSLA „Það er fullkomlega óeðlilegt að leggja hæfi sannleiksnefndar sem þessarar undir pólitískar nefndir Alþingis, sem hafa alls konar skoðanir,“ segir Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.**

**Um þá niðurstöðu, að láta rannsóknarnefndina sjálfa meta hæfi Sigríðar Benediktsdóttur, hafi verið einhugur í forsætisnefnd.**

**„En það eru auðvitað skiptar skoðanir meðal lögfræðinga. Samkvæmt áliti sem við létum gera segir að í lögum um rannsóknarnefndina sé lögð megináhersla á sjálfstæði hennar,“ segir Ásta. - kóþ**



**RYÐFRÍTT ÞIL** Framkvæmdir fara fram í sumar.

Köld barnalaug í Vesturbæ:

## Laugin verður heitari í haust

**ÚTIVIST „Þegar vetur gengur í garð mun fjölskyldufólk geta boðið börnunum sínum upp á hlýrri barnalaug,“ segir Kjartan Magnússon, formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Þil úr ryðfríu stáli verður sett upp í Vesturbæjarlauginni í sumar til að skilja að fullorðinslaug og barnalaug.**

**Í nokkurn tíma hefur verið kvartað yfir kulda í barnalauginni. „Laugarnar eru það lítið aðskildar að þegar hitinn er hækkaður barnamegin kvarta þeir fullorðnu,“ segir Kjartan.**

**Líklegt er að kostnaður við framkvæmdirnar verði um fimm milljónir króna. Lauginni verður lokað í nokkra daga meðan á þeim stendur. - kg**

## DÓMSTÓLAR

### Framvísaði vegabréfi annars

Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir að framvísa vegabréfi annars manns við komuna á Keflavíkurflugvöll. Hann játaði sök fyrir dómi.

### Kýldi mann og nefbraut

Átján ára piltur hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir líkamsárás á Reyðarfirði. Piltur-inn, sem er af erlendum uppruna, kýldi mann í andlitið og nefbraut hann.

# Undirbúa stóra úttekt á störfum Fjármálaeftirlits

**Formaður rannsóknarnefndar Alþingis hefur verið erlendis að semja við sérfræðinga til að gera úttekt á störfum FME. Hann tekur afstöðu til kvörtunar fyrrum forstjóra FME þegar gengið hefur verið frá þessu.**

**BANKAHRUNIÐ** Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsök bankahrunsins hefur verið erlendis síðustu daga að semja við sérfræðinga til að vinna að úttekt á störfum Fjármálaeftirlitsins (FME). Eins og kom fram í blaðinu í gær er einnig verið að skoða störf Seðlabanka Íslands.

„Við erum að verða klárir í sérstaka úttekt á FME og erum að leggja drögin að því. Það er afskaplega flókið að undirbúa svona stórt verkefni. Mikil gagnaöflun hefur þegar átt sér stað en nú er að koma í ljós hvenær við fáum erlendu sérfræðingana til landsins til að fara af stað með stikkprufur og úrtaksrannsóknir,“ segir Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar.

„Svona rannsóknir er einnig verið að gera í nágrannalöndum okkar, svo merkilegt sem það er. Við ætlum að nýta krafta fólks sem þegar er búið að gera þær og finna samanburðarhæfa fleti,“ segir Páll.

Meðal sérfræðinganna verði líklega Danir og Norðmenn, en nefndin er enn að skoða hversu fáa menn hún komist af með. Það verði ljóst í lok næstu viku og þá verður heim snúið.

Kvörtun Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra FME, verði tekin fyrir af nefndinni þá. Jónas hefur krafist þess að Sigríður Benediktsdóttir hagfræðingur verði látin víkja úr nefndinni vegna ummæla sem höfð voru eftir henni í skólablaði Yale-háskóla.

Þar sagði Sigríður að bankahrunið hefði meðal annars orðið vegna andvaraleysis stofnana sem áttu að setja fjármálafyrirtækjum reglur og tryggja fjármálastöðugleika.

„Það er búið að blása þetta mikið út,“ segir Páll. Ekki hafi verið ákveðið hvort Sigríður víki og enginn dragi í efa að hún sé yfirburða hagfræðingur. „Þetta snýst ekki um það, heldur hvort ummæli hennar hafi gert hana vanhæfa. Það er eina lagalega spurningin,“ segir Páll.

Af þeim sökum hafi málið verið sent forsætisnefnd Alþingis, sem komst „að þeirri óvæntu niðurstöðu að hún væri ekki bær til þess að skera úr um þetta“, segir Páll, sem telur að þeir sem skipi í nefnd, það er alþingismenn forsætisnefndar, eigi að skera úr um hæfi og vanhæfi, ekki nefndarmenn sjálfir.

Meðal þeirra sem hafa komið Sigríði til varnar eru Jón Steinsson og Gauti B. Eggertsson hagfræðingar. Þeir telja að ummæli hennar lýsi almennu viðhorfi flestra hagfræðinga í heimi. En hvað finnst Páli?

„Nú ert þú að spyrja mig spurningar sem ég yrði vanhæfur við að svara,“ segir hann. Hins vegar sé alls ekki rétt að meirihluti nefndarinnar hafi lagt að Sigríði að hætta. Það hafi einungis verið rætt sem einn möguleiki af mörgum, færi svo að hún yrði talin vanhæf.

klemens@frettabladid.is



**RANNSÓKNARNEFNDIN** Tryggvi Gunnarsson, Páll Hreinsson og Sigríður Benediktsdóttir sitja í rannsóknarnefnd Alþingis, sem skoðar orsakir bankahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## EINKAVÆÐINGIN

Rannsóknarnefnd Alþingis skoðar ákveðna þætti einkavæðingar bankanna. „Við skoðum forsendur þess að breytt var um stefnu stjórnvalda og ákveðið var að velja kjölfestufjárfesta. Spurningin er á hvaða grundvelli þetta var gert. Þarna voru spilin gefin um eignarhaldið, sem við erum síðan að skoða hvort hafi haft áhrif á þá atburði sem urðu,“ segir Páll Hreinsson.

## ENGIR ÚTRÁSARVÍKINGAR YFIRHEYRÐIR

Engir útrásarvíkingar hafa enn verið kallaðir fyrir nefndina, segir Páll Hreinsson, enda hafi þeir fæstir setið í stjórnum bankanna.

„Nei, það er ekki komið að þeim enn þá. Að því leyti sem við munum ræða við þá er það í lokin, þegar við erum komin með heildarmyndina á lánveitingum til þeirra. Endurskoðendasvið okkar er að vinna í því hörðum höndum og við þurfum að fá botninn í það áður en við getum fylgt því eftir. En því verður fylgt eftir í ákveðnum tilvikum sem við erum að sjá þar,“ segir Páll.

Hann vill ekki segja hverjir hafi verið kallaðir fyrir nefndina, „en við höfum fengið til okkar ráðherra, fyrrverandi ráðherra, þingmenn og bankastjóra, embættismenn úr stjórnarráðinu, Seðlabanka og víðar, þannig að það er allt í fullum gangi.“

## ENGAR ÁFANGASKÝRSLUR

Í lögum um rannsóknarnefndina var gert ráð fyrir að hún skilaði niðurstöðum í nóvember næsta, en gæti skilað áfangaskýrslum fyrr.

Páll segir verkefnið á áætlun, en fallið hafi verið frá hugmyndinni um áfangaskýrslur.

„Okkar niðurstaða var sú að þetta væri svo samtvinnað allt að það væri ekki hægt að kljúfa þetta niður með góðum hætti. Um leið og þú ferð að skoða eitthvað eitt þá þarftu að skoða hvað gerðu bankarnir og hver var stjórnunarstefna þeirra og þetta hangir á endanum allt saman. Þetta er svo nátengt.“






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

**GÓÐ HELGARSPÁ**

Lítilla breytinga er að vænta fram yfir helgina og verður áfram hægviðrasamt og yfirleitt úrkomulaust. Góðar líkur eru á bjartviðri um landið vestanvert á laugardag en það er útlit fyrir lítilsháttar skúraleiðingar norðaustan- og austan til.



Á MORGUN Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

LAUGARDAGUR Hæg norðlæg eða breytilega átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 24° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 19° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


GARÐPLÖNTU
TILBOÐ!
Sýpris
100 sm
999kr
Tráplöntu
tilboð
Gljámispill 499kr
Birkikvistur 799kr
Blátoppur 999kr
Fjallarós 999kr
Stjúpur
10 stk
799kr
SUMARBLÓM
NÝ SENDING!
Rafmagns- og
bensínorf í úrvali
Rafmagnsorf
verð frá
4.995
Bensínorf
verð frá
17.995
vnr:5086606
vnr:5084546
Nellikur
3 stk
999kr
Sólboði
499kr
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**KJÖRKASSINN**



*Á Gunnar Birgisson að segja af sér sem bæjarstjóri í Kópavogi?*

| | |
|---|---|
| Já | 84% |
| Nei | 16% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti dómsmálaráðherra að fara að kröfum Evu Joly um fjölgun sérstakra saksóknara?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Áfram í gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar á Grettisgötu:

# Blóðugir inniskór undir laki

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt tvær konur og karlmann til að sæta áfram gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar á Grettisgötu í byrjun júní. Til viðbótar sitja þrír karlmenn í gæsluvarðhaldi.

Þegar lögregla kom á vettvang var fyrir maður sem lá hreyfingarlaus í rúmi. Hann var alblóðugur og andlit hans bólgið og marið. Ekki var að sjá blóð í rúmfötunum svo talið er að maðurinn hafi verið lagður þar eftir að honum voru veittir áverkar.

Á vettvangi fann lögregla blóðuga inniskó undir laki í ruslatunnu, merkta tilteknu hóteli sem önnur kvennanna vann á. Þá voru víðs vegar blóðblettir á gangi sem liggur að herberginu sem maðurinn fannst í. Í herberginu sjálfu fannst meðal annars blóðugt júdó- eða karatebelti í vaskinum.

Við yfirheyrslur kom fram að einn þeirra sem eru í gæsluvarðhaldi hafi sagt vitni að hann hefði barið manninn því hann hefði stolið tuttugu þúsund krónum af debetkorti sínu.

Sá sem fyrir árásinni varð slasaðist mjög mikið. Við læknisskoðun sást blæðing inn á heila og heilahimnu, auk þess sem maðurinn var með heilabjúg.

Fólkið er allt frá Litháen.

- jss



**GRETTISGATA 43** Maðurinn sem ráðist var á hafði búið í húsinu en var fluttur þaðan.

Stjórnarformaður FME:

# Vill kynna sér störf formanns skilanefndar

**EFNAHAGSMÁL Stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Gunnar Haraldsson, ætlar að kynna sér störf Árna Tómassonar, formanns skilanefndar Glitnis, fyrir Alfesca, fyrirtæki í eigu Ólafs Ólafssonar, áður en hann tjáir sig um þau. Þar situr Árni í stjórn og mun þiggja um milljón krónur á mánuði fyrir.**

**Gunnar var spurður hvað honum fyndist um þetta og fengust fyrrgreind svör. Hann vildi heldur ekki tjá sig um stefnu FME almennt séð í slíkum málum.**

- kóþ


Ný lausn í heimabanka Byrs




Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**- það er fjárhagsleg heilsa!**



**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur í lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
- Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
- Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR


# Veiðiþjófar stálu frá barni við Hítarvatn

**Fyrsta fiskinum sem hinn fimm ára Nökkvi Stefánsson veiddi alveg sjálfur var stolið ásamt 30 öðrum silungum við Hítarvatn um helgina. Faðir Nökkva segir þá feðga alls ekki af baki dottna í veiðinni þótt á móti hafi blásið í þetta sinn.**

**STANGVEIÐI** „Það er með ólíkindum að fólk skuli leggjast svo lágt að stela aflanum frá öðrum,“ segir Stefán Árnason sem um síðustu helgi var ásamt fimm ára syni sinum við silungsveiðar í Hítarvatni.

Stefán og sonur hans, auk vinar Stefáns, dvöldu í tjaldi við Hítarvatn á Mýrum og veiddu rúmlega þrjátíu silunga yfir helgina. „Við veiddum meira en flestir og geymdum aflann í sterkum silungapokum út í læk,“ segir Stefán sem á sunnudagsmorguninn sendi Nökkvi litla son sinn að ná í aflann á meðan hann sjálfur var að ganga frá viðleguútbúnaðinum.

„Ég sé að hann var búinn að ná pokunum upp úr og var eitthvað að bisa við þá og að skima í kringum sig, greinilega að leita að einhverju. Ég fór til hans eftir nokkra stund og sá þá að pokarnir voru tómir og allir fiskarnir nema minnsti titturinn horfnir,“ lýsir Stefán sem kveður það öruggt að þar hafi veiðiþjófar verið að verki því að pokarnir hafi verið skornir upp með hnífi.

„Í pokanum var fyrsti fiskurinn sem hann Nökkvi veiddi alveg sjálfur, einn og óstuddur. Hann varð auðvitað hálfsúr en tók þessu samt eins og karlmaður og skipaði pabba sínum að finna þjófana,“ segir Stefán sem gerði nokkra leit að hugsanlegum þjófum og lét líka bóndann í Hítardal vita af því sem gerst hafði. „Hann var alveg gáttaður og sagðist aldrei hafa heyrt þvílíkt áður og lét lögregluna vita.“

Að sögn Stefáns var aðallega fjölskyldufólk við Hítarvatn um síðustu helgi. Hann hafi gengið milli manna og spurst fyrir um mannaferðir en enginn kannast við neitt óvenjulegt umrædda nótt og ekkert spurðist til þjófanna. „Þarna voru reyndar strákar sem voru svo fullir alla helgina að þeir gátu varla gengið. Einn fannst meira að segja áfengisdauður við vatnsbakkann þar hann svaf úr sér mest allan laugardaginn. Þessir piltar rifu upp tjaldið og voru horfnir eldsnemma á sunnudagsmorguninn.“

Þrátt fyrir þessa uppákomu segir Stefán son sinn síður en svo orðinn frábitinn veiðiskapnum. „Nei, alls ekki. Nökkvi er rétt að byrja og við erum ekki hættir.“

gar@frettabladid.is





**NÖKKVI STEFÁNSSON** Hreykinn fimm ára snáði með silung sem hann veiddi sjálfur í Hítarvatni. Veiðiþjófar stálu af honum fiskinum og skildu eftir aðeins einn titt í silungapokum Nökkva Stefánssonar og pabba hans. MYND/STEFÁN ÁRNASON

Lánasjóðssamningurinn undirritaður í dag en ekki af nemendum:

# Nemendur leggja á ráðin

**MENNTUN** „Við munum ekki skrifa upp á svona plagg,“ segir Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, fulltrúi stúdenta í stjórn LÍN, um lánasjóðssamninginn sem stjórn LÍN mun að öllum líkindum undirrita í dag. Þar er gert ráð fyrir að lánakjör stúdenta verði óbreytt.



**INGÓLFUR BIRGIR SIGURGEIRSSON**

Stúdentar eru afar óánægðir með það og því munu námsmannahreyfingarnar sem eiga sæti í stjórninni efna til samstöðufundar í dag klukkan fjögur á Austurvelli.

„Í fyrstu grein laga um LÍN segir: „Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.“ Við teljum þetta staðlausa stafi eins og komið er. Nám er að verða forréttindi fyrir þá efnameiri.“

Hann segir að námslán séu um 100 þúsund á mánuði, sem sé 50 þúsundum undir lægstu atvinnuleysisbótum og 30 þúsund krónum undir því sem skilgreind séu fátæktarmörk hjá Stéttarfélaginu Framsýn.

Hann segir að Katrín Júlíusdóttir menntamálaráðherra hafi sagt á opnum fundi með stúdentum, 16. apríl síðastliðinn, að námslán yrðu hækkuð í skrefum í átt að markmiðum Stúdentaráðs. „Við áttum þess vegna ekki von á þessum skrefum sem eru aftur á bak,“ segir hann.

- jse



**NEMENDUR VIÐ SKRÆÐURNAR** Háskólanám er að verða forréttindi hinna efnameiri segir Ingólfur.

ENNEMM / SÍA / NM38255




# FYRSTA STOPP

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í SMÁRALIND

Hvort sem þú ert á leið til útlanda eða ætlar að skoða þig um innanlands er tilvalið að hefja ferðalagið í Smáralind. Komdu við og náðu þér í útivistarvörur, grill, grillmat, drykki, ferðafatnað, ferðatösku, sólarvörn, sumarlesningu, sólgleraugu, sundföt og sandala og allt annað sem þú þarft til að njóta ferðalagsins.

Góða ferð – í Smáralind!

**Laugardagur 13. júní**

### SILVER-HÁTÍÐ Í VETRARGARÐINUM

- Hárgreiðslukeppni Silver hefst um kl. 14
- Þú færð tækifæri til að reyna að skora hjá Björvini Páli landsliðsmarkverði okkar Íslendinga
- Grínistarnir Jói og Atli senda út útvarpsþáttinn frá A til J beint frá Smáralind
- Björgvin, Logi, Jói og Atli dæma í keppninni ásamt einum þekktum gestadómara
- Gefnir verða miðar á landsleiki, Logi og Björgvin gefa áritanir, Silver-gelið verður til sölu
- Ýmislegt fleira skemmtilegt í boði fyrir gesti Smáralindar




OPIÐ Í DAG 11-19

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir sjávarútvegsráðherra?
2. Hver mun leika Jón Hreggviðsson í uppsetningu Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni?
3. Hvaða Íslendingur er kallaður Íslenska undrið af Good Morning America?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Sviku eða reyndu að svíkja út varning fyrir nær þrettán milljónir:

# Þjófagengi dregið fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Fimm manns á þrítugsaldri, fjórir karlmenn og ein kona, hafa verið ákærð fyrir að svíkja út eða reyna að svíkja út varning fyrir rúmlega þrettán milljónir úr sex verslunum á árunum 2007 og 2008.

Tveir mannanna og konan sviku út tölvuskjá, myndavél og tölvu, að verðmæti hátt á fjórða hundrað þúsund í verslun í Reykjavík. Mennirnir höfðu samráð um að annar þeirra hringdi í hinn, sem starfaði í versluninni, pantaði búnaðinn og léti skuldfæra hann á tiltekið fyrirtæki. Konan sá svo um að sækja góssið og kvitta fyrir með röngu nafni.

Þrír hinna ákærðu sviku svo eða reyndu að svíkja vörur út úr fjórum verslunum til viðbótar. Um var að ræða hljómflutningstæki, þrjátíu farsíma og fylgihluti, fartölvur, tölvur og kvikmyndatökuvél.

Enn fóru tveir úr hópnum á stúfana og reyndu að svíkja út tölvuleiki og fleira úr verslun fyrir tæpar 200 þúsund krónur. Í ofangreindum tilvikum reyndu mennirnir að falsa millifærslukvittanir eða svíkja vöruna út með ýmsum tilfæringum öðrum.

Tveir úr hópnum voru einnig ákærðir fyrir að hafa fíkniefni undir höndum þegar lögregla handtók þá. - jss



**TÖLVUBÚNAÐUR** Andvirði varningsins sem fólkinu tókst að stela nam tæplega 1,7 milljónum króna.

Kona sem starfaði á leikskóla:

# Ákærð fyrir kynferðisbrot

**BRETLAND Starfsmaður á leikskóla í Plymouth í Bretlandi hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum og að hafa búið til og dreift barnaklámsmyndum.**

**Hin ákærða er 39 ára gömul kona sem hefur starfað á leikskóla í að minnsta kosti tíu ár. Lögregla rannsakar nú málið. Leikskólanum var lokað eftir að konan var handtekin og er nú unnið að því að koma þeim 85 börnum sem þar voru fyrir annars staðar.**

**Leikskólinn verður lokaður áfram, og ekki er víst hvort hann hefji aftur starfsemi. - þeb**




# Hjálparstarfsmenn meðal fórnarlamba

**Bíll með yfir 500 kíló af sprengiefnum var sprengdur í loft upp við lúxushótel í Pakistan seint á þriðjudag. Átján eru látnir og margra enn saknað. Meðal hinna látnu eru hjálparstarfsmenn frá Sameinuðu þjóðunum.**

**PAKISTAN** Að minnsta kosti átján eru látnir eftir sjálfsmorðsárás á lúxushótel í Peshawar í Pakistan á þriðjudag. Að minnsta kosti 60 eru slasaðir, en talið er að tala látinna og slasaðra muni hækka. Verið er að leita að fleira fólki í rústum hótelsins. Hótelið er vinsælt á meðal erlendra ferðamanna og efnamikilla Pakistana, auk þess sem Bandaríkin skoðuðu að koma upp aðsetri ræðismanns þar.

Enginn hefur enn lýst sprengingunni á hendur sér, en pakistönsk stjórnvöld kenna talibönum um. Fjöldi sprenginga hefur orðið á svæðinu undanfarið, og þær hafa aukist eftir að átök hörðnuðu í Swat-héraði. Sprengingarnar eru svar talibana við hernaðaraðgerðum gegn þeim þar og annars staðar í norðvesturhluta landsins.

Árásin á þriðjudag er sögð mjög lík árás sem var gerð á lögreglustöð í Lahore í síðasta mánuði. Þeirri árás hafa talibanar lýst á hendur sér. Að minnsta kosti þrír árásarmenn réðust með byssur í gegnum öryggishlið og skutu á öryggisverði. Því næst var sendiferðabíll sem var fullur af sprengiefnum sprengdur á bílastæði. Talið er að yfir 500 kíló af sprengiefnum hafi verið í bílnum. Sprengingin jafnaði hluta hótelsins við jörðu.

Sameinuðu þjóðirnar hafa greint frá því að tveir starfsmenn þeirra séu á meðal hinna látnu og fjórir aðrir hafi særst. Flest hjálparstarfsfólk á vegum SÞ var flutt frá Pershawar til Islamabad í gær í kjölfar árásanna.



**VIÐ HÓTELIÐ** Sjálfboðaliðar við störf í rústum hótelsins Pearl Continental í Peshawar í Pakistan í gær. Verið er að leita að fólki í rústunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sama dag og árásin var gerð gerði pakistanski herinn árás á skæruliða í Bannu, sem er á milli tveggja af sterkustu vígum talibana. Um 70 þeirra létust.

thorunn@frettabladid.is







Fríhafnardagar
um helgina
TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 11.-14. júní afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 14. júní 2009.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

**Námsbraut á meistarastigi**

- Fjölskyldumeðferð

**Námsbrautir á grunnstigi**

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun

Vegna bilunar í vefvistunarkerfi dagana 2. til 5. júní komust umsóknir því miður ekki til skila.

Allir sem sóttu um nám hjá okkur þessa daga eru því vinsamlegast beðnir að hafa samband í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar :
sími 525 4444
endurmenntun.is

Borgarfulltrúi VG segir Ólaf F. borubrattan að tala um Fríkirkjuveg 11:

# Borgin tekur húsið ekki aftur

**REYKJAVÍK** „Borgin hefur enga lögsögu yfir þessum eignum. Ég fór í það strax í byrjun hrunsins að athuga þetta hjá borgarlögmanni og fleirum. Ríkið þarf að endurheimta þær, eða embætti sérstaks saksóknara,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG, um Fríkirkjuveg 11.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Hann segir Ólaf F. Magnússon borgarfulltrúa „ansi borubrattan“, þegar hann gagnrýni í blaðinu í gær að VG hafi ekki stutt tillögu Ólafs um að Björgólfi yrði boðið að skila eigninni án endurgjalds.

Hann rifjar upp að meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista hafi selt húsið Novator, fyrirtæki Björgólfs Thors Björgólfssonar athafnamanns.

„Ólafur F. sjálfur afhenti þessum mönnum lóðina og við það tækifæri sagði ég að hann lægi marflatur fyrir þeim. Þetta kemur því úr hörðustu átt,“ segir Þorleifur.

Nú bíði hann þess að „þessar eignir og margar aðrar verði teknar af þessum manni [Björgólfi] en við erum orðin langeyg eftir því“.

VG hafi verið eini flokkurinn í borgarstjórn sem hafi barist gegn sölu hússins. „En Ólafur F. var borgarstjóri á þessum tíma og talaði fyrir því. Svo notar hann þetta mál til að ráðast á okkur, ég skil það eiginlega ekki,“ segir Þorleifur.

- kóþ



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Reykjavíkurborg seldi þetta hús Björgólfi Thor Björgólfssyni og hefur það staðið autt og ónotað síðan.

# Keypti vörubíla fyrir gróða af fíkniefnum

**Athafnamaðurinn Sigurður Ólason er talinn hafa þvættað peninga í gegnum félagið Hollís, sem hann stofnaði með hollenskum og ísraelskum fíkniefnasölum. Sigurður tengist miklum fjölda annarra fyrirtækja hérlendis og á tugi fasteigna.**

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Ólason, sem situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að tengjast alþjóðlegum glæpahring, stofnaði í janúar fyrirtækið Hollís ásamt Hollendingi og Ísraela. Hann hefur síðan, í gegnum félagið, oftsinnis tekið á móti peningum frá mönnunum tveimur. Talið er að peningunum hafi verið varið til kaupa á vörubílum og vinnuvélum, og að um peningaþvætti vegna fíkniefnaviðskipta sé að ræða.

Ísraelinn, Erez Zizov, og Hollendingurinn, Ronny Verwoerd, hafa báðir verið handteknir á meginlandi Evrópu vegna málsins.

Ársæll Snorrason, vinur Sigurðar til fjölda ára, situr einnig í varðhaldi vegna málsins og er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins talinn vera tenging Sigurðar við mennina tvo. Hann hafi kynnst Hollendingnum þegar hann sat í fangelsi í Hollandi vegna fíkniefnasmygls fyrir nokkrum árum.

Lögreglan hefur hlerað síma sakborninga í málinu um langt skeið, að því er heimildir blaðsins herma.

Sigurður, sem er 54 ára, var handtekinn á skrifstofu sinni í fyrirtækinu R. Sigmundsson á mánudag. Hann er í stjórn félagsins og hefur þar aðsetur. Sigurður hlaut þriggja ára fangelsisdóm árið 2001 fyrir aðild sína að smygli á þrjátíu kílóum af hassi til landsins.

Þá er Sigurður skráður eigandi að minnst sextán öðrum fyrirtækjum, sem flest eru til heimilis að Suðurlandsbraut 6, eins og Hollís, eða að Tjaldanesi, heimili Sigurðar.

Sigurður er skráður stjórnarmaður í flestum fyrirtækjunum, prókúruhafi í stórum hluta þeirra og framkvæmdastjóri nokkurra. Hann hefur einnig verið skráður eigandi fjölda annarra fyrirtækja undanfarin ár sem nú hafa verið afskráð. Hann tengist enn fleiri fyrirtækjum sem stjórnarmaður, stofnandi og skráður endurskoðandi.

Sigurður, eða félög honum tengd, á tugi fasteigna í borginni. Sola Capital á til dæmis um tuttugu fasteignir og Funahöfði ehf. um tíu. Sigurður á meðal annars helmingshlut í Austurstræti 3, þar sem skyndibitastaðurinn Subway er til húsa. Hann keypti húsnæðið af Ásgeiri Þór Davíðssyni, kenndum við Goldfinger, árið 2007.

Einn til viðbótar er í varðhaldi vegna málsins. Sá heitir Gunnar Viðar Árnason og var handtekinn 22. maí eftir að nokkur kíló af hörðum fíkniefnum fundust í hraðsendingu, en sá fundur hratt málinu af stað. Zizov og Verwoerd eru taldir tengjast því smygli.

stigur@frettabladid.is



**SIGURÐUR ÓLASON** Sigurður var handtekinn á skrifstofu sinni í fyrirtækinu R. Sigmundssyni á mánudag. Hann sat þar í stjórn. MYND / STÖÐ 2



**ÓLJÓS UPPTÖK** Húsið skemmdist mikið í brunanum, aðallega að innan.

## TENGDIST HÚSBRUNA Á GRETTISGÖTU

Í nóvember 2007 kom upp eldur í tvílyftu timburhúsi við Grettisgötu. Engan sakaði í brunanum en rýma þurfti fjölda húsa í grenndinni. Húsið var í eigu Sigurðar.

Fram kom í fréttum í kjölfarið að mikið ónæði hefði verið af fólki sem hafst hefði við í húsinu. Það hefði verið í mikilli óreglu og ítrekað hefðu komið upp mál vegna fíkniefnabrota og þýfi og vopn gerð upptæk. Ekki var útilokað að um íkveikju hefði verið að ræða.

Í samtali við Vísi.is daginn eftir brunann sagðist Sigurður upphaflega hafa leyft óreglufólkinu að hafast við í húsinu gegn smávægilegri greiðslu, en síðan rekið það á dyr. Eftir það hafi hann og menn á hans vegum vaktað húsið og séð til þess að þar væri enginn. Spurður hvort hugsanlega hafi verið kveikt í húsinu vegna fíkniefnauppgjörs sagðist Sigurður ekki geta sagt til um það.





# Sumartilboðin í fullum gangi



TEMPUR

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

## Tempur Spring

Tempur Spring er ein mest selda heilsudýna landsins. Dýnan er uppbyggð með 5-svæða Chiro collection gormakerfi. Yfirlag dýnunar er 7+3cm þykkt Tempur efni - þar með býður dýnan upp á það besta úr báðum heimum, þ.e.a.s fjaðrandi undirlag og Tempur efni sem veitir fullkomna aðlögun.

**Tempur Spring heilsudýnan**

- 7cm Tempur yfirdýna - Chiro gormakerfi.
- 5 svæða heilsu- og hægindalag.
- Mótar sig að lögun líkamans.
- Val um leður og efnisbotna - í 3 litum.
- Þú þarft aldrei að snúa henni.

Tempur Spring rúm 160 cm

**Tilboð**
Nú aðeins !
**239.900**

Verð áður !
299.800

# Hver er þinn litur?

10-30% afsláttur



**Sjá nánar á www.betrabak.is**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**FRÉTTASKÝRING:** Ræktun utandyra á erfðabreyttu byggi

# Mun sprotinn særa fjallkonuna?

**Áform sprotafyrirtækisins ORF Líftækni um að hefja ræktun á erfðabreyttu byggi utandyra vekja sífellt fleiri til umhugsunar um þau áhrif sem slíkt gæti haft á náttúru, menn og dýr. Fræðimenn og leikmenn skipast í tvær fylkingar. Hér verður reynt að varpa ljósi á helstu sjónarmið beggja.**

Umhverfisstofnun hefur nú til meðferðar umsókn frá fyrirtækinu ORF Líftækni um að fá að hefja útiræktun á erfðabreyttu byggi í tilraunaskyni. Ef vel tekst til er ætlunin að rækta erfðabreytt bygg og vinna úr því sérvirkt prótein. Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri ORF, segir fyrirtækið ekki anna eftirspurn á vöru sinni og því þurfi að huga að framsæknum leiðum til að auka framleiðsluna.

En sitt sýnist hverjum um þessi áform. Ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur, sem er níu manna nefnd, var ekki sammála í afstöðu sinni um málið. Meirihlutinn mælti með því að leyfið yrði veitt en þeir Gunnar Á. Gunnarsson, félagsvísindamaður og framkvæmdastjóri, og Jón Á. Kalmansson heimspekingur skiluðu séráliti. Umhverfisstofnun hélt opinn kynningarfund um málið síðastliðinn þriðjudag og þar mátti glögglega heyra og sjá að vísindamenn sem og leikmenn skiptast í tvær fylkingar en sjónarmiðin eru margslungin sem skipa fólkinu í þær. Þyngstu áhyggjur þeirra sem eru á móti þessum áformum lúta að því að hið erfðabreytta bygg dreifist um íslenska náttúru með óafturkræfum afleiðingum.

Í lok fundarins var fulltrúum Umhverfisstofnunar afhent áskorun, árituð af rúmlega þúsund manns, um að synja ORF um leyfið. Að minnsta kosti tvær slíkar undirskriftasafnanir fara fram á fésbókinni.

### Segir álitamálin mörg

En þeir sem vilja ekki að Umhverfisstofnun veiti þetta leyfi, að minnsta kosti ekki enn, vilja einnig gjalda varhug við fleiru. „Þetta er mjög margþætt mál og ber að meðhöndla sem slíkt,“ segir Gunnar Á. Gunnarsson. „Vönduð meðferð á umsókn um sleppingu [ræktun utandyra] erfðabreyttra lífvera útheimtir það að þú farir í gegnum mat á mögulegri umhverfisáhættu, mögulegri heilsufarsáhættu, mögulegri blöndun viðkomandi lífvera og áhrif þeirra á líffræðilega fjölbreytni. Þar að auki þarf að meta siðferðileg og félagsleg álitamál svo ég vitni nú í fyrstu grein laga um erfðabreyttar lífverur.“ Segir hann nokkuð skorta upp á svo hægt sé að segja að þannig hafi verið staðið að málum við þessa umsókn.



**Í ERFÐABREYTTU BYGGI** Í hátæknigróðurhúsi fyrirtækisins ORF, Grænu smiðjunni svokölluðu í Grindavík, er verið að rækta erfðabreytt bygg. Nú vilja menn reyna það utandyra en ekki er hlaupið að því.

### Hefur þetta áhrif á plöntur, dýr og menn?

Hann segir enn fremur að rannsaka þurfi mun betur áhrif þessa erfðabreytta byggs sem ORF hyggst rækta utandyra. „Athygli sjálfstæðra vísindastofnana og vísindamanna erlendis er í auknum mæli að beinast að áhrifum erfðabreytingarferilsins sjálfs á þá sem neyta þessara afurða, hvort sem það eru dýr eða menn,“ segir hann. „Það telja margir vísindamenn að við erfðabreytingu verði til gífurleg röskun á genamengi viðkomandi lífveru með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þetta þarf að rannsaka betur. Síðast en ekki síst hafa verið settar fram gífurlega dramatískar fullyrðingar um það að þessi slepping muni ekki hafa nein áhrif á lífríkið, heilsufar dýra sem kunna að neyta plöntunnar eða þá menn, komist þetta í fæðukeðjuna. Þessar fullyrðingar eru því miður ekki rökstuddar með neinum vísindalegum tilraunum. Og þegar um svona viðamikla ákvörðun er að ræða á hikstalaust að krefjast þess að varúðarreglan gildi frá upphafi til enda.“

Jón Kalmansson segir í sínu séráliti að fyrst þurfi að fara fram opin og lýðræðisleg umræða um þetta viðamikla mál áður en hægt sé að taka ákvörðun um það. Segir hann hagsmunaaðila verða að þola þá bið meðan slík umræða fari fram.

### Sjö af níu nefndarmönnum telja öllu óhætt

En meirihluti nefndarinnar var ósammála þeim Gunnari og Jóni og vill veita leyfið. Eva Benediktsdóttir, formaður nefndarinnar, segir að vandlega hafi verið farið yfir mögulegar hættur. „Stór hluti af umsókninni er áhættumat þar sem umhverfis- og heilbrigðissjónarmið eru tekin fyrir,“ segir hún. „Og það mætti komast þannig að orði að þeir [ORF] séu bæði með belti og axlabönd gagnvart allri áhættu. Fyrir það fyrsta þá kemur byggið ekki til með að breiðast út, öll okkar þekking og öll okkar reynsla segir okkur það. Það getur ekki blandast við neitt í íslenskri náttúru og þar að auki berst fræið lítið um. Og hvað varðar þessi prótein sem rækta á í plöntunni, þá koma þau fram síðla sumars. Þau finnast í fræjunum og við vitum vel að þegar þeir uppskera fræin þá verður svolítið eftir af þessu próteini í jarðveginum en það teljum við ekki skipta neinu máli. Þetta er lítið magn og kemur ekki til með að skaða neinn. Við skulum ekki gleyma því að þetta prótein er víða að finna; það er í mjólk, svo dæmi séu tekin. Það finnst líka eðlilega í blóði og vefjum manna og dýra.“

Meirihluti nefndarinnar vill þó að tvö skilyrði verði sett við leyfinu sem gilda á í fimm ár. Þau eru að fram fari grenndarkynning á fyrirhugaðri tilraun og eins að ráðgjafarnefnd fái árlega skýrslu um framgang tilraunarinnar frá framkvæmdaraðilum og óháðum aðila á vegum Umhverfisstofnunar.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

### TIL HVERS Á AÐ RÆKTA ERFÐABREYTTA BYGGIÐ?

Erfðabreytta byggið, sem Orf vill fá að rækta utandyra, er eins og annað bygg nema að í því eru tvö ný gen í erfðamenginu og það getur framleitt sérvirkt prótein í fræjum sínum. Þetta sérvirka prótein, sem kallað er vaxtaþættir, er selt í litlum flöskum sem fastþurrkað duft. Það er notað í læknisrannsóknir, eins og stofnfrumurannsóknir, krabbameinsrannsóknir og rannsóknir í ónæmisfræði en einnig til að búa til líkamsvefi sem ræktaðir eru en síðan komið fyrir í sjúklingi. Það er einnig notað við framleiðslu á lyfjum.



OPNUNARPARTÝ Í DAG, Laugavegi 12

# Sumarverslun Símans

11.06.09 – 26.08.09

Ótrúleg opnunartilboð á hálftíma fresti milli kl. 15-18 í dag!

- Opnunarpartý, kl. 15-18 í dag
- FM957 verður á staðnum með beina útsendingu
- Lifandi tónlist í samstarfi við Tónlist.is
- Fram koma: Ingó Veðurguð, DJ Gísli Galdur Addi Trommari, Guðni Bassi og Haffi Haff
- Blöðrur og Símaís fyrir börnin
- Opnunarleikur: Kíktu við og settu uppáhaldslagið þitt í pott. Glæsilegir 3G símar í verðlaun

ENNEMM / SÍA / NM38221

# Landsle

## Stimplaðu þig inn

Taktu þátt í skemmtilegum leik á ferðalaginu í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt hjá þjónustustöðvum N1 um land allt, lærðu meira um landið þitt og fáðu skemmtileg verðlaun.

NÁÐU ÞÉR Í VEGABRÉF Á NÆSTU ÞJÓNUSTUSTÖÐ N1

N1
VEGABRÉF
SUMARIÐ 2009

NORÐURLAND
SUMARIÐ 2009

VESTURLAND
SUMARIÐ 2009



SUMARIÐ 2009

# ikurinn

## í sumarið með N1

Þú skilar svo inn fullstimpluðu Vegabréfi og átt kost á glæsilegum vinningi! Vertu með. Stimplaðu þig inn í sumarið með N1!



### Gjafir fyrir duglega stimplasafnara!

Safnaðu stimplum í Landsleik N1 og fáðu glaðning á næstu Þjónustustöð N1.



### Fjöldi glæsilegra vinninga!



1x

**FERÐ INNANLANDS FYRIR FJÖLSKYLDUNA**
Ferð fyrir 4: Flug, gisting, miðar í leikhús, gjafabréf út að borða, afnot af bílaleigubíl frá Avis og skotsilfur (Akureyri/Reykjavík).



3x **PLAYSTATION 3** leikjatölva



3x **GARMIN** staðsetningartæki í bílinn með Íslandskorti



3x **SEG DVD** ferðaspilari með 7" skjá

170 VINNINGAR!



10x **KODAK** EASY SHARE myndavél



10x **BROIL KING** PORTA-CHEF ferðagasgrill



10x **N1 INNKORT** 10.000 kr.



10x **FERÐASPIL** Spurt að leikslokum

10x **FJÖLSKYLDU ÁRSKORT** í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

10x **MÁLTÍÐ** fyrir alla fjölskylduna

100x **BÍÓMIÐAR** fyrir 2 í Sambíóin

## Útgjöldin

> meðalverð á þvottavél í maímánuði




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HALLA GUNNARSDÓTTIR, AÐSTOÐARKONA HEILBRIGÐISRÁHERRA

## *Gott rúm, ljót pils og vondir skór*



„Bestu kaup sem ég hef gert eru án efa rúmið sem ég fjárfesti í fyrir tæpum tveimur árum," segir Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. „Aðdragandinn að því var einfaldlega sá að ég var nýkomin heim frá Íran, þar sem ég hafði sofið á mjög misgóðu undirlagi í heilan mánuð. Það hefði mátt ætla að fyrsta nóttin í eigin rúmi yrði frábær en þvert á móti vaknaði ég öll skökk og skæld. Þá ákvað ég að kaupa nýtt rúm, og það almennilegt. Nætursvefninn varð betri og starfsorkan meiri!"

Halla kveðst hins vegar hafa gert „óþægilega mörg" slæm kaup um ævina, oftast tengd fötum. „Mér finnst skelfilega leiðinlegt að kaupa föt og verð stundum svo óþolinmóð að ég gríp það sem hendi er næst. Þannig hef ég keypt ófá pils sem mér finnst fín á að líta en fara mér illa eða þá að ég á ekkert til að vera í við þau. Ég á það einnig til að kaupa óþægilega skó með þeim rökum að þeir brúi þá að minnsta kosti bilið þar til ég finn almennilega skó. Vandinn er sá að ég geng mjög mikið og þá fara fæturnir oft að kvarta. Nú neyðist ég hins vegar til að snúa við blaðinu í þessum efnum, enda var læknirinn minn ekki lengi að finna skaðvaldinn þegar ég mætti til hans á dögunum kvartandi undan sársauka í öðrum fætinum."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### GEGN VONDRI LYKT

■ *Helga Braga Jónsdóttir leikkona er skynsöm þegar kemur að þrifnaði en lumar á góðu húsráði við vondri lykt.*



„Ég er nú voðalega dugleg í að halda húsinu hreinu og hafa hreint í kringum mig, kannski ekki spikk og span en þó hreint. Svo hef ég yfirleitt heitt á könnunni ef von er á gestum. En ég borða engan sykur svo það er ekkert bakkelsi í boði hjá mér. Svo leyfði ég vinum mínum að gista hérna eitt sinn og þau skildu eftir fisk í ísskápnum. Ég borða hvorki fisk né kjöt svo lyktin fannst mér ekki góð. Þannig ég þurfti að taka fiskinn úr og setja niðursneiddar sítrónur í vatni inn í ísskápinn til að drepa fýluna."

■ **Kreditkortafyrirtæki**

## Ódýrara kreditkort og mildari innheimta



Kreditkortafyrirtækið Kreditkort hf. hefur gefið út nýtt kort sem mun vera það ódýrasta á markaðnum. Kortið kostar 100 krónur á mánuði og það er án allra hefðbundinna ferðatrygginga og punktasöfnunar. Þá hefur fyrirtækið endurskoðað innheimtuferli sitt með tilliti til þess að vanskil hafa aukist. Stefnan er tekin á að gera innheimtuna mannlegri og auka þannig sveigjanleika og hægja á hörðum innheimtuaðgerðum.

■ **Þjónusta**

## Leigjendasamtökin endurvakin

Neytendasamtökin hafa vakið athygli á því á heimasíðu sinni að Leigjendasamtökin hafa verið endurvakin. Þar geta leigjendur leitað ráða, en ráðgjöf er í boði hjá samtökunum. Ráðgjöfin er í boði mánudaga, þriðjudaga og föstudaga milli 13 og 16 í síma 587-7730 og 897-0950, auk þess sem hægt er að senda tölvupóst á netföngin isle@simnet.is og tenant@simnet.is. Samtökin eru í samstarfi við lögmann sem tekur að sér leigjendamál og aðstoðar leigusala og leigjendur við samningsgerð, tryggingu og fleira.




| Tjaldsvæði | Fullorðnir | Unglingar |
|---|---|---|
| **1.** Ásbyrgi | 850 | |
| **2.** Akureyri | 700-900 | |
| **3.** Bakkaflöt Skagafirði | 800 | |
| **4.** Borgarfjörður eystri | 750 | |
| **5.** Breiðavík | 1.200 | |
| **6.** Flúðir | 850 | 400 |
| **7.** Fossatún í Borgarfirði | 700-900 | 400 |
| **8.** Hafnarfjörður | 900 | 450 |
| **9.** Heydalur, Mjóafirði | 700 | |
| **10.** Húsafell | 900 | 400 |
| **11.** Höfn í Hornafirði | 850 | |
| **12.** Kerlingafjöll | 1.200 | |
| **13.** Kirkjubæjarklaustur | 700 | |
| **14.** Landmannahellir | 800 | |
| **15.** Laugardalur í Reykjavík | 1.000 | |
| **16.** Seyðisfjörður | 600 | 400 |
| **17.** Stykkishólmur | 800 | |
| **18.** Skaftafell | 850 | |
| **19.** Úlfljótsvatn | 1.000 | |
| **20.** Vestmannaeyjar | 700 | |

# Tjaldgisting er ódýr og góður kostur fyrir fjölskyldufólkið

**Tjaldsvæði á landinu eru um 180 talsins og er búist við mikilli aðsókn í sumar, enda hafa utanlandsferðir dregist saman. Kostnaður við að tjalda er misjafn, meðal verð er um 850 krónur fyrir fullorðinn.**



**TJALDAÐ** Ferðamenn tjalda í Laugardalnum í Reykjavík en það er eitt af fimm stjörnu tjaldsvæðum Íslands.

Flestir Íslendingar ætla að ferðast innanlands þetta sumarið frekar en að fara til útlanda samkvæmt könnun sem gerð var nýlega. Flest hótel og sumarhús á landinu eru uppppöntuð en nóg er af tjaldsvæðum á landinu. Þau eru 180 talsins.

Fréttablaðið gerði stutta könnun á aðstöðu og verði á nokkrum tjaldsvæðum. Verð fyrir fullorðinn er á milli 600 til 1.200 krónur á mann en frítt fyrir börn. Á sumum stöðum er sérstakt gjald fyrir unglinga en á öðrum er borgað sama gjald og fyrir fullorðinn.

Tjaldsvæðin sem skoðuð voru bjóða öll upp á salerni, sturtur og heitt og kalt vatn. Á mörgum tjaldsvæðum er einnig eldunaraðstaða, grill, sími og þvotta- og þurrkaðstaða, oftast gegn gjaldi. Þá hefur færst töluvert í vöxt að tjaldsvæði bjóði upp á rafmagn og netþjónustu. Þá er stutt í sundlaugar og verslanir á flestum tjaldsvæðum. Það ætti því ekki að fara illa um neinn á íslenskum tjaldsvæðum í sumar.

„Við erum með gott leiksvæði fyrir börn, stærra en gengur og gerist. Fólk er ekki bara að kaupa sér svefnpláss og aðgengi að salerni, heldur gríðarmikla afþreyingu," segir Steinar Berg Ísleifsson, staðarhaldari að Fossatúni í Borgarfirði. Innifalið í verði er meðal annars nettenging, 18 holu minigolfvöllur og leikurinn Skriðkringla.

„Það sem gerir okkur sérstök er að þetta er heill dalur út af fyrir sig og engin önnur byggð í dalnum," segir Stella Guðmundsdóttir, staðarhaldari í Heydal í Mjóafirði. Í Heydal er að finna náttúrulaug sem talið er að Guðmundur góði hafi vígt og er allra meina bót að sögn Stellu.

„Það er kannski okkar helsta vandamál að þetta heitir Útilífsmiðstöð Skáta á Úlfljótsvatni. Margir halda að þetta sé eingöngu fyrir skáta, en þetta er opið almenningi allan sumartímann," segir Þorsteinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bandalags Íslenskra skáta. Innifalin í tjaldgistingu er veiði, rafmagn og sturta.

Hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um tjaldsvæði eftir landshlutum á vefsíðunum www.tjalda.is og www.tjald.is







## Viðarvörn nr. 1 á Íslandi




# Notaðu sumarið til að verja viðinn!

### Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

### Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

**Útsölustaðir Málningar:**

BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 16 **Velta:** 47 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
272 **+0,89%**

**OMX ÍSLAND 6**
739 **+0,97%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY AL.** | +11,79% |
| **BAKKAVÖR** | +4,55% |
| **ÖSSUR** | +1,86% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL FOOD S.** | -0,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,15 +4,55% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 54,50 -0,18% ... Össur 109,50 +1,86%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Krónan er með veikasta móti



**JÓN BJARKI BENTSON**



Gengi krónunnar veiktist um 0,75 prósent í gær og endaði í 234 stigum. Krónan hefur ekki verið veikari síðan í aðdraganda gengishrunsins í lok nóvember í fyrra þegar gjaldeyrishöftin voru sett á.

Yfirvofandi lokagjalddagi Seðlabankans á morgun á ríkisbréfum upp á sjötíu milljarða króna að viðbættum sex milljarða króna vöxtum, að mestu í eigu erlendra aðila, skýrir gengisþróunina. Ætla má að þrír milljarðar af vaxtagreiðslunum fari úr landi.

„Menn hafa haft áhyggjur af gjalddaganum en bæði veigra útflytjendur sér við því að selja gjaldeyri og innflytjendur kaupa hann til að verja sig fyrir frekari lækkun," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka. Hann bætir við að þótt Seðlabankinn hafi beitt sér á gjaldeyrismarkaði í talsvert meiri mæli en í fyrri mánuði til að spyrna við þróuninni virðist honum sem það dugi ekki til.

„Næstu dagar verða líklega erfiðir og jafnvel nokkrar vikur þangað til skýr mynd fæst af því hversu miklar vaxtatekjur hafa orðið eftir í landinu," segir hann. **- jab**

## Nýja úrvalsvísitalan óbreytt

Endurskoðun Kauphallarinnar á OMX Iceland 6 vísitölunni, sem gerð er tvisvar á ári, leiddi ekki af sér breytingar á samsetningu vísitölunnar. Sex fyrirtæki eru í vísitölunni, sem tekur við af OMX Iceland 15 úrvalsvísitölunni, en hún verður aflögð í sumar.

Endurskoðuð samsetning, en óbreytt, tekur gildi miðvikudaginn 1. júlí næstkomandi. Félögin sem eru í vísitölunni eru Alfesca, Bakkavör Group, Føroya Banki, Icelandair Group, Marel Food Systems og Össur.

OMX Iceland 6 er samsett af þeim sex félögum sem mest viðskipti eru með á NASDAQ OMX Iceland-markaðnum. **- óká**

## AGS hjálpar Hvítrússum

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og yfirvöld Hvíta-Rússlands hafa náð samkomulagi um aukna aðstoð vegna fjármálaerfiðleika landsins. Aðstoðin nemur 1 milljarði dala. Áður hafði Hvíta-Rússland fengið tæpa 2,5 milljarða dala í aðstoð frá AGS í janúar á þessu ári. Helstu ástæður þessarar auknu fjárveitingar má rekja til versnandi aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamarkaði og verri horfum innanlands. Rússland hafði einnig veitt Hvíta-Rússlandi 1,5 milljarða dala lán fyrr á árinu. Auk þess var tilkynnt um aðgerðir í peningamálum til að halda gjaldmiðlinum stöðugum og verðbólgu lágri.

Undanfarin ár hefur gengi rúblunnar verið leyft að fljóta innan ákveðinna marka. Í fréttatilkynningu AGS kemur einnig fram að slakað verði á þessum mörkum til að auðvelda aðlögun hagkerfisins. Gengi hvít-rússnesku rúblunnar var fellt um 20 prósent í upphafi árs í samræmi við samkomulag við AGS.

Útflutningur Hvíta-Rússlands hefur fallið mikið á þessu ári vegna samdráttar á evrusvæðinu og Rússlandi, helstu viðskiptalöndum landsins.

Eftir lánveitinguna er skuldastaða Hvíta-Rússlands 587 prósent af kvóta landsins við AGS. Sambærileg tala fyrir Ísland er 1.190 prósent. **- bþa**

## Svíar sækja í sjóð Evrópubankans

Sænski seðlabankinn fær lánaða þrjá milljarða evra frá evrópska seðlabankanum til að draga úr áhrifum fjármálakreppunnar og gera honum kleift að standa við skuldbindingar. Þetta jafngildir um 540 milljörðum króna.

Lánið er hluti af gjaldeyrisskiptasamningi sænska seðlabankans við evrópska bankann. Samkvæmt honum geta Svíar fengið allt að tíu milljörðum evra í skiptum fyrir sænskar krónur, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum í gær.

AP-fréttastofan bætir því við að skuldbindingar sænska seðlabankans nemi nú þegar hundrað milljörðum sænskra króna, svo sem vegna gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands, Lettlands og Eistlands auk lána í dölum til sænskra banka. **- jab**

# Aftur safnast í sjóði eftir hrun bankanna

**Afkoma lífeyrissjóðanna virðist viðunandi miðað við þróun erlendis segir Greining Íslandsbanka. Eign þeirrar rýrnaði um 18 prósent milli ára, en jókst hins vegar á milli mánaða.**

„Eftir mikla ágjöf í kjölfar bankahrunsins síðastliðið haust eru eignir lífeyrissjóðanna teknar að vaxa að nýju," segir í umfjöllun greiningar Íslandsbanka um nýbirtar tölur Seðlabankans úr lífeyrissjóðakerfinu.

Fram kemur á vef Seðlabankans að hrein eign lífeyrissjóðanna hafi í lok apríl verið 1.694 milljarðar króna og hafði hún hækkað um 42,3 milljarða í mánuðinum. „Sé miðað við apríl 2008 hefur hrein eign hins vegar lækkað um 80,2 milljarða króna eða 4,5 prósent. Sú lækkun skýrist að stærstum hluta af þeim miklu sviptingum sem áttu sér stað á íslenskum fjármálamörkuðum í október 2008," segir á vef Seðlabankans. Um leið er bent á að enn sé nokkur óvissa um endanlegt mat á eignum lífeyrssjóðanna.

Í vexti milli mánaða munar mest um erlenda verðbréfaeign lífeyrissjóðanna, en hún hækkaði um 41 milljarð króna í mánuðinum. Greining Íslandsbanka segir þar bæði koma til áhrif af verðhækkunum á erlendum mörkuðum og fimm prósenta veiking krónunnar. „Innlendar eignir, aðrar en sjóðir og bankainnstæður, lækkuðu hins vegar um níu milljarða króna í mánuðinum. Sjóður og bankainnstæður námu rúmum 157 milljörðum króna í apríllok, en frá áfallinu í fyrrahaust hafa lífeyrissjóðir kosið að varðveita verulegan hluta umsýslufjár síns með slíkum hætti," segir greiningardeildin.

Þá er bent á að þótt hrein eign sjóðanna að nafnvirði hafi rýrnað um 4,5 prósent þá sé 12 mánaða rýrnunin heldur meiri að teknu tilliti til verðbólgu, eða 18 prósent. Þá sé ávöxtun sjóðanna líklega talsvert rýrari en tölurnar gefi til kynna, þar sem iðgjöld séu mun meiri en útgreiðsla. „Til dæmis má nefna að árið 2007 námu iðgjöld umfram útgreiðslu lífeyris rúmum 93 milljörðum króna sem samsvarar um það bil 7,8 milljarða króna hreinu innflæði í mánuði hverjum."

Um leið bendir Greining Íslandsbanka á að þróun íslensku sjóðanna sé ekkert einsdæmi. Vitnað er til nýlegrar skýrslu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) um áhrif fjármálakreppunnar á lífeyrissjóði í aðildarlöndunum. „Var það mat stofnunarinnar að hrein eign sjóðanna í heild hefði rýrnað um tæp 20 prósent frá upphafi ársins 2008 til októberloka það ár. Í því ljósi má segja að staða íslensku sjóðanna sé viðunandi, enda hafa lífeyrissjóðakerfi annarra landa ekki þurft að glíma við að meirihluti innlendrar hlutabréfaeignar þurrkaðist út." **olikr@frettabladid.is**

**EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐA**

**Staðan í apríllok 2009**

| Eign | milljarðar króna |
|---|---|
| Sjóður/bankainnstæður | 157,4 |
| Útlán og verðbréf | 1.558,8 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 1.694,5 |



**Á FUNDI** Frá fundi fjármálaráðherra með Landssamtökum lífeyrissjóða í febrúar. Fremst situr Arnar Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





**Deuter Aircontact Pro**
Sá vandaðasti úr smiðju Deuter.
Frábært stillanlegt burðarkerfi.
Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.



**70+15 L**
**Verð: 39.990 kr.**
**60+15 L**
**Verð: 48.990 kr.**
**55+15 L**
**Verð: 41.990 kr.**

**Deuter Aircontact**
Margverðlaunaður bakpoki! Góður í lengri ferðir.
Vandað, stillanlegt burðarkerfi. Regnyfirbreiðsla.
Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.



**60+10 L**
**Verð: 29.990 kr.**
**65+10 L**
**Verð: 29.990 kr.**
**75+15 L**
**Verð: 32.990 kr.**



**Deuter Futura**
Okkar vinsælustu dagpokar! Með frábæru öndunarkerfi í baki. Regnyfirbreiðsla og ýmsar festingar. Fáanlegur í ýmsum stærðum.



**22 L**
**Verð: 16.990 kr.**
**28 L**
**Verð: 12.990 kr.**
**32 L**
**Verð: 19.990 kr.**

**Öll helstu merkin í bakpokum: TNF, Millet, Deuter, Osprey.**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 46559 06/09



RAFVÖRU MARKAÐURINN
GRILL & GARÐVÖRUR
LÁGVÖRUVERSLUN
Við Fellsmúla - Reykjavík
9995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR MAX 110 BAR
3495
SLÁTTUORF, RAFMAGNS 200W
6995
SLÁTTUORF, RAFMAGNS 500W
15.595
SLÁTTUORF, BENSÍN
13.895
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
Sumar TILBOÐ!
12.959
LAUFSUGA - BLÁSARI
2594
GAFFALL
2594
STUNGUSKÓFLA
999
GREINAKLIPPUR
732
GREINAKLIPPUR
233
GARÐKLÓRA
233
GARÐSKÓFLA
2495
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
7794
ÚÐABRÚSI 15L
ÚÐABRÚSAR FRÁ KR.1168
12.474
SJÁLFVIRKT SLÖNGUKEFLI 20M
466
GRILLSPAÐI
466
GRILLTÖNG
2995
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT MEÐ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
16.995
GASGRILL 2JA BRENNARA
4995
KOLAGRILL
310
GRILLSETT
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJARNAFÆÐI
LAMBAFILLET
FERSKT EÐA FROSIÐ
2698
K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSIÐ
2698 kr./kg.
798
K.F GRILL GRÍSALÆRISSNEIÐAR
798 kr./kg.
1078
LAMBA INNRALÆRI
K.S FROSIÐ
LAMBALÆRI
1078 kr./kg.
2698
K.S FERSK LAMBA INNRALÆRIS-STEIK
2698 kr./kg.
498
K.F GRILL GRÍSARIF BBQ
498 kr./kg.
Knobis
Garlic Slices
NÝ BAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
198
BÓNUS 3JA KORNABRAUÐ HEILT 198 kr.
359
FRIGOPAN HVÍTLAUKSBRAUÐ 15 SNEIÐAR 359 kr.
FRIGOPAN FROSIN SMÁBRAUÐ 15 STK 359 kr.
198
BÓNUS LANGLOKUR 4 STK 198 kr.
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 stk. 198 kr.
KARAMELLU / SÚKKULAÐI
GRANDOS
Cafe
GOLD
PEPSI
PEPSI MAX
Egils
APPELSÍN
LÍMONAÐI
Chocolate ch
cookies
E.S SÚK
Capri-Sonne
Orange
69
359
GRANDOS GULLKAFFI
SKYNDIKAFFI
100g 359 kr.
398
K.F KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 398 kr./kg.
CAPR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
898
ALI FERSKT GRÍSASNITSEL 898 kr./kg.
FERSKT ALI GRÍSAHAKK
Ali
Grísakjöt
GRÍSAHAKK
498
ALI FERSKT GRÍSAHAKK 498 kr./kg.
Feti
259
BÓNUS FETAOSTUR 250g
259 kr.
898
ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS 898 kr./kg.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Lasagne
798
BÓNUS FROSIÐ TILBÚIÐ LASAGNA
1 kg 798 kr.
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
129
E.S TÚNFISKUR VATN OG OLÍA
185g 129 kr.
Kartöflusalat
159
BÓNUS KARTÖFLUSALAT
350g 159 kr.
Bringur
298
BÓNUS FORSOÐNAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR 900g 298 kr.
FORSOÐNAR BÖKUNARKARTÖFLUR
298 kr./kg.
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
Hrásalat
149
BÓNUS HRÁSALAT 350G 149 kr.
SALAT FRÁ ÍTALÍU
129
KULAÐIBITA-KÖKUR 150g 129 kr.
SÝRÐUR RJÓMI
Capri-Sonne
359
I SONNE Orange /Safari 10 stk. 359 kr.
259
ÍTALSKT FERSKT SALAT 100g ÞRJÁR TEG 259 kr.
139
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 139 kr.
185 ML 10% & 18%
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt safn opnað í hverri viku:

## Ruglið í safnarekstri ríkisins

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Ríkisendurskoðun sendi skýrslu til Alþingis í maí um íslensk muna- og minjasöfn. Undirtitill skýrslunnar er Meðferð og nýting á ríkisfé, sem er ekki ranghermt. Fjármunir sem Alþingi höndlar með eru ekki fé ríkisins, heldur fé almennings. Skýrslan er gott veganesti fyrir þá nýkjörnu þingmenn sem þurfa að taka til í rekstri ríkisins, spara í stað þess að auka tekjur.

Í upphafi þessa árs störfuðu sextíu lista-, náttúru- og menningarminjasöfn í landinu. Ríkisendurskoðun notar orðið „fullburða“ um þau, sem er fjarri sanni. Fá þeirra eru fullburða, ef nokkurt. Þau eru öll í fjársvelti, enda of mörg og of lítil.

Ríkisendurskoðun segir þess utan vera 200 – tvö hundruð – safnvísa, setur og sýningar á sama sviði. Og þeim fer fjölgandi: úti um allt land er verið að búa til einhver gripasöfn sem menn telja vera ferðaþjónustu til framdráttar. Flest eru þau sprottin af söfnun einstaklinga eða félagasamtaka.

Til þessa málaflokks renna á þessu ári 1.600 milljónir, þar af tæplega helmingur til safna og stofnana sem ekki eru í ríkiseigu. Það er athyglisvert að úthlutun þessa fjár er að stærstum hluta í höndum fjárlaganefndar þingsins – 52%. Safnaráð deilir út 15%, menntamálaráðuneyti 23%, önnur ráðuneyti eru að dreifa til skjólstæðinga 8% og Húsafriðunarnefnd ríkisins 2%. Þess má geta að það er menntamálaráðuneyti sem á að annast þennan málaflokk í verkaskiptingu ráðuneyta. Drjúgur hlutur fjárlaganefndar í stýringu fjár til safna skýrist af hreppapoti og hagsmunagæslu og er ábyrgðin nefndarinnar. Þá er ábyrgðin ekki minni hjá menntamálaráðherrum síðari ára.

Þessi stefna ber í sér hentistefnu og skort á faglegum viðmiðum bæði í vörslu og sýningu. Hún dregur safnskipan í landinu niður á plan áhugamennskunnar og er öld á eftir vegna vankunnáttu og heimsku þeirra sem ábyrgð bera á málaflokknum. Hún sýnir algera forakt og vanþekkingu fjárveitingarvaldsins og opinberar almennt ábyrgðarleysi alþingismanna – bæði gagnvart eldri söfnum og starfi þar og eins gagnvart hlutverki safna – og þar með menningararfinum.

Ríkisendurskoðun tekur kurteislega fram að fjöldi safna hér – eitt safn á hverja tæplega 1.200 íbúa – sé í blóra við stefnu í nálægum löndum þar sem söfnum hafi skipulega verið fækkað með samruna; stærri söfn hafi gleypt hin smærri. Enda sér hver maður að þessi glundroði í safnarekstri er della og einungis afleiðing stefnuleysis stjórnvalda og ístöðuleysis þingmanna. Nú á að setja á fót sérstaka stofnun um þessi mál og þar með létta á starfsfólki menntamálaráðuneytis. Er það lausn á málinu? Enn ein stofnunin. Níu ráða pakki til þingsins ætti að hjálpa eitthvað til, en fróðlegt væri ef eldri þingmenn gætu uppfrætt okkur um hvernig það kom til að þessi fámenna þjóð taldi sig hafa efni á að reka öll þessi söfn, setur, sýningarsali og hvað það er kallað. Frú Katrín þarf sannarlega að taka til í sínum ranni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Opið í veitingahúsinu fimmtudags- föstudags- og laugardagskvöld frá 18-22
& í hádegi alla virka daga

Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga

Veisluþjónusta:
brúðkaup, erfidrykkjur, afmæli, skírn, fermingar ofl.

Fjölskyldufyrirtæki í 15 ár

Gallery fiskur
Opið í fiskbúðinni
mán - fös 10:00-18:30
lokað um helgar
www.galleryfiskur.is
Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sigríður klöguð**

Fjórir mikilsmetnir hagfræðingar rituðu tvær greinar í Fréttablaðið og Morgunblaðið í gær, þar sem þeir komu Sigríði Benediktsdóttur til varnar. Sigríður á sæti í rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið, en eins og kunnugt er klagaði Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Sigríði til Páls Hreinssonar, formanns nefndarinnar, eftir að hún lét þau orð falla í viðtali við bandarískt háskólarit að orsök fjármálakreppunnar væri „óhóflegt græðgi margra“ og „andvaraleysi eftirlitsstofnana“.



**Almenn og almælt**

Hagfræðingarnir Jón Steinsson og Gauti B. Eggertsson skrifuðu varnargrein fyrir Sigríði í Fréttablaðið í gær. Að þeirra mati voru fullyrðingar Sigríðar ekki grundvöllur vanhæfis, heldur bæði almenn og almælt tíðindi og lýstu viðhorfi „sem flestir hagfræðingar um allan heim deila“. Hagfræðingarnir Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga tóku hins vegar upp hanskann fyrir Sigríði á síðum Morgunblaðsins.

**Sakleysisleg en óheppileg**

Gylfi og Jón Daníelsson stiga hins vegar varlegar til jarðar en Jón Steinsson og Gauti. Þótt þeir tali vissulega máli Sigríðar fara þeir ekki leynt með að þeim þykir heldur verra að hún hafi látið áðurnefnd orð falla; þeir kalla ummælin „sakleysisleg en óheppileg“ og draga jafnvel í efa að rétt hafi verið eftir henni haft (þótt ekkert hafi komið fram sem bendi til þess) en bæta við að „flest allir Íslendingar gætu tekið undir“ þau. Það ber sem sagt örlítið á milli í túlkunum hagfræðinganna á orðum Sigríðar. Þeir fyrrnefndu segja flesta hagfræðinga í heimi geta tekið undir þau. Þeir síðarnefndu telja eingöngu flesta Íslendinga geta tekið undir þau.



bergsteinn@frettabladid.is

## Reynslusögur frá Rússlandi



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Minningar að austan

Þetta var nokkru eftir 1980. Ég var staddur í Leníngrað, hún hét því nafni þá þessi sögufræga og fallega borg austast við Eystrasalt, ég bjó á Hótel Pribaltiskaya, útlendingar voru yfirleitt hafðir þar í hæfilegri fjarlægð frá miðborginni. Ég fór ferða minna með leigubílum og spurði einn bílstjórann hvað ný Lada kostaði út úr búð. Hann sleppti stýrinu og slengdi tíu fingrum tvisvar upp í loftið. Ég hafði ekki hugmynd um, hversu mikils virði 20.000 rúblur voru, og kunni ekki við að spyrja bílstjórann um laun hans. Hótelið var mammútur að vexti, og ég veitti því athygli á barnum, að þar voru margar ungar stúlkur einar síns liðs, misföngulegar. Ein þeirra gaf sig á tal við mig, og ég fagnaði félagsskapnum: nú fékk ég færi á að afla mér gagnlegra upplýsinga um ástand og horfur, kaup og kjör. Það skipti engum togum, að stúlkan gat sagt mér allt, sem ég vildi vita um fjölda ísskápa í eldhúsum og stássstofum borgarinnar og annað slíkt. Hagvísar og félagsvísar um borgina og landið léku á vörum hennar. Þar kom, að ég spurði hana um launakjör háskólakennara. Áttu við lektor, dósent eða prófessor? spurði hún eldsnöggt á móti. Segjum prófessor, svaraði ég. Andsvar hennar fól í sér, að það tæki prófessor í Leníngrað sjö ár að vinna sér inn fyrir nýrri Lödu, og hann gerði ekki annað á meðan. Ég gat sagt mér það sjálfur, hvers kyns var með þessar stelpur þarna á barnum: þær voru þarna í viðskiptaerindum. Eða voru þetta kannski bara venjulegar stelpur að afla sér ókeypis enskuþjálfunar? Eða jafnvel útsendarar? Allt þrennt kannski?

Þegar ég kom aftur heim til Stokkhólms, bar ég þessa laufléttu lífsreynslusögu af barnum á Pribaltiskaya undir vinnufélaga minn, sem hafði lært rússnesku í sænska hernum. Hann var ekki lengi að leysa gátuna: hún hefði aldrei spurt lektor, dósent eða prófessor nema hún væri útsendari, sagði hann, því að ella hefði hún ekki kunnað gervalla launatöflu háskólans utan að. Nú þykknaði þráðurinn. Hvað gat útsendari yfirvalda hafa viljað mér í Leníngrað?

**Þetta er Moskva**

Nú rifjast upp fyrir mér annað atvik frá þessum árum. Ég sat á frostköldum janúardegi við skrifborðið mitt í Stokkhólmi djúpt sokkinn í útreikninga, nema síminn hringdi, og sem ég lyfti heyrnartólinu heyrði ég sagt: Þetta er Moskva. Ég sperrti eyrun. Hringjarinn hélt áfram: Prófessor Leonid Vitaliyevich Kantorovich, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, er fárveikur, hann þjáist af krabbameini í ristli, getið þér hjálpað? Rússneskir læknar gátu ekki hjálpað sjúklingnum, geislameðferð dugði ekki, og eina vonin var opinbert boð að vestan um spítalavist. Í lok ræðunnar kynnti hringjarinn sig sem prófessor í hagnýtri stærðfræði í Moskvuháskóla. Mér heyrðist frú Kantorovich sitja hjá honum við símann. Ég skrifaði niður númerið og óskaði þeim allrar blessunar. Þegar ég hafði nokkru síðar náð í yfirlækninn á krabbadeildinni á Karólínska spítalanum í Stokkhólmi og sagt honum söguna, reyndi ég að hringja í númerið í Moskvu til að gefa prófessornum skýrslu. Stúlkan við skiptiborðið í Stokkhólmi sagði, að eftir eina hringingu hefði símtólinu verið lyft í Moskvu og í það sagt djúpri röddu: Við áttum ekki von á símtali frá útlöndum. Við frekari eftirgrennslan á stöðinni í Moskvu kom fram, að eitthvað væri athugavert við númerið. Hvað þýddi það? Var síminn hleraður? Ég hringdi í forstöðumann Nóbelsstofnunarinnar í Stokkhólmi, þar eð hann hafði verið gestgjafi Leonids Kantorovich, þegar hann kom til Stokkhólms 1975 að taka við Nóbelsverðlaununum, og sagði honum söguna. Hann sagðist mundu athuga málið með aðstoð utanríkisráðuneytisins. Meira gat ég ekki gert. Ég þurfti að fara til Princeton daginn eftir, kenndi þar. Líður nú fram á vor. Einn fagran aprílmorgun við morgunverðarborðið úti í garði í glampandi sólskini opna ég New York Times og sé langa minningargrein um Leonid Kantorovich. Þegar ég spurðist fyrir um málið í Stokkhólmi, kom á daginn, að Svíunum hafði ekki tekizt að hafa upp á honum og ekki heldur prófessornum, sem hafði hringt í mig.

**Hjálparleysi**

Var þessi fátæklega tilraun mín til að hjálpa deyjandi manni í Moskvu orsök athyglinnar, sem ég naut á barnum á Pribaltiskaya? Sagan væri safaríkari, ef svo væri, en svarið er nei. Símtalið frá Moskvu barst 1987, Kantorovich lézt þá um vorið, nokkrum árum eftir þessa fyrstu heimsókn mína til Leníngrað. Og yngismærin talnaglögga? Kannski var hún bara svona vel að sér.

## Alræði eða lýðræði?

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson svarar Kristni H. Gunnarssyni



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Minn gamli félagi á Alþingi, Kristinn H. Gunnarsson, er ekki hrifinn af því að ég vilji breyta lögum um Seðlabanka Íslands og færa hann undir lýðræðislegt almannavald.

Að undanförnu hef ég gagnrýnt Seðlabankann fyrir að halda uppi vaxtastigi sem þrengir hættulega að skuldsettum heimilum og fyrirtækjum. Hef ég sagt að Seðlabankinn eigi að þjóna almannahag, ekki einvörðungu hagsmunum fjármagnseigenda. Á heimasíðu sinni segir Kristinn að ég sé heldur betur kominn í hring því á sínum tíma hafi ég gagnrýnt Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, fyrir að veitast að stofnunum sem sýndu sjálfstæði; stofnunum á borð við Þjóðhagsstofnun, sem beinlínis hafi verið lögð niður þegar hún hafi óhlýðnast framkvæmdarvaldinu. Er Kristinn búinn að hafa upp á ræðum sem ég flutti á Alþingi þar sem ég gagnrýndi þetta ráðslag.

Kristinn þyrfti að leggjast í meiri rannsóknir ef hann vildi fella sanngjarna dóma um minn málflutning. Oft gagnrýndi ég Þjóðhagsstofnun fyrir að sýna framkvæmdarvaldinu of mikla fylgispekt, ekki síst þegar telja átti kjarkinn úr launaþjóðinni í aðdraganda kjarasamninga. Ég hafði með öðrum orðum gagnrýnt Þjóðhagsstofnun fyrir að rísa ekki undir því hlutverki sínu að gefa óhlutdrægar og raunsannar upplýsingar. Þetta var hennar hlutverk.

Seðlabankinn hefur vissulega það hlutverk með höndum að veita upplýsingar en hann er jafnframt framkvæmdaaðili. Að þessu leyti er hann frábrugðinn Þjóðhagsstofnun í grundvallaratriðum. Hann handstýrir vaxtastiginu í landinu! Vextir eru sem kunnugt er beintengdir inn í hagsmuni þeirra sem eiga fjármagn og hinna sem eru skuldsettir. Þegar í ljós kemur að hagsmunir hinna skuldsettu eru fyrir borð bornir að flestra manna dómi þá þurfum við sem samfélag að geta gripið í taumana. Það er kallað lýðræði. Er ekki komið nóg af alræði peningavaldsins?

*Höfundur er heilbrigðisráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

www.ellingsen.is

# Gisting í einkasvítu
## frá Fleetwood Santa Fe



## Tilboð

**Lúxus-aukahlutapakki að verðmæti 305.000 fylgir!**

- Sólarsella + stjórnstöð 80w
- Þakskyggni
- Farangurspoki
- Auka gaskútur og tilheyrandi
- Ljós með viftu
- Speglahilla

**Verð m/ aukahlutapakka** 2.195.000 kr.
**Heildarafsláttur m/aukahlutapakka** 500.000 kr.

Tilboðsverð **1.695.000 kr.**

FLEETWOOD

10 fet




### Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

### Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| • Árgerð | 2008 |
| • Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| • Heildarlengd | 508 cm (10 fet) |
| • Heildarbreidd | 226 cm |
| • Hæð að innan | 203 cm |
| • Eigin þyngd | 805 kg |
| • Heildarþyngd | 1356 kg |

**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16**

**AKUREYRI**
**Söluaðili: BÍLASALA AKUREYRAR**
**Freyjunesi 2 • 603 Akureyri • sími 461 2533**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# Vei yður, þér hræsnarar

**UMRÆÐA**
Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um IceSave-málið


JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Hvað svo sem mönnum finnst um samningsniðurstöðuna í Icesave-málinu, þá er eitt víst: Stjórnarandstöðuflokkarnir, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn, ættu síst af öllum að þykjast þess umkomnir að gagnrýna núverandi ríkisstjórn, hvað þá heldur núverandi fjármálaráðherra, Steingrím J. Sigfússon, fyrir að hafa haldið illa á málum eða fyrir að hafa lagt drápsklyfjar á þjóðina að ósekju.

Þegar menn gera upp hug sinn um samningsniðurstöðuna er nauðsynlegt að hafa í huga eftirfarandi aðalatriði málsins:

### Ábyrgð ríkisins

**1.** Hver var ábyrgð ríkisins lögum samkvæmt? Með neyðarlögunum sem samþykkt voru á Alþingi 6. október, 2008, tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, undir forystu Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fulla og ótakmarkaða ábyrgð á sparifjárinnistæðum íslenskra banka. Þetta var gert til að afstýra „run on the banks“, þ.e. til að koma í veg fyrir að sparifjáreigendur myndu tæma bankana. Þessi lög giltu um alla íslensku bankana og þ.m.t. útibú þeirra, hvar svo sem þau voru staðsett. Hafi nokkur vafi leikið á um ábyrgð ríkisins á sparifjárinnistæðum í íslenskum bönkum áður, þá var þeim vafa eytt að fullu og öllu með neyðarlögunum.

### Ómarktæk lagaskýring

**2.** Jú, en hafa ekki nafngreindir íslenskir lögfræðingar fullyrt, að skv. EES-samningnum takmarkist ábyrgð ríkisins við þá upphæð sem er að finna í tryggingasjóði innistæðueigenda? Þessi lagaskýring er vægast sagt ómarktæk, þ.e.a.s. þeir aðilar fyrirfinnast ekki innanlands né utan, sem taka mark á henni. Sá dómstóll er heldur ekki fyrirfinnanlegur, sem myndi taka mark á svona rökstuðningi. Ástæðurnar eru margar, en þessar helstar: Reglur Evrópusambandsins (sem einnig gilda á EES-svæðinu) kveða á um innistæðutryggingu sparifjáreigenda að upphæð 20.887 evrur. Einstök aðildarríki mega ganga lengra, en þetta er lágmark.

Sú ófrávíkjanlega grundvallarregla gildir innan Evrópusambandsins, að óheimilt er með öllu að mismuna einstaklingum eða lögaðilum á grundvelli þjóðernis. Á þessu leikur ekki minnsti vafi. Að settum neyðarlögum var það því frá upphafi hafið yfir allan vafa, að íslenska ríkið væri ábyrgt fyrir sparifjártryggingu íslenskra banka, hvar svo sem þeir væru starfandi. Það hefur aldrei leikið nokkur vafi á þessu grundvallaratriði. Forstöðumönnum Landsbankans og íslenskum stjórnvöldum var þetta fullkomlega ljóst frá upphafi.

### „Ófyrirgefanleg“ ákvörðun

**3.** Hvernig lítur málið út, ef við reynum að setja okkur í fótspor breskra og hollenskra sparifjáreigenda? Þá er ljóst að fórnarlömbin í málinu eru breskir og hollenskir sparifjáreigendur og íslenskir skattgreiðendur. Skúrkarnir í málinu eru ótvírætt bankastjórar og bankaráðsformenn Landsbankans. Ólafur Arnarson hagfræðingur, höfundur bókarinnar Sofandi að feigðarósi, segir um þetta mál eftirfarandi:

„Geir H. Haarde sagði í samtali við undirbúning bókarinnar, að fyrirkomulag Icesave-reikninganna og sú töf sem varð á að koma þeim yfir í dótturfélag, sé eitthvert mesta böl, sem íslensk stjórnvöld hafa nokkurn tíma þurft að glíma við. Það hafi verið ófyrirgefanlegt af hálfu Landsbankans að opna Icesave-reikninga sína í útibúi í Bretlandi. Það hafi ekki verið tilviljun, heldur hafi að baki legið fyrirætlanir um að geta notað þá peninga, sem kæmu inn í Icesave, rétt eins og þeir kæmu úr íslensku útibúi.“

Þeir menn sem tóku þessa „ófyrirgefanlegu“ ákvörðun að mati fyrrverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins eða bera ábyrgð á henni, heita: Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjórar; og Björgólfur Guðmundsson og Kjartan Gunnarsson, formaður og varaformaður bankaráðsins.

### Léleg samningsstaða

**4.** Hvers vegna hafa stjórnvöld ekki lagt öll spilin á borðið í þessu máli? Ábyrgð ríkisins í formi innistæðutryggingar vegna Icesave að upphæð 650 milljarðar króna lá fyrir, þegar á næstu dögum eftir hrun Landsbankans. Upphæðin hefur ekkert breyst. Hvað hefur náðst fram með átta mánaða samningaþófi? Við mat á því ber að hafa í huga, að ríkisstjórn Geirs Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hafði samþykkt ábyrgð íslenska ríkisins á sparifjárinnistæðum hollenska Icesave og fallist á lántöku í því skyni með 6,7% vöxtum til tíu ára. Þetta spillti samningsstöðu Íslands stórlega.

> *Að settum neyðarlögum var það því frá upphafi hafið yfir allan vafa, að íslenska ríkið væri ábyrgt fyrir sparifjártryggingu íslenskra banka, hvar svo sem þeir væru starfandi. Það hefur aldrei leikið nokkur vafi á þessu grundvallaratriði.*

### Það sem hefur áunnist

**5.** Með samningsniðurstöðunni nú hefur eftirfarandi áunnist: Lánstíminn verður 15 ár; sjö fyrstu árin verða afborgunarlaus; á þessu árabili lækkar höfuðstóllinn eftir því sem eignum Landsbankans í Bretlandi verður komið í verð; á meðan ber höfuðstóllinn 5,5% vexti. Væntanlega má endurfjármagna eftirstöðvarnar á árunum 2016 til 2024 á hagstæðari kjörum. Það er áhætta sem Íslendingar taka og enginn kann að meta af raunsæi á þessari stundu.

### Veigamiklar spurningar

**6.** Eftir standa veigamiklar spurningar, sem stjórnvöld verða að skýra betur fyrir almenningi. Seðlabankar heimsins hafa í ríkjandi kreppuástandi keppst við að lækka stýrivexti. Stýrivextir Bank of England eru að nálgast núllið. Útistandandi eignir Landsbankans (lánasöfn?) í Bretlandi, þau sem eru vaxtaberandi, bera væntanlega vexti í samræmi við þetta. Hvers vegna náðust þá ekki fram lægri vextir á höfuðstól lánsins, þegar þess er líka gætt, að lánið ber ríkisábyrgð? Lánshæfismat íslenska ríkisins er að vísu ekki beysið núna, en við erum að tala um afborganir eftir 8-15 ár. Ber að skilja þetta vaxtastig sem vantraust á framtíðarhorfur Íslands? Og varasamt fordæmi? Er ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir áætluðu eignaverðmæti Landsbankans?

Hversu raunsætt er áhættumatið sem að baki býr um að eignir geti að lokum staðið undir allt að 90% þessara skuldbindinga? Ef rétt er að Bretar hafi heitið stuðningi við öflun upplýsinga um faldar eignir í skattaparadísum undir breskri vernd í Karíbahafi, var þá ekki líka ástæða til að leita aðstoðar breskra yfirvalda við að leggja hald á eignir eigenda Landsbankans í öðrum félögum, sem skráð eru í breskri lögsögu? Íslenskir skattgreiðendur eiga kröfu á að fá svör við spurningum af þessu tagi.

*Höfundur var fjármálaráðherra árin 1987-1988. Sjá ítarlegar á heimasíðunni jbh.is*

# Vegna umfjöllunar um LifeWave-plástrana

**UMRÆÐAN**
David Schmidt skrifar um LifeWave-plástra

Bréf þetta er svar við blaðagrein sem nýlega var birt í íslensku dagblaði þar sem ráðist var bæði að minni persónu og á LifeWave-fyrirtækið, aðallega með tilvitnun í ummæli Magnúsar Jóhannssonar prófessors.

Í fyrsta lagi er blaðagreinin skrifuð á meinfýsinn hátt og eru engar sannanir lagðar fram á þeim fullyrðingum sem Magnús setur fram. Þess í stað veitir Magnús „álit“ sitt, sem ekki vegur þungt þegar kemur að vísindum. Eins og Magnús veit byggjast vísindi á staðreyndum, rannsóknum og fræðistörfum. Mér kemur á óvart að maður sem stærir sig af því að vera sjálfskipað yfirvald í þeim efnum skuli virða að vettugi svo ófrávíkjanlegt lögmál.

Í öðru lagi hefur LifeWave nú verið starfandi í sjö ár. Hvernig gæti fyrirtæki starfað svo lengi án þess að bjóða upp á lögmæta vöru? Sannleikurinn er sá að vörur LifeWave hafa þau áhrif sem lýst er í auglýsingum. LifeWave heldur reglulega fundi fyrir almenning um allan heim til að kynna IceWave-verkjaplástrana. Dæmigerð kynning fer þannig fram að einhverjum fundargesta sem finnur fyrir verkjum er boðið að prófa vöruna og lýsa áhrifunum um leið og hann finnur þau. Dæmigerður árangur er 50% eða meiri linun verkja á tveim til þrem mínútum.

Í þriðja lagi er ég sakaður um að vera loddari og að fara huldu höfði. Það er fjarri sanni. Yfirlit um starfsferil minn er aðgengilegt á vefsíðu LifeWave og segi ég þar opinskátt frá reynslu minni og vinnu síðastliðin tólf ár fyrir bandaríska herinn. Einnig má nefna að forstjóri LifeWave-fyrirtækisins er hershöfðinginn Teddy Allen (sem kominn er á eftirlaun hjá hernum). Hann hefur verið sæmdur ótal heiðursmerkjum sem segir sína sögu um störf hans fyrir herinn. Það er honum að þakka að LifeWave-plástrarnir eru nú notaðir af hermönnum við störf í Bandaríkjunum. Allen hefði, sem þriggja stjörnu hershöfðingi á eftirlaunum, getað valið að starfa hjá hvaða fyrirtæki sem var, en hann valdi að starfa með LifeWave.


DAVID SCHIMDT

Í fjórða lagi fór LifeWave að njóta eftirtektarverðrar velgengni í Bandaríkjunum árið 2004 þegar bandaríska ólympíuliðið í sundi notaði LifeWave-orkuplástrana í því skyni að bæta enn frekar árangur sinn. Eftir að hafa fylgst með árangri íþróttamannanna með LifeWave ákvað Richard Quick, sem var þjálfari bandaríska ólympíuliðsins í sundi á sex Ólympíuleikum, að ganga til liðs við LifeWave-fyrirtækið. Quick er einn virtasti sundþjálfari heims. Maður með hans bakgrunn getur valið að starfa hjá hvaða fyrirtæki sem er. Hann hefur valið að vinna með LifeWave.

Í fimmta lagi hefur LifeWave unnið staðfastlega að því síðastliðin sjö ár að sanna gildi vörunnar með bæði klínískum og vísindalegum rannsóknum. Við höfum leitast við að eiga samstarf í rannsóknum eingöngu við virta sérfræðinga. Sem dæmi má nefna að dr. Dean Clark, læknir bandaríska ólympíuliðsins í sundi og viðurkenndur sérfræðingur á vettvangi læknisfræðilegra innrauðra myndgerða, hefur stjórnað klínískum rannsóknum á LifeWave-plástrunum síðastliðin fjögur ár. Dr. Clark hefur kynnst af eigin raun gildi LifeWave og hann kynnti LifeWave fyrir íþróttamönnum og læknum á Ólympíuleikunum í Peking. Dr. Clark gæti valið úr fyrirtækjum til að starfa hjá en hann hefur valið að vinna með LifeWave.

LifeWave heldur ráðstefnu í París laugardaginn 20. júní. Hér með býð ég Magnúsi Jóhannssyni að eiga fund með mér, dr. Dean Clark og dr. Steven Haltiwanger. Magnús mun fá tækifæri til að ræða við fólkið á bak við LifeWave og kynna sér þær rannsóknir sem gerðar hafa verið. Ég býð Magnúsi að endurvinna klínískar rannsóknir okkar og greina frá niðurstöðunni í vísindaritum. Eins og hann veit er það eðlilegur farvegur.

Til viðbótar eru nokkrar staðreyndir:

**1)** LifeWave-plástrar eru skráð söluvara á Íslandi lögum samkvæmt sem tæki til punktaþrýstings (e. acupressure).

**2)** IceWave-verkjaplástrar eru viðurkennt meðferðartæki á Íslandi.

**3)** Í Bandaríkjunum eru LifeWave-plástrarnir skrásettir hjá Lyfja- og matvælaeftirlitinu (United States Food and Drug Administration).

**4)** LifeWave-plástrarnir virka sem tæki til punktaþrýstings (sem útskýrir hvers vegna fylgir þeim „perla“ til að beita mildum þrýstingi á húðina meðan á notkun stendur).

**5)** Áætlaður fjöldi þeirra sem nýta sér punktaþrýsting/nálastungur sem fyrsta kost til að vernda heilsuna er 1,8 milljarðar um allan heim.

**6)** Punktaþrýstingur/nálastungur eiga sér 5.000 ára sögu sem einkennist af öryggi og góðum árangri.

**7)** Þótt aðferðir við punktaþrýsting hafi verið umdeildar viðurkenna heilbrigðisstofnanir um allan heim að punktaþrýstingur sé heilsubætandi meðferð sem nær fram sértækum áhrifum.

**8)** Þúsundir klínískra rannsókna sýna fram á gildi punktaþrýstings til að ná árangri á borð við aukna orku, minnkandi verki, bættan svefn, stjórn á matarlyst og hægari öldrun. Sjá má niðurstöður nokkurra rannsókna á sviði punktaþrýstings á vefsíðu okkar, http://www.lifewave.com/research.asp.

**9)** Magnús Jóhannsson segir að engar sannanir séu fyrir virkni plástranna. Klínískar rannsóknir á vefsíðu LifeWave (http://www.lifewave.com/research.asp) sýna fram á bæði öryggi og virkni LifeWave-plástranna. Þess má geta að hægt er að greina lífræn rafboð plástranna á örfáum mínútum með margs konar þekktum aðferðum við greiningartækni svo sem Acuscope, EIS, innrauðum myndum og HRV.

**10)** LifeWave hefur starfað frá júlí 2002. Hundruð þúsunda manna um allan heim hafa síðan þá kynnst af eigin raun kostum LifeWave-plástranna. Á kynningarfundum um LifeWave-verkjaplástrana (IceWave) er varan prófuð á einhverjum fundargesti sem vill taka þátt. Dæmigerður árangur er 50% til 100% linun verkja á tveim til þrem mínútum.

**11)** Eins og sjá má á vefsíðu LifeWave nota mörg hundruð íþróttamenn um allan heim, atvinnumenn og ólympíufarar, LifeWave-plástrana vegna þess að þeir hafa komist að því að LifeWave gefur þeim forskot án skaðlegra lyfja eða örvandi efna. http://www.lifewave.com/inthenews.asp

**12)** LifeWave hefur verið rannsakað og prófað við raunverulegar aðstæður af virtum aðilum eins og Richard Quick sem þjálfaði bandaríska ólympíuliðið í sundi fyrir sex Ólympíuleika, og Dean Clark, lækni bandaríska ólympíuliðsins. Vinsamlegast skoðið vefsíðu LifeWave til að afla frekari upplýsinga.

**13)** Haft var eftir Dr. Jóhannssyni í greininni að fræðimenn í Bretlandi og Bandaríkjunum hafi skoðað þetta og að niðurstaða þeirra væri sú að plástrarnir væru blekking. Eins og Dr. Jóhannsson veit byggjast vísindi á rannsóknum og fræðistörfum. Gott væri ef hann vildi nafngreina vísindamennina sem rannsakað hafa LifeWave-plástrana og leggja fram afrit af klínískum rannsóknum þeirra. Allar rannsóknir LifeWave eru aðgengilegar á vefsíðunni www.LifeWave.com/research.asp.

**14)** Ein staðhæfingin í greininni er að David Schmidt vilji ekki sýna ferilskrá sína. Staðhæfing þessi er röng þar sem upplýsingar um David Schmidt má finna á vefsíðu fyrirtækisins, http://www.lifewave.com/leadership.asp. Að auki var David Schmidt á síðasta ári einn þeirra vísindamanna sem fjallað var um í Breakthrough, metsölubók New York Times.

**15)** Dr. Jóhannsson segir að aldrei hafi verið birtar rannsóknarniðurstöður fyrir utan þær sem gerðar voru við tvo skóla. Þessi staðhæfing er einnig röng. Auðvelt er að nálgast rannsóknir sem gerðar hafa verið á LifeWave, http://www.lifewave.com/research.asp, á vefsíðu fyrirtækisins.

*Höfundur er aðalframkvæmdastjóri LifeWave.*

**BERLÍNARMÚRINN** varð tískuhönnuðinum þýska, Daniel Rodan, innblástur fyrir nýjustu tískulínu hans. Tuttugu ár eru frá falli múrsins og í fötum Rodan má sjá hinar ýmsu graffmyndir sem prýddu áður múrinn umdeilda.



FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




friendtex
ÚTSALA
Opið mán. - fös. frá kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00
Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík,
sími: 568 2870 - www.friendtex.is




Elín Hrund er fantafínn heklari og hefur heklað alls kyns öðruvísi hluti í gegnum tíðina, svo sem frumlegt páskaskraut.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Heklar hálsmen

**Mikill uppgangur er um þessar mundir í hekli og prjóni og Elín Hrund Heiðarsdóttir hefur ekki farið varhluta af þeim áhuga. Hún heklar litaglaðar og stórar hálsfestar sem hún ber með stolti.**

„Þetta eru allt hálsmen sem ég hekla utan um perlur og eru mismunandi að lit, ýmist einlit, tvílit eða þrílit,“ segir Elín Hrund en hún hefur lengi unnið við ýmis tímarit sem tengjast hönnun og tísku, meðal annars Hús og híbýli og Nýtt líf. Hún hefur líka lengi heklað og segir hálsfestarnar vera kannski svolítið framhald af einstaklega fallegum páskaeggjum sem hún heklaði fyrir tímaritið Hús og híbýli.

„Ég hef líka gert alls kyns skartgripi handa sjálfri mér í gegnum tíðina og sameinaði því heklið mitt og skartgripagerðina í þessum hálsfestum.“

Elín Hrund byrjaði að prófa sig áfram með hálsmenin fyrir nokkrum mánuðum og hóf svo framleiðslu fyrir fólk í kringum sig þegar hún hafði fundið endanlega út hvernig hún vildi hafa hálsmenin. „Ég fékk strax góð viðbrögð sem komu mér skemmtilega á óvart og hálsmenin hafa selst vel. Ég hef svo hugsað mér að koma hálsmenunum í verslanir,“ segir Elín en í augnablikinu er hægt að skoða hálsfestarnar á www.this.is/elinhrund eða senda henni póst á elinhrund@thi.is. Elín stefnir á hönnunarnám næsta vetur en aðspurð af hverju hún haldi að hálsfestarnar hafi hitt í mark svarar hún að hún telji litagleði festanna falla fólki í geð. „Fólk er ekki hrætt við liti í fylgihlutum. Svo finnst manni líka að fólk sé miklu opnara fyrir handverki, svo sem prjóni og hekli, um þessar mundir. Það hefur eflaust eitthvað með það að gera.“

*juliam@frettabladid.is*


ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING!!!



17%
AFSLÁTTUR
AF BLÚSSUM, PEYSUM OG BOLUM
*fram að 17. júní.*
SIGURBOGINN
Laugavegi 80, 101 Reykjavík
sími 561 1330
www.sigurboginn.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

BÍLKÓ
- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

1 SMURTILBOÐ
-15%
afsláttur af smurvinnu
VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM
olís

2 BÓNTILBOÐ
Alþrif og teflonbón
á tilboðsverði!
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**EMMA WATSON** leikkonan unga sem flestir þekkja úr kvikmyndunum um Harry Potter er orðin andlit tískufyrirtækisins Burberry. Í nýútgefnum auglýsingum fyrir fyrirtækið er Watson töluvert ólík hinni ungu Hermione Granger enda orðin fullvaxta og falleg ung kona.

# Ánægð í bransanum

**Borghildur Gunnarsdóttir útskrifaðist úr hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands með hæstu einkunn í vor. Hún stefnir á frekara nám í fatahönnun erlendis en býst við að það verði ekki fyrr en 2010.**

„Útskriftarverkefnið mitt voru sex gerðir af alklæðnaði en ég sótti innblástur til fimmta áratugarins,“ segir Borghildur Gunnarsdóttir, nýútskrifaður fatahönnuður, sem hannar undir nafninu milla snorrason.

Borghildur lék sér með köflótt efni í línunni og segist aldrei hafa notað sama köflótta efnið. „Ég hafði eina tegund af köflóttu efni í hverjum alklæðnaði. Ég er mjög hrifin af köflóttu efni vegna þess að yfir því er gamaldags stemning,“ útskýrir Borghildur og bætir við að hún velti litum mjög mikið fyrir sér. „Það er oft frá litasamsetningu sem ég fæ hugmyndir. Litasamsetningin er þess vegna mjög mikilvæg í línunni.“

Borghildur hannaði auk alklæðnaðar fylgihluti úr tré. „Ég hannaði gleraugu, utanáliggjandi axlapúða og skjalatöskur. Hægt er að taka axlapúðana af flíkunum því þeir eru festir með segli. Þetta er sterkur segull og það er hægt að taka axlapúðana af án þess að það sjáist nokkur ummerki eftir þá,“ segir Borghildur.

Þegar Borghildur er innt eftir því af hverju hún hafi ákveðið að nota tré í fylgihluti sína segist hún hafa kynnst efninu í fylgihlutakúrs fyrr um veturinn. „Ég var heilluð af við og viðaráferð. Mig langaði til að tvinna hann aðeins inn í línuna. Ég notaði viðinn þó ekki alveg eins og í fylgihlutakúrsinum heldur þróaði hugmyndina aðeins.“

„Ég stefni á að fara í meistaranám annaðhvort í New York eða London,“ segir Borghildur þegar hún er spurð um hvað taki við eftir útskriftina úr Listaháskólanum. „Það verður samt ekki fyrr en haustið 2010. Ég er mjög ánægð í þessum bransa og finnst þetta hrikalega skemmtilegt.“

Trégleraugu Borghildar verða fáanleg í versluninni Belleville seinna í sumar.

*martaf@frettabladid.is*



Borghildur segist vera mjög ánægð í hönnunarnáminu og finnst hrikalega gaman að hanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Útskriftarverkefni Borghildar voru sex gerðir af alklæðnaði ásamt fylgihlutum úr tré.

Borgildur segist oft fá hugmyndir út frá litasamsetningu fata.

Borghildur lék sér með köflótt efni í fötunum og notaði aldrei sama köflótta efnið.




Rýmum fyrir nýjum vörum

Rúmfatnaður, púðar, dúkar, baðsloppar, lök ásamt mörgu öðru með 20 – 50% afslætti. Tilboðin gilda fram á laugardag.

Íslensk hönnun á frábæru verði!

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 www.lindesign.is

Lín DESIGN



FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti



NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

VIÐ STÆKKUM
OG FLYTJUM Í FÁKAFEN 9

www.gabor.is






Ný sending
Skór & töskur
Sérverslun með
Gabor

xena

FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

TRIND
Avallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



Herrasandalar úr leðri í úrvali. Mjúkir og þægilegir, margar gerðir
Stærðir 40 - 47

Verð: 7.550.- til 13.450.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Fiskiflugugleraugu og fylltir hælar

Í kreppu, þegar ekki er hægt að sleppa sér alveg í fatakaupum, verða fylgihlutir enn mikilvægari en áður því litríkt belti, skór eða þykkar sokkabuxur gera gamlan kjól sem nýjan. Sem betur fer er sumt í tísku sem hefur sést áður og því auðveldara að draga eitthvað gamalt fram. Að auki er mikil fortíðarhyggja í tísku og því upplagt að skoða í fataskápa hjá mæðrum, frænkum eða jafnvel ömmum sem engu henda.

Í sumar er til dæmis upplagt að poppa upp á útlitið með endurútgáfu á frægum ferköntuðum sólgleraugum frá Ninu Ricci sem Jacqueline Kennedy notaði sem forsetafrú. Sólgleraugun fást í ýmsum litum, til dæmis grænu eins og upprunalegu sólgleraugun. Annars eiga sólgleraugu almennt að vera stór, minna jafnvel á augu í fiskiflugu (lunette mouche eins og þau eru kölluð hér). Litirnir eru margbreytilegir svo sem hvítt, blátt, rautt og áfram mætti telja. Reyndar eru fölfjólubláu sólgleraugun frá MiuMiu, ódýrari línu Prada, nánast eins og sólgleraugun hennar mömmu frá því að ég var lítill og smellpassa við ´70-stílinn. Enn og aftur, farið og gramsið í fataskápunum og finnið gleraugu sem eru í rétta stílnum. Hjá Ray-Ban hafa sömuleiðis verið framleidd gömul módel eins og hin nýtísku „Clubmaster“, mjög í anda rokkáranna og þykja fín í sumar.

Ef þið eigið sandala með fylltum hæl er örugglega hægt að taka þá fram aftur því enn á ný eru fylltu hælarnir alls staðar. Þeir eru einnig praktískir fyrir íslenska veðráttu þar sem þeir eru fyrir ofan vatnsborð þegar rignir. Eini gallinn er sá að hælarnir eru ekki eins og síðasta sumar og glöggir tískufræðingar sjá kannski muninn. En svo er auðvitað hver sinnar tísku smiður og þá er bara að gefa fræðingunum langt nef því nú er það buddan sem ræður. Einnig eru flatir sandalar víða í boði í anda Forn-Grikkja eða Rómverja. Ekki alveg eins góðir fyrir íslenskar aðstæður.

Um töskur má það segja að þær sem helst sjást í götutískunni eru með kögri og fara vel við síða bómullarkjóla með blómamunstri.

Að vanda koma sumarilmtegundirnar á markað á vorin og fara reyndar saman við mæðradaginn sem var hér á sunnudag og mikil sala í ilmvötnum. Sífellt meira er lagt upp úr fallegum flöskum með ýmsu lagi til að gleðja augað. Sem dæmi má nefna Love frá Ninu Ricci, Flora frá Gucci og Daisy frá Marc Jacobs. Miklu ódýrara og umhverfisvænna er White musk hot summer frá Body Shop. Ilmvatnsiðnaðurinn er reyndar sá eini hluti lúxusgeirans sem heldur sínu meðan bæði fatnaður og fylgihlutir seljast minna. Neytendur sem eyða minna í föt leyfa sér enn að kaupa fínar snyrtivörur, ilmvötn og í það minnsta ein sólgleraugu.

*bergb75@free.fr*

# Miley hannar föt fyrir Walmart

**Barnastjarnan Miley Cyrus hefur tekið höndum saman við fatahönnuðinum Max Azria og hannar fatalínu fyrir verslunina Walmart.**

Aðeins degi eftir að barnastjarnan Miley Cyrus staðfesti að hún myndi halda áfram í sjónvarpsseríu Disney, Hannah Montana, lét hún aðra frétt berast.

Hún mun, með aðstoð fatahönnuðarins Max Azria, sem er maðurinn á bak við BCBG og Hervé Léger, setja á markað nýja fatalínu. Línan mun bera heitið Miley Cyrus & Max Azria. Lögð verður áhersla á sæt og þægileg föt á lágu verði sem seld verða í verslunarkeðjunni Wal-Mart. „Samstarfið við Max Azria hefur verið óborganleg reynsla,“ sagði Miley þegar hún tilkynnti um samstarfið.

Í fatalínunni verða bolir, buxur, stuttermabolir, skór og fylgihlutir en hver flík verður seld á innan við 20 dollara.

Fatalínan verður tilbúin í ágúst og hægt verður að skoða hana og panta á www.walmart.com.

*- sg*



Frá vorsýningu hönnuðarins Max Azria sem mun hanna þægileg föt fyrir Walmart með aðstoð Miley Cyrus.





Hollywood-stjarnan Jayne Mansfield árið 1953 í bikiníi sem hefur líklega verið talið mjög kynþokkafullt á sínum tíma.

# Saga brjóstahaldarans

**Sýning stendur yfir í London á þróun undirfata á síðustu áratugum.**

Í Tísku- og textílsafni Lundúna stendur yfir sýningin, Undercover – The Evolution Of Underwear, sem fjallar um þróun undirfatnaðar og tengingu hans við tísku, konur, líkama þeirra og hvernig undirfötin undirstrika, eða fela, ýmsa líkamsparta.

Þar verða til sýnis allt frá oddhvössum brjóstahöldurum sjötta áratugarins til hátæknilegra nærbuxna nútímans. Undirföt hafa enda breyst ótrúlega á síðustu áratugum. Brjóstahaldarar komu til að mynda fyrst fram á sjötta áratugnum þegar lína Christians Dior, New Look, var sett á markað.

Undirföt eru fyrst og fremst praktísk í dagsins amstri. Þau geta þó einnig þjónað mörgum öðrum tilgangi. Þau eru notuð til að draga á tálar og jafnvel til að sjokkera. Þá hafa hönnuðir löngum fengið mikið út úr því að spreyta sig á undirfötum og mótað þau í hin ýmsu form.

*- sg*



**MÁLVERKASÝNING** var opnuð í Perlunni í gær. Þar eru til sýnis um áttatíu olíumálverk úr fórum Veru Sörensen og Árna Björns.





**HÖFÐU BARA SÉÐ SVONA SÍMA Í BÍÓMYNDUM** Katrín Sigríður Steingrímsdóttir og Petrúnella Aðalheiður Kristjánsdóttir voru fljótar að læra á skífusímann sem keyptur var í Góða hirðinum og finnst hann þrælskemmtilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Slegist um að fá að hringja úr skífusímanum

**Gamli og góði skífusíminn vék fyrir takkasímanum á níunda áratugnum. Nú er hann sjaldséður á íslenskum heimilum en með aukinni fortíðarhyggju virðast vinsældir skífusímans vera að aukast á ný.**

„Ég hafði séð svona síma áður í bíómyndum og vinkonur mínar í bekknum langaði mikið að koma heim og prófa símann þegar ég sagði þeim frá honum,“ segir Katrín Sigríður Steingrímsdóttir, 11 ára, en fjölskylda hennar festi nýlega kaup á skífusíma sem okkur sem fullorðin erum þykir ekki mikill forngripur. Í augum Katrínar og vinkonu hennar, Petrúnellu Aðalheiðar Kristjánsdóttur, er síminn hins vegar afar spennandi nýjung. Síminn var keyptur í Góða hirðinum fyrir nokkrum vikum á 3.200 krónur en þar má stundum fá svona síma.

„Ég hélt fyrst að það væri svolítið erfitt að hringja úr svona síma en ég lærði það fljótt. Jú, ég hafði séð svona síma áður, einn heima hjá vinkonu minni og svo í búðum sem selja gamaldags hluti,“ segir Petrúnella. Katrín segir að hún lendi miklu oftar í því að hringja í vitlaust númer en á takkasíma. „Maður sér ekki á skjá hvaða tölur maður hefur stimplað inn svo að ég hringi stundum í skakkt númer. Það er líka svolítið skrítið að þurfa alltaf að vera í sama herberginu að tala í símann.“

Petrúnellu finnst miklu skemmtilegra að tala í skífusíma. „Það er skemmtilegt að snúa skífunni og gaman að heyra hljóðið þegar hún snýst til baka,“ segir hún en benda má foreldrum á að það gæti verið ærinn sparnaður að festa kaup á veggföstum símum þessi misserin þegar allt snýst um að lækka útgjöld. Þannig ferðast fjölskyldumeðlimir ekki með símann um allt hús og halda áfram að masa meðan þeir sinna húsverkum eða horfa á sjónvarpið. Síma sem þessa má á góðum dögum finna í Kolaportinu, hjá Fríðu frænku, í Sölu Hjálpræðishersins úti á Grandaslóð og jafnvel á sölusíðum á Netinu.

*solveig@frettabladid.is*

Børge Mogensen (1914-1972) var danskur húsgagnahönnuður. Hann hannaði einföld og praktísk húsgögn. Hér má sjá Veiðistólinn sem Mogensen hannaði árið 1950 úr eik og leðri.



www.wikipedia.org




Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12-18, lau.12-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra

Brúðargjöfin í ár!
Dún og Fiður



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

Austurlensk læknisfræði
Nálastungur • jurtaráðgjöf
næringarráðgjöf • nudd



Þórunn Birna Guðmundsdóttir
MA í austurlenskri læknisfræði

Góð reynsla af meðferð við eftirtöldum kvillum:

Vöðvabólgur • áverkar • höfuðverkir • streita • kvíði • þunglyndi • ófrjósemi • hormónaójafnvægi • tíðavandamál • meltingarójafnvægi • nýrnavandamál • almennir verkir

Hamraborg 10, 200 Kópavogi
Tímapantanir í síma 861 6778





BJÁLKAHÚS / GESTAHÚS TIL FLUTNINGS
Tilvalin fyrir ferðaþjónustu

Fullbúin hús m/öllu, eldunaraðstöðu, salerni, sturtu, allar pípulagnir komnar, ofnar og raflagnir.

Stærðir 15, 20 og 25 fm.
VERÐ FRÁ KR. 1,6 millj.
Hafið samband við EINAR í síma 898-9665



1 2 3 = 4

Það hefur aldrei verið jafn auðvelt að sauma.

Ný sending af efnum og tölum

Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# landið mitt austurland

FIMMTUDAGUR 11. JÚNÍ 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

Í HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLANUM ERU FJÓRAR SAMNINGSBUNDNAR IÐNGREINAR

Gott nám með mikla möguleika

Viltu vera bakari, framreiðslumaður, kjötiðnaðarmaður eða matreiðslumaður?
Nám í skóla og nám á vinnustað.

Nemendum standa til boða að byrja á að fara í eins árs grunnnám eða hefja námið beint á starfsnámsstað.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR!

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN





**● FRUMLEG SÝNING Í HÖNDUM FATAHÖNNUÐAR** Forvitnileg sýning verður opnuð á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, í Minjasafni Austurlands. Þemað er ást, rómantík og kynlíf en sýningarstjórinn, Ríkey Kristjánsdótir, er vís með að setja upp skemmtilega sýningu. Hún er útskrifaður fatahönnuður og var til að mynda tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir búninga í sýningunni Gyðjunni í vélinni. Hún hefur einnig rekið búð á Seyðisfirði og rak um skeið Hótel Ölduna.

**● FARIÐ UM SKRIÐUR, ÁR OG LÆKI** Hið árlega Barðsneshlaup fer fram laugardaginn 1. ágúst næstkomandi í tengslum við hátíðina Neistaflug í Neskaupstað.

Barðsneshlaupið er 27 kílómetra víðavangshlaup sem nú er haldið í þrettánda sinn. Þeir sem ekki vilja hlaupa 27 kílómetra langt hlaup geta tekið þátt í svokölluðu Hellisfjarðarhlaupi sem er hálft Barðsneshlaup, þrettán kílómetrar. Hellisfjarðarhlaupið er haldið í þriðja sinn í ár.

Barðsneshlaupið liggur um þrjá firði; Viðifjörð, Hellisfjörð og Norðfjörð. Hellisfjarðarhlaupið hefst innst í Hellisfirði og hlaupafólk fer í raun seinni helming Barðsneshlaupsins. Þátttakendur hlaupa eftir rollugötum, skriðum, gömlum sinutúnum, yfir ár og læki og þjóðveginn seinasta spölinn inn í Neskaupstað þar sem hátíðarhöld í tengslum við Neistaflug í Neskaupstað verða í fullum gangi.




Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




Sprett úr spori í Vöðlavík. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Útreiðar um austustu byggðir þessa lands

**Reiðtúrar um dali, firði og fjöll í fylgd staðkunnugra er sérgrein hins nýja fyrirtækis Skorrahesta í Norðfirði. Heimagisting á Skorrastað er líka í boði. Húsfreyja þar er Theódóra Alfreðsdóttir.**



Þórður á Skorrastað er þaulkunnugur austfirsku fjöllunum og hestarnir hans líka. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við eigum góða hesta og erum farin að taka fólk í prufureiðtúra en fyrirtækið heldur ekki úr hlaði af alvöru fyrr en í júlí. Þá verðum við með dagsferðir hér inn í dalina og yfir í Hellisfjörð og ein sex daga ferð er í bígerð sem endar á Neistaflugi í Neskaupstað. Svo erum við með gistingu líka. Þetta er allt í burðarliðnum.“ Þannig lýsir Theódóra í stuttu máli því sem í bígerð er hjá fjölskyldunni á Skorrastað á sviði ferðaþjónustu. Theódóra er líka handverkskona og hestar sem hún mótar úr leir hafa verið vinsæl söluvara á fjórðungs- og landsmótum.

Spurð betur út í leiðirnar lýsir Theódóra reiðgötum meðfram veginum og svo ósnortinni náttúru í Seldal og Fannadal, Gæsadal og Hólahólum. „Þar er fagurt landslag og ofan af Hólafjalli er vítt útsýni yfir fjörðinn,“ segir hún. Hún nefnir einnig Oddsdal sem riðið er um þegar farið er í eyðifjörðinn Hellisfjörð. „Þaðan er riðið fyrir nesið inn í Norðfjörð aftur um fjárgötu,“ lýsir hún.

En eru ferðir um hin austfirsku fjöll ekki erfiðar hestum? „Við eigum duglega hesta sem eru kunnugir fjöllunum. Maðurinn minn, Þórður Júlíusson, er líka vanur að smala þau og þekkir bestu leiðirnar,“ svarar hún og kveðst þora að mæla með honum sem leiðsögumanni því hann sé heimaalinn líffræðingur og kennari og fróður um alla skapaða hluti. Sex daga ferðin er í Vöðlavík, Krossanes og Viðfjörð. „Þá verður jafnvel riðið út á Mónesið en þaðan sést Gerpir og Sandvík,“ segir Theódóra. „Mjög tilkomumikið landslag.“ *- gun*



Theódóra húsfreyja og Sleipnir frá Leysingjastöðum.

# Þekkingu komið til skila

Sýningar tengdar verkefninu Sögslóð á Suðausturlandi voru opnaðar um síðustu helgi í Löngubúð á Djúpavogi og í Þórbergssetri í Suðursveit.

Söguslóð á Suðausturlandi myndar slóð frá Berufirði út á Skeiðarársand. „Hægt er að byrja á hvorum enda sem er. Á Djúpavogi byrjar slóðin á svæðistengdri sýningu í Löngubúð,“ segir Bryndís Reynisdóttir, ferða- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps. „ Á leiðinni yfir á Skeiðarársand eru reglulega skilti með upplýsingum um sögu svæðisins. Á Þórbergssetri er svo sambærileg sýning og í Löngubúð.

Við vildum gera meira úr menningartengdri ferðaþjónustu á svæðinu og koma þekkingunni áfram til heimamanna og ferðamanna til að tryggja að hún glatist ekki,“ útskýrir Bryndís.



Í Löngubúð verður sýning tengd verkefninu Söguslóð á Suðausturlandi í sumar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Sýningarnar verða opnar í sumar og eitthvað fram á haust. *- mmf*



Vissir þú að kona segir að meðaltali
7.000 orð á dag en karl aðeins 2.000?
VINSÆLASTI
EINLEIKUR
ALLRA TÍMA!
MIÐASALA
HEFST 6. ÁGÚST
Á MIÐI.IS
FRUMSÝNDUR 3. SEPTEMBER
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
bravó!



Hjónin Ólafur Eggertsson og Anna Antoníusardóttir reka farfuglaheimilið að Berunesi sem er gamalt sveitabýli. Berunesið var kosið annað besta farfuglaheimilið á heimsvísu af ferðalöngum.



Húsið á Berunesi er 100 ára gamalt. Gamlir innanstokksmunir, bækur, eldavélar og rúm frá því fyrri ábúendur bjuggu á Berunesi eru til afnota fyrir gesti farfuglaheimilisins.



Kirkjan á Stöðvarfirði með svefnpokapláss við altarið þykir meira en lítið sérstakur gististaður á Austurlandi.



Hótel Aldan á Seyðisfirði er eitt glæsilegasta hótel landsins. Það var allt tekið í gegn fyrir nokkrum árum.



Falleg herbergi fyrir rómantískt fólk má finna á Hótelinu Öldunni á Seyðisfirði.

# Öðruvísi austfirskir gististaðir vinsælir

**Austurland er samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins frá síðustu helgi annar skemmtilegasti staður Íslands til að sækja heim á sumrin. Fyrir ferðalanga sem láta sig gistinguna sjálfa miklu máli skipta má benda á nokkra af skemmtilegri gististöðum þar eystra.**

Margir gististaðir Austurlands hafa getið sér gott orð og í gegnum tíðina hafa þeir oft þótt einkar frumlegir. Þannig er gömul kirkja á Stöðvarfirði orðin víðfræg en hún var innréttuð sem gistihús fyrir ferðalanga fyrir nokkrum árum. Ferðalangar leggjast þannig til hvílu við hlið gamals altaris.

Miklir frumkvöðlar hafa líka lagt Seyðisfirði lið í gegnum árin í ferðaþjónustunni. Þóra Bergný Guðmundsdóttir arkitekt stendur þar framarlega og rekur eitt af persónulegustu farfuglaheimilum landsins, Hafölduna, en hún kom líka að því að velja innanstokksmuni inn í eitt fallegasta hótel landsins sem einnig er á staðnum, Hótel Ölduna. Fyrir brúðhjón á ferð um landið kemur það hótel sterkt inn en í nokkrum herbergjanna má finna svokallaða „lokrekkju“ í indverskum stíl.



Belgískar vöfflur eru aðalsmerki farfuglaheimilisins á Reyðarfirði, Hjá Merlín.

Þóra Guðmundsdóttir á líka sinn þátt í öðru farfuglaheimili aðeins sunnar á Austfjörðum, á Berunesi, en þar hannaði hún, í gamla fjósinu, litlar stúdíóíbúðir. Berunes er einn sérstakasti gististaður Íslands og síðastliðið haust var Berunes valið annað besta farfuglaheimili heims, að mati viðskiptavina alþjóðasamtaka farfuglaheimila. Ummæli gesta voru meðal annars á þá leið að gisting á Berunesinu væri eins og að kíkja í heimsókn til ömmu sinnar.

Húsið á Berunesi er 100 ára gamalt og hjónin Ólafur Eggertsson og Anna Antoníusardóttir hafa reynt að halda húsinu í upprunalegu horfi en foreldrar Önnu byggðu Berunesið áður en það varð farfuglaheimili. Þau hafa rekið farfuglaheimilið frá árinu 1974 og eiga því 35 ára starfsafmæli um þessar mundir.

Ekki má heldur gleyma farfuglaheimilinu á Reyðarfirði sem hefur allt verið tekið í gegn nýlega. Hjá Marlín kallast það en þar er ýmis aukaþjónusta í boði eins og afnot af guðubaði, þráðlaust internet, kaffihús og útigasgrill. *-jma*


## Láttu ekki tjóðra þig við staur í ferðalaginu!
## - framleiðið sjálf rafmagnið í ferðavagninn



EFOY Efnarafall
Alsjálfvirkt hleðslutæki í ferðavagninn sem býr til raforku úr metanóli. Sér um að halda rafgeymunum alltaf fullhlöðnum.



Hágæða þýskar sólarrafhlöður
Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.



AGM Rafgeymar
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



12V í 230V Spennubreytar
230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



Hleðslutæki mælar/rofar og margt fleira.

Fjarorka
græn orka er okkar fag
Eiðistorgi 17 170 Seltjarnarnes S. 578-5566 www.fjarorka.is


MYND/LANDSVIRKJUN

Hægt er að keyra bílinn upp að stíflu. Þaðan er hægt að virða útsýnið fyrir sér.

# Umhverfislistaverk og einstakt útsýni

„Við verðum með upplýsingamiðstöðina í Végarði í Fljótsdal opna í sumar. Þar getur fólk kynnt sér ýmsar hliðar á byggingu Kárahnjúkavirkjunar, rekstur Fljótsdalsstöðvar, orkumál og margt fleira,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, sem er með sýningu í Kárahnjúkum í sumar.

„Við bjóðum líka daglega upp á nokkrar skoðunarferðir inn í stöðina, sem er kílómetra inni í fjalli. Fleiri þúsund manns hafa farið í þær á sumrin.“ Þorsteinn segir að fólk geti eins keyrt upp að sjálfri stíflunni þaðan sem hægt er að virða útsýnið fyrir sér af sérstakri gönguleið.

Hann nefnir til sögunnar fleiri áhugaverða hluti; umhverfislistaverk eftir listakonuna Jónínu Guðnaðóttur, sem unnið er við að setja upp við stífluna, og flotverk, eða tólf metra langan skúlptúr, eftir listamanninn Ólaf Þórðarson, sem kallast Eilífðardraumurinn og er staðsett í útfalli Kárahnjúkavirkjunar. „Svo er það fossinn Hverfandi sem lætur á sér kræla síðla sumars þegar lónið fyllist,“ bætir hann við.


Flotverk, tólf metra eftirlíking af báti, eftir Ólaf Þórðarson er í útfallinu.

Nánar á vefsíðunum www.landsvirkjun og www.karahnjukar.is. *- rve*


Málþingið er haldið í dag í Möðrudal. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Veitti ekkert af fleiri bændum í sveitirnar

„Sveitabúskapur er lífsstíll og má vera það áfram að mínu mati,“ segir Þorsteinn Bergsson, sauðfjárbóndi að Unaósi í Hjaltastaðaþinghá. Hann er einn frummælenda á málþingi samtakanna Landsbyggðin lifi sem fer fram á Möðrudal á Fjöllum í dag og hefst klukkan 15. Það er haldið í samvinnu við Framfarafélag Fljótsdalshéraðs. Auk Þorsteins hafa framsögu þau Jón Kristjánsson fiskifræðingur, Pétur Bjarnason sjávarútvegsfræðingur og Lómatjarnarsysturnar Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri og Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra.


Þorsteinn Bergsson.

Þorsteinn kveðst ætla að fjalla um það pólitíska landslag sem landbúnaðurinn verði í á næstu árum. „Ég held því fram að hægt sé að efla hann töluvert og mun velta upp hugmyndum um það,“ segir hann. Kveðst hann ekki sjá að stórbúskapur sé endilega hagkvæmur og gagnrýnir að ríkisjarðir hafi verið seldar á útsölu í stórum stíl til frístunda. „Í minni sveit er meirihluti jarða í eyði,“ segir hann. „Okkur veitti ekkert af nokkrum bændum í viðbót.“

*- gun*




Grasrótin er undiralda sköpunarkraftsins

13. júní - Vegareiði rokktónleikar - Bragganum við Sláturhúsið.
17. júní - 8. ágúst - Testosterone - Sumarsýning MMF í Sláturhúsinu.
20. júní - Skógardagurinn mikli - Fjölskylduhátíð í Hallormsstaðaskógi.
24. - 27. júní - Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi
26. júní - Vinabæjarmót Egilsstaða - Danmörk - Svíþjóð - Noregur - Finnland.
14. - 23. ágúst - Ormsteiti Héraðshátíð

FLJÓTSDALSHÉRAÐ
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs

Vilt þú kynnast álveri?



Velkomin í Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði alla daga vikunnar klukkan 14.
Boðið verður upp á kynningu á starfsemi álversins á neðstu hæð í stjórnunarbyggingunni neðan við kerskálana. Hópum og einstaklingum sem hafa áhuga á að fara inní álverið sjálft, er bent á að senda tölvupóst á netfangið: fjardaal@alcoa.com eða hringja í síma 470 7700, til að panta tíma.
Verið velkomin!

Alcoa Fjarðaál
ALCOA
www.alcoa.is

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Þerribjarg er ein af perlum Fljótsdalshéraðs. MYND/KRISTINN ÞORSTEINSSON

# Gengið á milli heiðarbýla Fljótsdalshéraðs

Nýverið var sett á laggirnar nýtt gönguverkefni á Fljótsdalshéraði sem ber nafnið Heiðarbýlin. Verkefnið er hluti af uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á Jökuldalsheiðinni sem Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshérað og Kaupvangur, menningar- og menntasetur Vopnfirðinga, standa að.

Heiðarbýlin eru 22 talsins og verður hólkur með upplýsingum um býlið, ábúendur og sögur tengdar því settur upp hjá hverju þeirra, ásamt gestabók og stimpli. Kort til að safna stimplum verður til sölu í Sænautaseli og á upplýsingamiðstöðvum á Egilsstöðum og Vopnafirði.

Viðurkenning verður veitt þeim sem skila inn korti með níu stimplum og lenda þeir í potti sem dregið verður úr á Timburmannamorgni Ormsteitis hinn 16. ágúst í Sænautaseli og verða veglegir vinningar í boði.

Heiðarbýlin bætast við annað gönguverkefni Fljótsdalshéraðs sem fór af stað í fyrra og ber nafnið Perlur Fljótsdalshéraðs, þar sem einnig er safnað stimplum fyrir hverja perlu Fljótsdalshéraðs.

*- mmf*

Okkar víðfrægu saltfisksteikur (Lomos) ásamt Gullkistunni með hefðbundna íslenska þurrkaða saltfiskinum í gjafaöskju fást nú einnig í verslunum Hagkaupa!






Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is
FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

www.lyfja.is
LYFJA
- Lífið heil




LÍFOLÍA
er ilmandi og djúpvirk fyrir vöðva og liði.

BIRKIOLÍA
mýkir og græðir þurra húð og exem.

BLÁGRESISOLÍA
nærir viðkvæma slímhúð og eyðir bólgu.

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN

+Prófaðu 100% lífræna mýkt úr íslenskri náttúru

Olían frá Móður Jörð er án allra aukaefna og framleidd í Vallanesi á Fljótsdalshéraði.
Dreifing: Heilsa ehf.



Fiskvinnslu og útgerð var að mestu hætt á Stöðvarfirði fyrir nokkrum árum. Í Salthúsinu er búið að setja upp sýningar tengdar fiskveiðum og fiskverkun á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aflögðu fiskvinnsluhúsi gefið nýtt líf

**Í gömlu fiskvinnsluhúsi á Stöðvarfirði er nú ljósmyndasýning og handverksmarkaður.**

Salthúsið var opnað á Stöðvarfirði í síðustu viku en þar er búið að setja upp ljósmyndasýningu um fiskverkun á staðnum og myndbandsverk um fiskveiðar og fiskverkun. Auk þess hefur handverksmarkaði verið komið á fót en litið er á húsið sem viðbót við afþreyingu fyrir ferðamenn á staðnum.

„Í húsinu var fiskvinnsla fram til ársins 2005 en þá var stærstum hluta af fiskvinnslu og útgerð hætt á Stöðvarfirði og kvótinn fluttur annað,“ segir Magnús Sigurðsson, annar eigenda hússins. „Það hefur síðan verið nýtt sem geymsla fyrir húsbíla og fellihýsi en ávallt staðið tómt á sumrin.“

Húsið stendur við aðalgötu í miðjum bænum og tók Magnús eftir því í fyrrasumar að ferðamenn, sem koma í tugþúsundatali til bæjarins á hverju sumri til að skoða Steinasafn Petru, voru að ganga í kringum húsið og forvitnast um hvað þar hefði verið. Magnús og Einþór Skúlason, hinn eigandi hússins, ákváðu því að opna það og gæða lífi.




Salthúsið stendur í miðjum bænum og hefur löngum vakið forvitni ferðamanna.

„Húsið er um þúsund fermetrar og í einu rýminu höfum við með hjálp listamanna og ýmissa styrktaraðila komið upp ljósmyndasýningu með myndum frá fiskvinnslunni á Stöðvarfirði. Í kælinn settum við svo upp myndvarpa og þar rúlla tvö myndbönd sitt á hvað. Annað er frá Félagi ungs fólks í sjávarútvegi og sýnir á lifandi hátt hvernig fiskurinn kemur úr sjónum í trollinu og úr togaranum til löndunar, fiskverkunar og pökkunar. Hitt er verk eftir Gjörningaklúbbinn Icelandic Love Corporation og sýnir demantsskreyttar konur í brúðarkjólum að verka fisk,“ lýsir Magnús.

Fremst í húsinu hefur handverksfólk á staðnum svo komið á fót markaði en hann verður opinn alla daga frá klukkan 10 til 16 til 21. ágúst. Magnús segir svo aftur von á húsbílum og fellihýsum í hús í vetur en myndirnar verða áfram á veggjunum og telur hann allt eins líklegt að leikurinn verði endurtekinn að ári.

*- ve*

# Skógur leikur aðalhlutverkið

Skógardagurinn mikli verður haldinn hátíðlegur í fimmta sinn um Jónsmessuna, 20. júní. „Jónsmessan er okkar hátíð vegna þess að þá er oftast búið að planta mestu,“ segir Edda Kr. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Skógardagsins mikla, og bætir við að dagurinn sé hálfgerð uppskeruhátíð skógarbænda á Austurlandi.

Á dagskrá Skógardagsins mikla á Hallormsstað verður meðal annars skógarhlaup og skemmtiskokk, Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi, skógarleikir og þrautir, félagar í Þjóðdansafélagin Fiðrildin fljúga um skóginn og skógarlagið verður sungið. „Við erum líka með fígúrur sem eru tileinkaðar skóginum og eru búnar til af konu af svæðinu. Þetta eru skógarpúkarnir Petra og Pjakkur. Svo bjóðum við upp á heilgrillað naut að hætti Héraðsmanna, grillaðar pylsur, ketilkaffi og skógarlummur með nýsoðinni rabarbarasultu,“ upplýsir Edda.



Skógardagurinn mikli er haldinn í fimmta sinn um Jónsmessuna. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ókeypis verður inn á svæðið en dagskrá hefst í Trjásafninu í Mörkinni á Hallormsstað stundvíslega klukkan 13.

*- mmf*



Í safninu eru um 2.000 steinar.

# Steinar úr nágrenni Breiðdals

Steinasafnið í Breiðdal er nú opið þriðja sumarið í röð en það er til húsa í gamla pósthúsinu í Breiðdal við hlið Hótels Bláfells. Steinunum hefur að mestu verið safnað í nágrenni Breiðdals af Reyni Reimarssyni en safnið er nú í eigu Björns Björgvinssonar.

„Safninu tilheyra um 2.000 steinar og hefur það að geyma flestar steintegundir sem finnast á Austurlandi, en á þessu landsvæði finnast flestar steintegundir á landinu,“ segir Björn. „Það er skráð og merkt á íslensku og ensku af svissneskum jarðfræðingum sem gerir það allt áhugaverðara.“

Að sögn Björns verður áfram unnið að því að fullkomna þessa skráningu og innan tíðar verður hægt að sjá einstaka steina á tölvuskjá ásamt öllum helstu upplýsingum. Má þar nefna hversu margar steintegundir eru í hverjum steini, hvað steinarnir eru gamlir, hvar þeir fundust og svo framvegis.

Safnið er opið í júlí og eftir samkomulagi. „Þetta er lítill staður og utan opnunartíma er velkomið að hringja í símanúmer á hurðinni og þá er hlaupið til og opnað,“ segir Björn. - ve


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SKÓGRÆKT RÍKISINS Hallormsstað
FÉLAG SKÓGARBÆNDA Á AUSTURLANDI
BARRI
HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR




**Á afmælisdegi bændaskógræktar á Héraði 20. júní verður boðið til einstakrar fjölskyldu- og skógarhátíðar í Hallormsstaðaskógi.**

Í boði er fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna og frítt inn á svæðið. Félag skógarbænda á Austurlandi, Héraðs- og Austurlandsskógar, Skógrækt ríkisins og Barri ásamt styrktaraðilum bjóða þér að koma, fagna með okkur og njóta góðrar skemmtunar og ljúffengra veitinga í fallegu skógarumhverfi.







Héraðsprent

## Dagskrá
í Trjásafninu í Mörkinni á Hallormsstað.

11:00-12:00 Skráning í skógarhlaup og skemmtiskokk.
12:00 Skógarhlaupið - ræsing í 14 km hlaup um skógarstíga. Nánar á www.hlaup.is og www.heradsskogar.is. Verðlaun í skógarhlaupinu eru einstakir útskornir gripir.
12:30 Fjölskylduhlaup - ræsing! 4 km skemmtiskokk fyrir alla fjölskylduna, bæði litla og stóra.

13:00-16:00 Formleg hátíðardagskrá. Magga og við hin syngjum skógardagslagið svo undir tekur í skóginum.

13:30
- Íslandsmeistarakeppni í skógarhöggi - keppni milli fremstu skógarhöggsmanna landsins - þar sem allt er í alvöru.
- Tónlistaratriði - Blúsband Guðgeirs.
- Fiðrildin flögra um skóginn og bjóða upp í dans og nú verða allir með!
- Pjakkur og Petra spjalla við börnin um lífið í skóginum.
- Skógarþrautir - léttar og skemmtilegar.
- Boðið uppá heilgrillað naut að hætti Héraðsmanna.
- Nauta- og skógarbændur ganga um beina og bjóða gestum og gangandi.
- Grillaðar pylsur - Sumardrykkur frá M.S. - ferskur og frískandi.

*Sjóðheitar skógarlummur með ilmandi rabarbarasultu og sjóðheitu ketilkaffi.*

GOÐI alltaf góður · Samkaup úrval EGILSSTAÐIR · HÚSASMIÐJAN · Landsbankinn · Fiðrildin Ísland Egilsstaðir · FELLABAKARÍ · FB FÓÐURBLANDAN - gæði í hverri gjöf

HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

César Ritz

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN



Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum. Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000



MYND/HELGI MAGNÚS ARNGRÍMSSON

Á Víknaslóðum er hægt að finna gönguleiðir við allra hæfi.

## Gengið um stórar eyðivíkur

„Víknaslóðir er nafn sem búið var til yfir göngusvæðið sem liggur á milli Borgarfjarðar eystri og Loðmundarfjarðar," segir Hafþór Snjólfur Helgason, sem vinnur að ferðamálum á Borgarfirði. „Þetta eru sjö víkur sem í dag eru eyðibyggðir en byggðar voru á sínum tíma."

Hafþór segir að Víknaslóðir sé flennistórt svæði. „Við erum með um 140 kílómetra af stikuðum gönguleiðum innan sveitarfélagsins, sem er eiginlega einsdæmi á Íslandi. Sumir hópar koma hingað tvö sumur og skipta svæðinu í tvennt. Þannig að hægt er að taka tíu daga í að ganga um Víknaslóðirnar."

„Hér eru leiðir við allra hæfi," útskýrir hann og bætir við að hægt sé að keyra til Breiðavíkur, Húsavíkur og Loðmundarfjarðar og ganga þaðan. *- mmf*



Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði er stærsta álver landsins, en framleiðslugetan er 346.000 tonn af áli á ári. MYND/ALCOA FJARÐAÁL



Á álverssvæðinu eru um 700 manns að störfum, en hjá Fjarðaáli eru 450 starfsmenn. MYND/ALCOA FJARÐAÁL

## Skoðunarferðir um álverið

Gestir og ferðamenn geta heimsótt Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði alla daga í sumar klukkan 14. Þar geta þeir kynnt sér starfsemi álversins og fengið upplýsingar um það.

Hægt er að heimsækja stjórnarbyggingu Alcoa Fjarðaáls, sem er fyrir neðan kerskála fyrirtækisins, niðri við sjóinn og nálgast upplýsingarnar þar.

Þeir sem hins vegar vilja heimsækja sjálft álverið og skoða innviði þess þurfa að panta tíma, svo hægt sé að skipuleggja skoðunarferð um álverssvæðið. Það er gert annaðhvort með því að senda póst á fjardaal@alcoa.com eða hafa samband í síma 470-7700.

Vel hefur verið tekið í þetta framtak fyrirtækisins. Það hefur frá upphafi tekið á móti þúsundum gesta, sem hafa annaðhvort heimsótt upplýsingamiðstöðina eða komið í hópum til að skoða álverið.

# Hátíð með frönsku ívafi á Fáskrúðsfirði

Franskir dagar hafa verið haldnir árlega á Fáskrúðsfirði síðan árið 1996 og er um að ræða menningarhátíð með frönsku ívafi.

Hátíðin er iðulega haldin síðustu helgi júlímánaðar en þá er veru Frakka á Fáskrúðsfirði minnst og heimamenn og gestir gera sér glaðan dag með ýmsu móti. Franskir dagar hafa því unnið sér sess sem árleg bæjarhátíð Fáskrúðsfjarðar. Þá koma burtfluttir í heimsókn og ýmis vinamót eru haldin. Stundum hafa fulltrúar frá frönskum vinabæ Fáskrúðsfjarðar, Gravelines, komið og tekið þátt í hátíðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á www.franskirdagar.com. *- hs*



Í lok júlí er ávallt líf og fjör á Fáskrúðsfirði en þá er bæjarhátíðin Franskir dagar í algleymingi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Fjöldi viðburða er á dagskrá Franskra daga og kjörið fyrir fjölskylduna að skemmta sér þar.



REGAL super premium
hvolpamatur fyrir allar stærðir hunda.
15 kg – 7.980 kr.
Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.
www.dyrabaer.is


## Fyrir veiðimenn


Veiðivörur.is
no limits
Flugulínur
verð frá 11.700 kr.


## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150

Til leigu 150 m2 hæð sem er 3 herb. + eldhús, þvottahús, borðstofa, stofa og baðherbergi. Ein önnur íbúð er í húsinu sem er í Suðurhlíðum Kópavogs. Verð 150 þús. m/ rafm.&hita. Langtímaleiga. Uppl. í síma 896 0305.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Studioíbúð á svæði 112 45m2 57þ. á mán. Hiti og rafm. Innifalið, reglusemi áskilin. Vinsamlega leggið inn nafn, Kt. og síma og mail á smáar@frétt.is og við höfum sambandum um hæl.

10 fm. herbergi 29 þús. og 15 fm 35 þús. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

**Til leigu - laus strax**
Herbergi til leigu á frábærum stað í bænum, afnot af fallegu eldhúsi, 2 baðherb. og þvottavél, nettenging. Er laus strax, uppl í s. 863 3328 & 846 0408. Arnar.

## Húsnæði óskast

Reglusöm kona óskar eftir að taka á leigu 2ja herb. íbúð. s. 663 1694 & 896 3934.

Reglusamt par óskar eftir að leigja 3 herb. íbúð í 101,103,107,200,201 eða 225. Viljum greiða um 110 þús. s: 699 5480.

## Fasteignir

Til sölu stórt einbýli á norðurlandi. Til greina kemur að skipta á eign á höfuðborgarsvæðinu Uppl. á siffo2@gmail.com

## Sumarbústaðir



**Sumarhús Húsafelli**
Til leigu rúmgóður sumarbústaður á „besta" stað í Húsafelli. Ein vika laus 19. - 26. júní. 50 þús kr vikan. Svefnaðstaða fyrir 6 - 8 manns. Uppl í síma 825 0050 eða á hakon@tryggir.is

## Atvinnuhúsnæði

Vantar 40-60 fm húsnæði til bílaviðgerða .Greiðslug. 50.þús. Uppl. 821-6625

HAFNARFJÖRÐUR -Skrifstofur -vinnustofur -verslun. Hgstæð leiga. 30 m2 35.000 kr. 105 m2 með sérinngangi 125.000 kr. 20 m2 24.000 kr. Sími 898 7820

Við Síðumúla er til leigu 100fm skrifstofuhúsnæði, húsnæðið er í mjög góðu standi. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068

Til leigu 60 fm. skrifstofu rými á annari hæð 2 herb. eldhúskrókur, wc með sturtu, lítil geymsla. 101 Rvk. Grandagarður, fínt sem vinnustofa eða einstaklings íbúð simi 847 7663.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

Leigjum 4 herbergja íbúð á Akureyri. Viku og helgarleiga. www.engimyri.is S:462-7518

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

## Atvinna í boði

SIAM
TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

**Tælenski veitingastaðurinn Síam Dalshrauni 11, Hafnarfirði**
**óskar eftir starfsfólki með góða reynslu af tælenskri matargerð í fullt starf. Aðeins traustir einstaklingar koma til greina.**
**Upplýsingar gefur yfirmatreiðslumaður Síam, Guðni Vignir á e-mail gudni@siam.is eða á staðnum.**

**Ís-mál ehf.**
**Óskar eftir málurum eða mönnum vönum málningarvinnu. Eingöngu vanir menn koma til greina.**
**Upplýsingar í síma 898 3123.**

Olíudreifing

**Meiraprófsbílstjóri**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf og ADR réttindi fyrir tankbíla í sumarstarf með aðsetur á Akureyri. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 461-4070 Umsóknir berist til akureyri@odr.is**

**Matvælavinnsla**
**Óskum eftir fólki í matvælavinnslu/sjávarfang. Fullt starf.**
**Uppl. í s. 840 4050**

panorama restaurant

Panorama Restaurant óskar eftir flottu og duglegu fólki í vaktavinnu strax, reynsla af þjónustustörfum nauðsynleg ásamt mjög góðri íslensku kunnáttu. Einnig óskast fólk í þrif og uppvask. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

Fjármálastofnun í póstnr. 108 óskar eftir fólki í ræstingar. Fáðu frekari upplýsingar sendar með því að senda póst á matreidslumeistarinn@gmail.com

Atvinnutækifæri. til sölu sendibíll 2007 tilbúinn m-talstöð-g.mælir .gsm 699 4166.

Gistiheimili í Kópavogi óskar eftir að ráða handlaginn húsvörð til starfa. Búseta í húsinu er skilyrði og fær viðkomandi íbúð til afnota. Starfssvið: almennt viðhald á fasteign, umhirða lóðar, ræstingar, önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og lipur í samskiptum, reglusamur, samviskusamur og þjónustulundaður. Umsóknir sendist á gkop09@gmail.com merkt „Húsvörður" fyrir 15 júní.

málarafyrirtæki í Færeyjum, vantat 3, málara í fastavinnu fram til jóla.íbuð á staðnum og bíll. hringið til Jóhannes í sima 00298-282015. til að fá fleiri upplýsingar.

**Dagvinna - árangurstengd laun.**
Okkur vantar öfluga og skemmtilega sölumanneskju til starfa við símasölu skráninga og auglýsinga! Upplýsingar í síma 550 3600 milli kl 13 og 16 virka daga.

Ruby tuesday Skipholti óskar eftir vönum vaktstjóra í sal. Hlutastarf. Meðmæli óskast. Umsóknir sendist á: birgitta@ruby.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Tilkynningar

Nýjar vörur komnar í verslun Saumagallerý Chaemsri Laugavegi 70 S. 552 1212.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**



**Chat.is**
Við spjöllum saman og kynnumst nýju fólki á Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Tilkynningar

FLÓAHREPPUR

# AUGLÝSING
## UM SKIPULAGSMÁL Í FLÓAHREPPI

Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Flóaskóla og Þjórsárver. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir stækkun skólahúsnæðis og íþróttahúss, gert ráð fyrir sundlaugarsvæði, stækkun félagsheimilisins Þjórsárvers og byggingarreitum fyrir tvö íbúðarhús. Þá er gert ráð fyrir að leiksvæði og bílastæði stækki.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps að Þinborg og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 11. júní til 23. júlí 2009. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ og www.floahreppur.is

Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 23. júlí 2009 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Margrét Sigurðardóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag

**Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegar, Reykjavíkurvegur 76-80 í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2009, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegar, Reykjavíkurvegur 76-80 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðanna er hækkað úr 0.8 í 1.0. Heimilt verður að hækka tvö hús úr einni hæð í þrjár hæðir. Byggingarreitur tengigangs er stækkaður og að hluta til hækkaður. Bílastæðum ofanjarðar fækkar en heimilt verður að gera bílakjallara syðst á lóðinni fyrir um 200 bifreiðar.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 12. júní 2009 - 13. júlí 2009. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is . Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeir sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 27. júlí 2009. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

**Nýtt deiliskipulag Öldugötu, Öldutúns 2-6, Ölduslóðar 2-12 og Hringbrautar 1-15 í Hafnarfirði.**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., er hér auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Nýtt deiliskipulag Öldugötu, Öldutúns 2-6, Ölduslóðar 2-12 og Hringbrautar 1-15 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br. hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt þann 25. nóvember 2008 tillögu að nýju deiliskipulagi Öldugötu, Öldutúns 2-6, Ölduslóðar 2-12 og Hringbrautar 1-15. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Að auki breytast mörk á deiliskipulagi Lækjargötu, Hringbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 10. júní 2009.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

## Atvinna

NORMI

## Vélatæknifræðingur eða vélaverkfræðingur óskast
**Leitum að öflugum tækni-og markaðsfulltrúa**

**Starfssvið:**
- Tilboðsgerð
- Hönnun
- Innkaup
- Markaðsmál
- Kennslumál

Hæfniskröfur:
- Góð alhliða tölvukunnátta
- Gott vald á ensku
- Hæfileiki til að starfa sjálfstætt
- Reynsla í málmiðnaði æskileg

Vinsamlegast sendið umsókn á normi@normi.is eða á heimasíðu okkar www.normi.is fyrir 16.júní n.k.

Eignarhaldsfélagið Normi á og rekur vélsmiðjuna Normi og Norm-X ehf. Vélsmiðjan er ein elsta smiðja á Íslandi. Hún er starfrækt í nýju og stóru húsnæði í Vogum, Vatnsleysuströnd og er búin góðum vélbúnaði og tækjum. Norm-X framleiðir heita potta úr plasti og rekur jafnframt verslun í Auðbrekku, Kópavogi. Heimasíða: www.normi.is

## Þjónusta


HELLULAGNIR
Er mjög vandvirkur og sanngjarn.
Geri tilboð þér að kostnaðarlausu.
Gróður og list ehf
s. 696 1775 Árni




# AFNEMUM VSK

## ÖLL GRILL ÁN VIRÐISAUKASKATTS

## Vönduð gasgrill frá grandhall living style

Við sendum þér nýja grillið samsett heim*



71.999kr
v.á. 89.999.-

grandhall living style

**Grandhall Premium 323**
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með há-glans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir



54.999kr
v.á. 69.999.-

grandhall living style

**Grandhall Classic 219**
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Ytra byrði úr 430 ryðfríu stáli
- Innbyggður hitamælir

*Frí heimsending á stórhöfuðborgarsvæðinu

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 14. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hilmar Bjarnason

sendibílstjóri,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 9. júní 2009. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 16. júní kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Hjördís Hilmarsdóttir** | **Steindór V. Sigurjónsson** |
| **Hörður Hilmarsson** | **Rita Lúkasdóttir** |
| **Bergrós Hilmarsdóttir** | **Aðalsteinn Aðalsteinsson** |
| **Heiða Hilmarsdóttir** | |
| **Jónína Hanna Hilmarsdóttir** | **Einar Magnússon** |
| **Sólbjört Hilmarsdóttir** | **Magnús Sörensson** |
| **Jón Hilmar Hilmarsson** | **Erla B. Jónsdóttir** |
| **Anna Hilmarsdóttir** | **Egill Stefánsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Halldóra Guðmundsdóttir

Hlyngerði 12, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 2. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Sigtryggur Helgason**

| | |
|---|---|
| **Þórhildur Sigtryggsdóttir** | **Hrafnkell Óskarsson** |
| **Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir** | **Skapti Haraldsson** |

**barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Sigurjón Ingólfsson

frá Skálholtsvík, Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala fimmtudaginn 4. júní. Kveðjuathöfn verður í Grensáskirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00. Jarðsungið verður frá Prestbakkakirkju laugardaginn 13. júní kl. 15.00.

**Sigfríður Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Þorgerður Sigurjónsdóttir** | **Gunnar Benónýsson** |
| **Anna Sigurjónsdóttir** | **Guðjón Jóhannesson** |

**barnabörn, barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn,*

## Franch Michelsen

úrsmíðameistari,

verður jarðsettur í Háteigskirkju föstudaginn 12. júní kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Franch Michelsen til uppbyggingar skátaheimilis Skátafélags Eilífsbúa á Sauðárkróki, bankareikningur 0161-15-380156, kennitala 640288-3379.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar, Guðný Jónsdóttir.**



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

## Reidun Gustum

Bjargartanga 18, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða og hlýja umönnun.

**Hjörtur Jónasson**

| | |
|---|---|
| **Sturla Hjartarson** | |
| **Hermann Hjartarson** | |
| **Hólmfríður Sóley Hjartardóttir** | **Axel Blöndal** |
| **Oddvar Örn Hjartarson** | |

**og barnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Halldóra Guðrún Björnsdóttir

Furugrund 60, Kópavogi, áður til heimilis að Heiðarvegi 64, Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi fimmtudaginn 4. júní sl. Útförin verður gerð frá Digraneskirkju föstudaginn 12. júní kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna Bogadóttir** | |
| **Eiríkur Bogason** | **Guðbjörg Ólafsdóttir** |
| **Kristján Bogason** | **Jóhanna Emilía Andersen** |
| **Svava Bogadóttir** | **Kristján Bjarnason** |
| **Gunnar Bogason** | **Bergþóra Aradóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Birna Salómonsdóttir

Frostafold 14, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 4. júní, verður jarðsungin frá Barðskirkju í Fljótum, laugardaginn 13. júní klukkan 11.

| | |
|---|---|
| **Salómon Viðar Reynisson** | **Þóra Lind Karlsdóttir** |
| **Ásgrímur Víðir Reynisson** | **Helga Þorsteinsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Fríða Emma Eðvarðsdóttir

Þorsteinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki, lést laugardaginn 30. maí.

Útför hennar fer fram frá Mælifellskirkju laugardaginn 13. júní kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Berta Margrét Finnbogadóttir** | |
| **Böðvar Hreinn Finnbogason** | **Guðbjörg Guðmannsdóttir** |
| **Stefanía Fjóla Finnbogadóttir** | **Guðmundur Magnússon** |
| **Violet Elizabeth Wilson** | **David Wilson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Okkar ástkæra dóttir, móðir, amma og systir,*

## Margrét Gísladóttir

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 8. júní. Útför auglýst síðar.

**Jónína J. Ward**
**Jón Hilmar Hálfdánarson**
**Júlíus Atli Hálfdánarson**
**Kara Rún Margrét Júlíusdóttir**
**Tera Rún Jórunn Júlíusdóttir**
**Jón Gíslason**
**Júlíana Gísladóttir**
**Ólafur Gíslason**
**Þuríður Gísladóttir**



✝

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Jóhanns Friðriks Sigurbjörnssonar

fyrrum bónda Atlastöðum, til heimilis að Laugabóli, Svarfaðardal.

| | |
|---|---|
| **Lena Gunnlaugsdóttir** | |
| **Dagmar Jóhannsdóttir** | |
| **Gunnlaug Jóhannsdóttir** | **Birgir Kristbjörnsson** |
| **Kristjana Jóhannsdóttir** | **Rögnvaldur Örn Snorrason** |
| **Harpa Rún Jóhannsdóttir** | **Kristján Örn Ólafsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ENSKI LEIKARINN OG GRÍNISTINN HUGH LAURIE ER FIMMTUGUR.**

*„Pabbi gaf mér fyrsta hjólið mitt þegar ég var sextán ára. Ég datt fljótlega af því og var í hjólastól í margar vikur. Ég hef ekki dottið síðan.“*

***Hugh Laurie er einna þekktastur fyrir hlutverk sín í Jeeves og Wooster og Blackadder, en auk þess hefur hann slegið í gegn sem dr. House.***




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**VIÐURKENNINGIN EYKUR TILTRÚ** Ulla telur að heiðursorðan staðfesti traust styrktarforeldra á SOS-samtökunum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**ULLA MAGNÚSSON:** FÆR HEIÐURSORÐU

# Traust samtök

Formaður SOS-barnaþorpanna á Íslandi, Ulla Magnússon, var á dögunum sæmd heiðursorðu alþjóðasamtakanna SOS-Kinderdorf International fyrir framúrskarandi störf í þágu samtakanna en um æðstu viðurkenningu þeirra er að ræða. „Þetta kom mér ánægjulega á óvart en vissulega er það mikil viðurkenning fyrir okkur sem að þessu störfum að sjá að þeir kunna að meta okkur þarna úti,“ segir hún og brosir. „Fólk hefur tekið okkur opnum örmum og þess vegna hefur starfið gengið vel og er verið að þakka okkur núna með þessari viðurkenningu.“

Alþjóðaforseti samtakanna, Helmut Kutin, veitti Ullu viðurkenninguna á afmælishátíð SOS-barnaþorpanna í Ráðhúsi Reykjavíkur síðastliðna helgi en samtökin hafa starfað hér á landi í 20 ár og alþjóðasamtökin fagna 60 ára afmæli um þessar mundir. „Ég hóf í raun starfsemina hér á landi en ég kynntist þessu í desember 1988 og fyrsta starfsárið var 1989. Fyrstu árin var allt unnið í sjálfboðavinnu. Þegar ég fór út og skoðaði starf samtakanna sá ég að það var mjög gott og unnið á faglegan máta,“ útskýrir Ulla og heldur áfram: „Upphafið að mínu starfi var hálfgerð tilviljun en hópur frá SOS í Danmörku kom hingað til lands og voru þeir þá farnir að skrá nokkra Íslendinga sem styrktarforeldra. Þeim þótti því ástæða til að koma þessu af stað hér og í framhaldi var haft samband við mig. Á endanum tók ég starfið að mér,“ segir hún og viðurkennir að starfið sé líka eins konar áhugamál. „Þetta er virkilega gefandi starf og svo lengi sem þörf er fyrir mig er ég til taks.“

Til að byrja með höfðu menn ákveðnar efasemdir þegar litla Ísland vildi taka þátt í starfsemi samtakanna en fljótlega kom í ljós að þær áhyggjur voru óþarfar, enda njóta nú þúsundir barna stuðnings Íslendinga. „Íslendingar voru fljótir til þegar þeir komu auga á þennan möguleika og hafa alltaf verið margir sem styrkja,“ segir Ulla en í fyrra sendu íslensku SOS-samtökin um 154 milljónir til stuðnings. SOS-samtökin eru einna stærst þeirra samtaka er sjá um að útvega munaðarlausum og yfirgefnum börnum um heim allan heimili og móður. Fjölmörg vestræn ríki afla styrktarforeldra fyrir börnin í barnaþorpum SOS en Ísland hefur lengi verið með eitt hæsta hlutfall styrktarforeldra þessa ríkja. „Við erum nú með um 5.300 styrktaraðila og erum að fá nýja á hverjum degi, þrátt fyrir ástandið. Þegar Dalai Lama kom hingað til lands bættust einhverjir í hópinn en við erum líklega þau einu sem eru með barnaþorp í Lhasa í Tíbet og svo eru mörg tíbesk flóttabörn á Norður-Indlandi,“ segir hún en bætir við að einhverjir hafi þó neyðst til að hætta að styrkja vegna kreppunnar. „Upphæðin er 3.000 krónur á mánuði, en við erum með tæplega 500 barnaþorp í 128 löndum og í þeim búa nú um 70.000 börn,“ segir Ulla en samtökin eru fyrst og fremst byggð upp á stuðningi styrktarforeldra og á frjálsum framlögum. „Viðurkenningin staðfestir okkar góða starf og styrkir trú og traust okkar stuðningsaðila á því,“ segir Ulla ánægð.

**hrefna@frettabladid.is**

## Lokað

Úra- og skartgripaverslunin Franch Michelsen úrsmíðameistari, Laugavegi 15, verður lokuð vegna jarðarfarar FRANCH MICHELSEN úrsmíðameistara, frá kl. 13.00 föstudaginn 12. júní.

**Frank Ú. Michelsen**
**úrsmíðameistari.**

Á FERÐALAGI

| | | |
|---|---|---|
| **12.- 13. júní** | **Ísafjörður, Bolungarvík** | |
| 19.- 20. júní | Siglufjörður, Fjallabyggð | Jónsmessuhátíð |
| 26.- 27. júní | Ólafsfjörður, Fjallabyggð | Blúshátíð |
| 3.- 4. júlí | Höfn í Hornafirði | Humarhátíð |
| 10.- 11. júlí | Akureyri | Landsmót UMFÍ |
| 17.- 18. júlí | Flúðir | Útilega Bylgjunnar |
| 24.- 25. júlí | Fjarðarbyggð | Franskir dagar o.fl. |
| **Verslunarmannahelgin um land allt** | | |
| 7.- 8. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli |
| 14.- 15. ágúst | Hveragerði | Blómstrandi dagar |

# BYLGJAN á ferðalagi

## Ísafjörður & Bolungarvík næstu helgi!

**Bylgjan og Olís fara umhverfis landið á 80 dögum í sumar. Um hverja helgi leggjum við undir okkur nýjan áfangastað – byrjum í bítið á föstudagsmorgni og förum ekki fyrr en Hemmi og Svansí ljúka leik síðdegis á laugardegi. Við drögum vikulega úr potti Ævintýraeyju Olís og bregðum á leik með hlustendum Bylgjunnar um allt land.**

**Við verðum á Ísafirði og Bolungarvík og komum við hjá Olís í Norðlingaholtinu um næstu helgi!**

**FÖSTUDAGUR:**
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

**LAUGARDAGUR:**
Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ævintýra-eyjan

olís







# Hugsjónaleiði er eina svarið



NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir



Það hefur einkennt mig alla tíð að þjást af hugsjónanostalgíu. Ég hef öfundað módernistana af brennandi hugsjónaeldi þeirra, þar sem hver „stóra sagan“ rak aðra. Síð-módernistar rændu mig þeirri gleði, að hafa trú á stjórnmálum, kennisetningum og stefnum. Mig langar að trúa, en ég get það ekki. Þess vegna á ég erfitt með mótmæli, hópamyndanir á Facebook, yfirlýsingagleði og annað slíkt. Ég vil berjast fyrir réttlæti, bjarga börnum í Súdan, leggja mitt af mörkum og allt það. Ég bara trúi ekki. Ég trúi ekki á það að hafa málstað, þótt mig langi til.

Kannski af því að ég trúi fáum ef nokkrum, að þeir brenni í raun fyrir þeim málstað sem þeir virðast berjast fyrir. Ég fæ boð um að koma í hinar og þessar grúppurnar frá fólki sem virðist hafa áframsent boðin frá einhverjum sem ekki brennur heldur en fær samviskubit ef hann eyðir skilaboðunum. Það geri ég.

Hins vegar fæ ég tár í augun á tímum þar sem fólk virkilega safnast saman um málstað, móderníska hugmynd um þjóðarstolt eða réttlætiskennd. En ég vil frekar mæta á atburði sem fagna góðu gengi en þá sem úthrópa mistök og sekt íslenskra ráðamanna.

Lengi hafa ráðamenn þjóðarinnar komið út til mótmælenda, klappað þeim á bakið og þakkað þeim fyrir að vera reiðir. Niðurlægt málstað þeirra með því að afskrifa hann sem gamlar hippavenjur eða hefðbundin bernskubrek. Hvað verður um unga fólkið ef það fær ekki að vera ungt og reitt?

Mitt svar er að vera ekki reið. Jú, Ísland er í fokki. Jú, það er ranglátt og það bitnar á mér um ókomin ár. En ég er ekki reið. Ég hef enga hugsjón og því mun ég ekki svíkja hana þegar þar að kemur.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HÁAR HUGMYNDIR LÁGT VERÐ



© Inter IKEA Systems B.V. 2009



**FROSTIG CB 601 innbyggður kælir/frystir 89.900,-**
B54×D54,5, H177cm.
Orkukerfi: A. Hvítt



**FRAMTID A01 ofn 49.900,-**
B59,5×D56,4, H59,5cm.
Orkukerfi: A. Ryðfrítt stál



**RENLIG B00 innbyggð uppþvottavél 89.900,-**
B59,7×D55,5, H82cm.
Orkukerfi: A. Hvítt



**LUFTIG B20 gufugleypir 59.900,-**
B59,8xD27,5-43, H17,3cm.
Afl mótors: 2x120W. Ryðfrítt stál



**ELDIG 601 keramíkhelluborð 59.900,-**
B58×D51, H5cm. Svart



**BOHOLMEN eldhúsvaskur 7.990,-**
B48×D50, H18cm. Ryðfrítt stál



**HOVSKÄR blöndunartæki með einu handfangi 12.950,-**
H30cm. Sirkonhúðað látún




**FAKTUM/APPLÅD eldhús**

# 275.470,-

**FAKTUM eldhús með APPLÅD svörtum hurðum og skúffuframhliðum.** APPLÅD hurðir og skúffuframhliðar með lakkáferð. Sýnt hér með METRIK svörtum duftlökkuðum álhöldum og PRÄGEL borðplötu með steináferð. Heimilistæki, vaskur, blöndunartæki, höldur, ljós og borðplata seld sér.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

**! kl.20**
*Skipulag auðnarinnar er yfirskrift göngu sem Hjálmar Sveinsson mun leiða frá Hafnarhúsinu að Höfðatorgi í kvöld en Hjálmar er kunnur fyrir umfjöllun sína um skipulagsmál í Reykjavík. Gangan er hluti af verkefninu Kvöldgöngur úr Kvosinni sem er dagskrá sem menningarstofnanir borgarinnar hafa sett saman hvert fimmtudagskvöld yfir sumartímann og stendur nú til boða fimmta árið í röð. Gengið er frá Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi kl. 20. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Exsultate, jubilate í kvöld

Í kvöld verða síðustu áskriftartónleikar Sinfóníunnar á þessu starfsári. Hingað er kominn góður gestur, sópransöngkonan Emma Bell, og syngur hún nokkrar perlur í Háskólabíói við undirleik hljómsveitarinnar. Fyrri hluti tónleikanna samanstendur af tveimur klassískum meistaraverkum, hinu glæsilega Exsultate, jubilate eftir Mozart sem er eins konar konsert fyrir sópransöngkonu, og sinfóníu nr. 2 eftir Ludwig van Beethoven. Eftir hlé er leikið á strengi tilfinninganna í verkum eftir Samuel Barber og glaðværum aríum úr óperum og óperettum eftir Johann Strauss, Franz Lehár og Giacomo Puccini.



**TÓNLIST** Emma Bell syngur á tónleikum Sinfó í kvöld.
MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Emma Bell er ein glæsilegasta sópransöngkona sem komið hefur fram í Bretlandi í áraraðir. Hún hreppti Kathleen Ferrier-verðlaunin árið 1998 og hin virtu Borletti-Buitoni-verðlaun nokkrum árum síðar. Hún þykir sérlega hæfileikaríkur Mozart-túlkandi og mun syngja hlutverk greifynjunnar í Brúðkaupi Fígarós við Metropolitan-óperuna haustið 2009. Stjórnandi er Hannu Lintu frá Finnlandi, sem hefur nýverið tekið við starfi aðalstjórnanda við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere.

Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 og verður þeim útvarpað á rás 1 Ríkisútvarpsins.

### > ekki missa af

síðustu sýningum Leikfélags Akureyrar á Fúlum á móti í Íslensku óperunni í kvöld og föstudagskvöld. Fúlar á móti er orðin önnur aðsóknarmesta sýning á einu leikári hjá LA. Þegar hafa um 15.000 gestir séð Fúlar á móti. Þær Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga og Björk Jakobsdóttir eru Fúlar á móti. Verkið er eftir Jennifer Eclair og Judith Holder.

## NÝ TÍMARIT


ÞJÓÐMÁL
Það þarf afl til að andæfa lyginni
Vinstri stjórn í tilvistarkreppu
Drápsklyfjar sjávarútvegsins

Sumarhefti Þjóðmála er komið út. Meðal efnis í nýja heftinu er grein Styrmis Gunnarssonar um vinstri stjórnir og Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, forstjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, fjallar um afleiðingar ef hugmyndum um fyrningu aflaheimilda væri hrint í framkvæmd. Birt er ræða Davíðs Oddssonar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Guðjón Már Guðjónsson kynnir hugmyndir um lausn jöklabréfavandans. Ráðherrarnir fyrrverandi Björn Bjarnason og Jón Baldvin Hannibalsson fjalla um Nató sextíu ára. Björn Bjarnason skrifar líka um ESB-króga ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokkinn en Hlynur Jónsson fjallar um frjálshyggjuna og Sjálfstæðisflokkinn. Jón Ríkharðsson sjómaður skrifar um Ásgeir Jakobsson rithöfund en níutíu ár eru frá fæðingu hans um þessar mundir. Margt fleira er í heftinu, sem er 96 síður. Útgefandi er Bókmenntafélagið Ugla og ritstjóri Jakob F. Ásgeirsson.

# Það er Grease sem er stíllinn

**Ameríski söngleikurinn Grease verður frumsýndur í kvöld í Loftkastalanum og er þetta í þriðja sinn sem hann kemur á svið atvinnuleikhúss í Reykjavík. Loftkastalinn er nú kominn í rekstur á ný eftir töluverðar endurbætur og er óhætt að segja að leikhúsið hafi tekið stakkaskiptum í viðgerðum síðustu vikna.**



**LEIKLIST** Gengið í Grease í góðum gír. MYND/THORSON PRODUCTIONS/JORRI

Um fimmtíu manns starfa við söngleikinn en leikstjóri er Selma Björnsdóttir. Rekstraraðilar Loftkastalans höfu miðasölu á söngleikinn fyrir um þremur vikum og hefur hún gengið frábærlega vel. Þegar er langt komið að selja alla miða á þær ellefu sýningar sem komnar eru í sölu.

Það er ungur hópur leikara og söngvara sem kemur fram í Grease, sem nú er flutt í þýðingu Veturliða Guðnasonar og fylgir upphaflegri staðsetningu: verkið gerist í amerískum smábæ. Þorvaldur Bjarni stýrir hljómsveit hússins en systurnar Birna, Guðfinna og Selma annast hreyfingar og dansa. Samstarfsmenn Selmu frá liðnum sýningum hennar eru fleiri: María Ólafsdóttir sér um búninga og Brian Pilkington um leikmynd.

Ólöf Jara Skagfjörð og Bjartmar Guðmundsson fara með stóru hlutverkin, þau Sandy og Danny, en auk þeirra kemur fram stór hópur ungra og eldri krafta: Aðalbjörg Árnadóttir og Víðir Guðmundsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Magnús Jónsson, Álfrún Örnólfsdóttir og Jón Jósep Snæbjörnsson. Svo stíga á svið Jogvan Hansen og Friðrik Ómar í fyrsta sinn í leikhlutverkum og að auki debútera nýútskrifaðir leikarar, Bjartmar og Walter Geir Grímsson. Í sýningunni koma einnig fram kraftar sem enn eru við nám: Ævar Þór Benediktsson og Sigurður Þór Óskarsson, auk þeirra Þorleifs Einarssonar, Hjördísar Lilju Örnólfsdóttur, Aðalsteins Kjartanssonar, Ástu Bærings, Maríu Dalberg og Maríu Þórðardóttur.

Grease er fyrsta verkefni nýrra rekstraraðila í Loftkastalanum, en nær tveir áratugir eru síðan farið var að leika í gamalli vélsmiðju þar á annarri hæð í bakhúsi. Þúsundir leikhúsgesta þekkja til staðsetningar hússins frá fyrri heimsóknum. Reksturinn er alfarið í höndum einkaaðila og nýtur engra styrkja frá ríki eða borg. Loftkastalinn er stærsta einkarekna leikhúsið á Íslandi um þessar mundir og ætlar Bjarni Haukur Þórsson, sem stendur að baki rekstri húss og sýninga, að feta þyrnum stráða braut horfinna fyrirtækja í sjálfstæðum leikhús- og sýningarekstri. Frá mars 2009 til júní 2010 verða til 150 hlutastörf vegna starfseminnar í Loftkastalanum. Það er því ljóst að um fimmtíu heilsárssstörf verða til vegna þessarar starfsemi næstu tólf mánuðina. Ef reksturinn gengur vel má búast við að þessum störfum eigi eftir að fjölga í framtíðinni. **pbb@frettabladid.is**






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. júní 2009**

### ➜ Tónleikar

**12.00** Málmblásarakvintettinn Brasskarar heldur hádegistónleika í **Dómkirkjunni** við Austurvöll. Á efnisskránni eru verk eftir J.S. Bach, G. Gabrieli, P. Dukas ásamt öðru léttmeti. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00 Trúbatrixur** verða með tónleika í Draugasetrinu við Hafnargötu á Stokkseyri.

**20.00** Píanóleikarinn **Birna Hallgrímsdóttir** flytur verk eftir Haydn, Brahms, Debussy og Rachmaninov á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00** Bergþór Smári og **MOOD** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

**21.00** Ljótu hálfvitarnir verða í **Frumleikhúsinu** við Vesturbraut í Reykjanesbæ. Húsið opnar kl. 20.

**21.00 Ragnhildur Gísladóttir og Bryndís Jakobsdóttir** verða á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

**21.00** Hundur í óskilum spilar á **Græna hattinum**, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.

**22.00** Ensími heldur tónleika á **Nasa** við Austurvöll. Húsið opnar kl. 21.

**22.00 Coxbutter-kvöld** verður haldið á Jacobsen, Austurstræti 9. Fram koma Diddi Fel & G. Maris, Stjörnuryk og Hypno.

### ➜ Kvöldgöngur

**20.00 Hjálmar Sveinsson** leiðir göngu frá Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu að Höfðatorgi og ræðir um skipulagsmál í Reykjavík. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Hafnarhúsið er opið til kl. 22 á fimmtudögum.



**20.00 Már Jónsson** sagnfræðingur verður með kvöldgöngu um Þingvelli. Ferðin hefst við fræðslumiðstöðina. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Sýningar

Sýningin „Innan Seilingar - Within Reach" í **Kling og bang** gallerí, Hverfisgötu 42, hefur verið framlengd til 21. júní. Aðstandendur sýningarinnar er hópur listamanna frá **Noregi og Íslandi** sem stóð að baki sviðsverkinu Eternum á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### ➜ Síðustu forvöð

Sýningu Hrafnhildar Arnardóttur **„Hégómaröskun"** í i8 gallerí við Klapparstíg 33, lýkur á laugardaginn. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.



### ➜ Leikrit

**18.00** Leikhópurinn Lotta sýnir **„Rauðhettu"**, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin Rauðhetta, Grísirnir þrír og Hans og Gréta. Sýnigin fer fram í Skallagrímsgarði á Borgarnesi.

**10.00 og 14.00** Brúðubíllinn sýnir leikritið **„Leikið með liti"** eftir Helgu Steffensen og Sigrúnu Eddu Björnsdóttur. Tvær sýningar verða í dag, sú fyrri kl. 10 við leikskólann á Kjalanesi en sú seinni verður við gæsluvöllinn í Fróðengi kl. 14. **Aðgangur ókeypis** og allir velkomnir.

### ➜ Bækur

**16.00** Alla fimmtudag í júní les Vignir Árnason upp úr þekktum skáldverkum á **Bókasafni Kópavogs**, Hamraborg 6a. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



★★★★★

"…feikilega vel flutt og áhrifamikið"
PBB, Fréttablaðið

★★★★★

"Það er langt síðan ég hef staðið upp jafn djúpt snortinn eftir sýningu á nýju íslensku leikriti."
JVJ, DV

Ingvar E. Sigurðsson

# DJÚPIÐ

Handrit og leikstjórn **Jón Atli Jónasson**

Djúpið er nýtt, íslenskt verk sem leikhús um alla Evrópu eru nú í óða önn að tryggja sér sýningarréttinn á. Djúpið er frásögn úr íslenskum veruleika sem lætur engan ósnortinn. Þetta er óður til allra þeirra íslensku sjómanna sem í gegnum aldirnar hafa haldið á djúpið.

Takmarkaður sýningartími,
aðeins fimm sýningar eftir.

11/06, 12/06, 18/06, 19/06, 21/06

**Tryggðu þér miða strax.**

FORLAGIÐ

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# HVERT ÞYKIST Þ

## Tíu glæný sérkort

Skemmtilegar aksturs- og gönguleiðir, auk




Á BAKHLIÐ KORTANNA ERU NÁKVÆM GÖNGUKORT AUK LEIÐARLÝSINGA,




**FERÐAKORT**
Heildarkort af Íslandi með nýjustu upplýsingum um vegakerfi landsins og þjónustu fyrir ferðafólk

**ÍSLANDSKORT BARNANNA**
Sniðið að þörfum yngstu ferðalanganna. Helstu náttúruperlur, dýr og skemmtilegir sögustaðir







**HÁLENDISKORTIÐ**
Leiðir og sérkenni hálendisins ásamt GPS-hnitum og ítarlegri skálaskrá




**REYKJAVÍK**
Ómissandi götukort af höfuðborgarsvæðinu

FERÐUMST UM LANDIÐ OKKAR

# Ú VERA AÐ FARA?

fyrir fólk á faraldsfæti

fjölda örnefna og annarra gagnlegra upplýsinga

EIGULEG KORT SEM OPNA ÞÉR NÝJAR LEIÐIR




LITMYNDA AF HELSTU NÁTTÚRUPERLUM SVÆÐISINS OG VANDAÐRA FUGLATEIKNINGA







**FJÓRÐUNGSKORT**
Landshlutakort með öllum helstu upplýsingum um náttúruperlur fjórðunganna ásamt litmyndum

**KORTABÓK**
Handhæg gormabók með 60 landshlutakortum og 38 nákvæmum kortum af Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum. Upplýsingar um sundlaugar, söfn og tjaldsvæði

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




THE HORRORS


LANGI SELI OG SKUGGARNIR

**> Í SPILARANUM**

**The Horrors** – Primary Colours
Dangermouse & Sparklehorse – Dark Night of the Soul
**Langi Seli og Skuggarnir** – Drullukalt
Little Boots – Hands

**tónlist**

tonlist@frettabladid.is

# Undirbýr fyrstu sólóplötuna

Jack White ætlar að hefja upptökur á sinni fyrstu sólóplötu á þessu ári. Þetta eru góð tíðindi fyrir aðdáendur The White Stripes sem þyrstir í nýtt efni frá meistaranum. Þeir þurfa reyndar ekki að bíða allt of lengi, því platan Horehound með hliðarverkefni hans The Dead Weather kemur út 13. júlí. Um hálfgerða ofurgrúppu er að ræða því auk White skipa hana meðlimir Queens of the Stone Age, The Kills og The Raconteurs, annars hliðarverkefnis hans.

Í nýlegu viðtali skýtur White föstum skotum að upptökubúnaðinum Pro Tools sem hefur náð að festa rætur á undanförnum árum. „Mér finnst Pro Tools algjörlega óviðeigandi við upptökur á tónlist. Mér finnst að það ætti bara að nota það í bíómyndum eða heimildarmyndum. Vilji menn reyna að ná fram einhverri sál í tónlistinni gera þeir mikil mistök með því að nota þetta,“ sagði White. „Það er of auðvelt að leiðrétta mistök.

Við heyrum sótthreinsaða fullkomnun í öllum lögunum. Það er ekki þannig tónlist sem við ólumst upp við að elska og vilja vera hluti af.“


**JACK WHITE** White er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Humbug úr smiðju Arctic

**Þriðja plata Sheffield-strákanna í Arctic Monkeys sem kemur út 24. ágúst hefur fengið nafnið Humbug. Upptökustjórar voru James Ford, sem kom að gerð síðustu plötu sveitarinnar, og Josh Homme, forprakki Queens of the Stone Age.**

**Upptökur á plötunni hófust síðasta sumar og að sögn piltanna er hluti hennar undir áhrifum frá þungarokkssveitinni Black Sabbath. Skömmu eftir útgáfu plötunnar spilar Arctic Monkeys á tveimur tónlistarhátíðum; á Leeds-hátíðinni 28. ágúst og á Reading daginn eftir.**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Næsta eftirlætissveit gagnrýnenda?*

Það virðist ekkert lát á fínum plötum og stefnir í að árið 2009 verði sterkt tónlistarár þrátt fyrir heimskreppu og enn frekari samdrátt í sölu á tónlist. Gamlar hetjur eins og Sonic Youth og Dinosaur Jr. eru með nýjar plötur sem lofa góðu og yngri sveitir eru að gera það gott líka. Þar á meðal má nefna bresku sveitina The Horrors sem var að senda frá sér plötu númer tvö, Primary Colours, Íslandsvinina í Grizzly Bear sem hafa fengið frábæra dóma fyrir sína þriðju plötu í fullri lengd, Veckatimest, og Fever Ray, sólóverkefni Karen Dreier Anderson úr The Knife, en samnefnd plata þykir gefa The Knife lítið eftir þó að tónlistin á henni sé ólík og svolítið seinteknari.


**BJÖRK OG DIRTY PROJECTORS** Björk kom fram með Dirty Projectors á styrktartónleikum í New York 8. maí.

Heitasta nafnið þessar vikurnar er samt sennilega Brooklyn-sveitin Dirty Projectors. Nýja platan hennar, Bitte Orca, telst vera hennar fimmta plata á sex árum, en sveitin er hugarfóstur Daves nokkurs Longstreth sem jafnframt er eini fasti meðlimurinn í bandinu sem í eru núna sjö manns. Dirty Projectors vakti fyrst athygli fyrir þriðju plötuna sína The Getty Address sem kom út árið 2005. Fyrir tveimur árum kom svo Rise Above sem hafði að geyma ellefu lög af plötunni Damaged með bandarísku pönksveitinni Black Flag í meðförum Dirty Projectors, en Dave lét meðlimina spila lögin inn eftir minni. Í fyrra gerði hljómsveitin svo samning við Domino og Bitte Orca er fyrsti ávöxtur þess samstarfs. Tónlistin á henni einkennist af skrítnum lagasmíðum og skemmtilegum söngútsetningum. Hún er tilraunakennd og framandi, en líka aðgengileg og grípandi. Frábær plata.

Það hefur líka vakið athygli með hverjum Dirty Projectors hefur unnið. Í fyrra gerði sveitin lagið Knotty Pine með David Byrne fyrir safnplötuna Dark Was the Night og fyrir mánuði síðan spilaði hljómsveitin á styrktartónleikum fyrir húsnæðissamtök í New York ásamt Björk. Ekki minnkaði áhuginn á sveitinni við það.




# Þrjár efnilegar poppdívur

**Margir bíða með mikilli eftirvæntingu eftir fyrstu plötum þriggja af vinsælustu söngkonum Breta um þessar mundir. Florence and the Machine, La Roux og Little Boots stíga nú fram á sjónarsviðið.**

**FLORENCE AND THE MACHINE**

Florence hefur verið lýst sem blöndu af Kate Bush, Patti Smith og Björk. **LA ROUX** Sérstæð hártískan ætti ekki að fara fram hjá neinum. **LITTLE BOOTS** Tók þátt í Pop Idol þegar hún var sextán ára. NORDICPHOTOS/GETTY







Florence Welch er 22 ára listnemi sem hætti í skóla til að einbeita sér að tónlistinni. Hún var uppgötvuð þegar hún var að syngja Motown-slagara drukkin inni á salerni á næturklúbbi. Á heimasíðu BBC er henni líkt við Kate Bush og Patti Smith auk þess sem Björk virðist eiga smá hluta í henni.

Florence vann Brit-gagnrýnendaverðlaunin í febrúar síðastliðnum sem efnilegasti ungi tónlistarmaðurinn í Bretlandi. Tónlist hennar hefur verið lýst sem blöndu af sálar- og indítónlist og rödd hennar er sérlega góð, eins og gestir Iceland Airwaves-hátíðarinnar fengu að kynnast á tónleikum hennar í Hafnarhúsinu á síðasta ári. Sviðsframkoma hennar er einnig lífleg en henni til halds og trausts á sviðinu er hljómsveitin The Machine. Plata hennar, Lungs, kemur út 8. júlí.

La Roux er dúett þeirra Elly Jackson og Bens Langmaid, þó svo að Elly sé í forgrunninum. Hún er tvítug og er frá suðurhluta Lundúna eins og Florence. Hún er dóttir þekktrar leikkonu í Bretlandi, Trudie Goodwin, og hlustaði til að byrja með mikið á Nick Drake og Carole King. Núna er hennar aðall hressilegt rafpopp í anda níunda áratugarins og sömuleiðis sérstæð hártíska sem ætti ekki að fara fram hjá neinum. La Roux er sögð vera blanda af Eurythmics og Kim Wilde með smá slettu af Lady Gaga. Fyrsta plata hennar nefnist einfaldlega La Roux og kemur út 29. júní.

Little Boots heitir réttu nafni Victoria Hesketh, er frá Blackpool og er 25 ára. Þegar hún var sextán ára tók hún þátt í raunveruleikaþættinum Pop Idol en datt út eftir þrjár umferðir, áður en dómararnir komu við sögu. Þá stofnaði Victoria djasstríó og fór í tónleikaferð um Evrópu áður en hún stofnaði aðra sveit, Dead Disco.

Little Boots blandar saman klúbba- og diskótónlist og hefur henni verið líkt við Kylie Minogue og hljómsveitina Saint Etienne. Hún varð í efsta sæti í kjöri BBC yfir nýja tónlistarmenn sem líklegir eru til vinsælda á þessu ári. Plata hennar, Hands, kom út síðastliðinn mánudag.

**freyr@frettabladid.is**

# Dísa og Ragga fyrstar í búrið

Mæðgurnar Ragnhildur Gísladóttir og Bryndís Jakobsdóttir munu leiða saman hesta sína á fyrsta kvöldi Fuglabúrsins svokallaða, á Rósenberg í kvöld. Eru tónleikarnir þeir fyrstu í röðinni, en ætlunin er að etja saman yngri og reyndari tónlistarmönnum fyrsta miðvikudaginn í hverjum mánuði, í júlí og ágúst. Reykjavík Grapevine og Félag tónskálda og textasmiða standa fyrir tónleikunum, sem hefjast klukkan níu, og kostar þúsund krónur inn.

„Við erum að fara að spila sett hvor, svo syngjum við nokkur lög saman. Hún tekur lög af plötunni Human Body Orchestra og ég tek glæný lög í bland við gömul. Þetta verður bara sætt,“ segir Bryndís.

Finnst henni þær mæðgur ólíkar, tónlistarlega? „Ég veit það ekki. Við erum líkar að sumu leyti, eins og margar mæðgur eru. Við eigum mjög gott skap saman og finnst gaman að syngja saman.“

Þær hafa þó ekki komið mikið fram saman. „Við höfum sungið saman, held ég, tvisvar áður. Einu sinni fyrir upptöku og svo á Rósenberg. Þá sungum við mitt efni og gekk mjög vel. Þetta passar bara ágætlega saman.“

Annars er Dísa að spila með góðvini sínum Mads Morrits og Bárujárni á Grand Rokki á föstudagskvöldið. Hún segir það gaman að vera komin heim en hún er með „einn og hálfan“ fótinn í Danmörku. Styttist í plötu? „Ég er alltaf að semja nýtt og spila, þannig að það kemur að því.“


**PASSA ÁGÆTLEGA SAMAN** Mæðgurnar Ragga og Dísa eru óhræddar við að bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðhátíðarfötin
á frábæru tilboði

Kauptu eina flík
í barnadeild
og fáðu aðra á

# 50%
# afslætti

Þú borgar fullt verð fyrir dýrari vöruna



FLOTT
VARA
Á FLOTTU
VERÐI

fókus

Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir fimmtudag til þriðjudags

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

>FÓLK

Hnefaleikakappinn **Mike Tyson** gekk í það heilaga í þriðja sinn um helgina. Sú heppna heitir Lakiha Spicer. Aðeins eru tvær vikur síðan ung dóttir Tysons af fyrra hjónabandi lést af slysförum.

# fólk

folk@frettabladid.is



# Skapandi sumarhópar skornir niður

Síðustu ár hafa skapandi sumarhópar Hins hússins sett svip sinn á miðbæ Reykjavíkur með ýmsum skemmtilegum uppákomum. Í ár munu átta metnaðarfullir hópar sjá um að skemmta gestum og gangandi og má þar nefna danshópinn Ramadansfjelagið auk þriggja tónlistarhópa. Í sumar verða að venju haldin þrjú Föstudagsfiðrildi, það fyrsta verður nú á föstudag og koma þá hóparnir allir saman í miðbænum og verða með ýmis skemmtiatriði frá klukkan 12 til 14.

Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningarmála hjá Hinu húsinu, segir að vegna niðurskurðar séu færri sumarhópar á vegum Hins hússins í ár en oft áður. „Því miður er það svo að flóran í ár er minni en oft áður. Stöðugildin hafa hingað til verið allt frá fjörutíu og upp í sjötíu en í ár eru þau aðeins 25. Það ætti að efla þetta starf en það er oft svona þegar litlir peningar eru til skiptanna.“ Ása segir það þó gleðiefni að sumarstarfið hafi verið valið sem fyrirmyndarverkefni hjá Evrópuráðinu í ár en hugmyndafræðin að baki skapandi sumarhópum var valin sem fyrirmyndarverkefni og öðrum þjóðum til eftirbreytni. - sm



**SKAPANDI SUMARSTARF** Hins hússins þykir til fyrirmyndar að mati Evrópuráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nýtt lag frá Gus Gus

Fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu Gus Gus nefnist Add this Song og fer það í loftið 22. júní. Lagið var tekið upp ásamt öðrum lögum plötunnar 24/7 í Tankinum við Önundarfjörð og í hljóðveri Gus Gus í Reykjavík. 24/7 er sjötta plata Gus Gus og kemur út 3. september hjá einu virtasta raftónlistarútgáfufyrirtæki heims, Kompakt. Platan átti upphaflega að koma út 6. júlí en ákveðið var að fresta útgáfunni um þrjá mánuði. Næstu tónleikar Gus Gus verða á skemmtistaðnum Vega í Kaupmannahöfn á fimmtudag.






**SÁLIN** Sálin hans Jóns míns gefur út tvö ný lög í sumar.

## Sálin fer á flakk

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Kominn tími til. Gítarleikarinn Guðmundur Jónsson samdi lagið en Stefán Hilmarsson textann. Þetta er fyrra lagið af tveimur sem koma út með Sálinni í sumar. Hið síðara, sem kemur út um mitt sumarið, samdi Guðmundur við texta Friðriks Sturlusonar bassaleikara. Sálin hefur verið dugleg við spilamennsku síðan hún hélt afmælistónleika 14. mars í fyrra. Sveitin ætlar að spila fram á haust og leggjast þá í híði yfir veturinn.

### SÁLIN Á NÆSTUNNI

- 13. júní: Hvíta húsið, Selfossi
- 19. júní: Spot, Kópavogi
- 20. júní: Sjallinn, Akureyri
- 27. júní: Versalir, Þorlákshöfn
- 4. júlí: Akranes („Lopapeysan 2009“)

# Strákarnir í Styrmi bjóða Ronaldo að ganga í liðið

**Enn er sprottin upp umræða um hvort fótboltakappinn Ronaldo hjá Manchester United sé hommi – síðast vegna myndar sem The Sun birti nýverið. Strákarnir í knattspyrnufélaginu Styrmi segja að sé þetta eitthvað vandamál sé Ronaldo guðvelkominn í félagið.**



**KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ STYRMIR** Sé svo að Ronaldo sé inni í skápnum segja strákarnir í Styrmi að hann sé meira en velkominn í sínar raðir – þar líði öllum vel.

„Er ekki alltaf stutt í hommann í öllum? Við getum haldið í vonina. En sé svo þá liggur beinast við að hann komi hingað. Til Íslands og gangi í liðið. Allir velkomnir í Styrmi,“ segir Jón Þór Þorleifsson í knattspyrnufélaginu Styrmi sem skipað er samkynhneigðum knattspyrnumönnum.

Enn er sprottin upp umræða, sumum til gremju en öðrum gleði, um það hvort knattspyrnukappinn Ronaldo hjá Manchester United sé hommi eður ei. Ýmsar myndir þykja gefa það til kynna og nú síðast mynd sem The Sun birtir af Ronaldo þar sem hann er með bleika derhúfu, bleika rós við eyra og í hvítum þröngum buxum. Jón Þór segir að ef til þess komi að Ronaldo komi úr skápnum þá væri ekki úr vegi að hann kæmi til Íslands þar sem öllum hommum líði vel enda búið að yfirstíga fordóma að miklu leyti á Íslandi. Ronaldo gæti þá verið spilandi þjálfari. „Við myndum reyna að nýta okkur reynslu hans og hann fengi að verða heiðursmeðlimur.“

Svo virðist reyndar sem heimur fótboltamannanna á Íslandi sé síðasta vígið. Jón Þór bendir á að ekki sé einn einasti yfirlýstur hommi í úrvalsdeildinni hér. Og það gangi í raun gegn allri tölfræði að enginn í þeim hópi sé hommi. Og því miður sé það svo að eftir að menn hafi komið út úr skápnum forðist þeir að leggja stund á íþróttina. „Ég held að þetta sé eitthvað í sambandi við hefðina. Það vantar einhvern til að stíga fyrsta skrefið. Það þarf Harðar Torfa-týpuna í fótboltann. Því á Íslandi er þetta ekkert mál. Við höfum það gott hérna. Og ef einhver fer að ybba gogg þá yrði gert grín að honum og litið niður á hann,“ segir Jón Þór.

Styrmir æfir nú af kappi fyrir mikið íþróttamót sem fram fer í Kaupmannahöfn dagana 23. júlí til 3. ágúst. Frá Íslandi fer 23 manna lið, fótbolta- og sundlið. „Þetta er stærra en Smáþjóðaleikarnir. Áætlað er að þarna verði fimm þúsund þátttakendur. Þegar mótinu lýkur er einmitt Gay Pride í Kaupmannahöfn og viku síðar hefst Gay Pride í Reykjavík. Það stefnir í stanslausan fögnuð.“

jakob@frettabladid.is




**RONALDO Í THE SUN** Þeir sem gerst þekkja til halda því fram að á þessari mynd sé Ronaldo sem klipptur út úr tískuheimi homma.




# Urrar og brýtur flöskur

Kanadíska söngkonan Kathleen Yearwood er nú stödd hér á landi og mun halda nokkra tónleika á meðan á heimsókninni stendur. Tónlist Yearwood þykir dansa á mörkum ljóss og myrkurs og sjálf segir hún tónlist sína samanstanda aðallega af óhljóðum og áhrifum frá þjóðlagatónlist. Uppvaxtarárin í Kanada eru uppspretta lagatexta hennar, sem flestir fjalla um ofbeldi, fátækt, kynjamisrétti og siðspillingu samfélagsins. Sviðsframkoma Yearwood þykir einstök og á einu augnabliki getur hún farið frá því að brjóta flöskur, öskra og urra yfir í að syngja ljúfa ballöðu. Söngkonan stundaði tónlistarnám í Montreal með áherslu á raftónlist. „Ég leik aðallega á rafmagnsgítar, sem mér þykir merkilegt hljóðfæri fyrir þær sakir að það getur framkallað næstum hvaða hljóð sem er. Ég get fengið hann til að hljóma eins og orgel, öskur eða hræðilegt slys,“ segir söngkonan.

Ástæðuna að baki Íslandsförinni segir hún einfaldlega vera þá að hana hafi langað að heimsækja landið. „Ég hef mikið verið í Noregi og haldið þar nokkra tónleika. Þar kviknaði áhugi minn á Íslandi. Það var svo íslenskur maður sem hafði samband við mig í gegnum Myspace-síðu mína og sagðist vera formaður og jafnframt eini meðlimur aðdáendaklúbbs míns á Íslandi. Mér fannst þetta nokkuð skemmtilegt og í kjölfarið ákvað ég að láta verða af heimsókninni.“ Yearwood heldur til Keflavíkur í dag þar sem hún heldur eina tónleika á skemmtistaðnum Paddy's. Næstu tónleikar hennar verða haldnir annað kvöld á Kaffi Hljómalind. - sm



**SÆKIR INNBLÁSTUR Í ÆSKUÁRIN** Kanadíska söngkonan Kathleen Yearwood þykir nokkuð sérstök og sviðsframkoman einstök. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Jibbí jei!
Við erum í Þjóðhátíðarskapi og bjóðum
allar vörur með 17% afslætti til 16. júní
next
Fyrir þig og þá sem þér þykir vænst um!
Kringlunni · 551 3200




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8D - 8:30 - 10:20D - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MANAGEMENT | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 8 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 6D - 8D - 9D - 10:20D - 11:20D | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6:30 | L |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 4 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 4D síðasta sýn á föstud. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 8 | L |
| ANGELS AND DEMONS | kl. 10 | 14 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |
| ADVENTURELAND | kl. 8 | 12 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 8 | L |

HTTP://FACEBOOK.SAMBOIN.IS

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRI... LÚXUS | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 4 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 - 8 - 10. | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6, 8 og 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 4 | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 og 10.15 | 14 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 4 og 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |




# Sirkuslistir á Hjalteyri

Sirkuslistamennirnir í Shoebox Tour ferðast um þessar mundir um landið. Hópurinn samanstendur af Bandaríkjamanninum Jay Gilligan, heimsmeistara á einhjóli og í gripli, Finnanum Mirja Jauhiainen, sem er vön því að sýna listir sínar í rólu í fimmtán metra hæð, og Svíanum Erik Åkan. Öll eru þau alvön, reka skóla og vinna fyrir stóra sirkusa, en þau tengjast Circus Circör í Stokkhólmi.

Hópurinn hóf ferð sína í Grindavík, fór þaðan á Vík og er á Kirkjubæjarklaustri í gær. Þá sýnir hópurinn í Ketilhúsinu á Akureyri á föstudag og á Hjalteyri á laugardagskvöld. Frítt er inn á viðburðinn á Hjalteyri, en þar munu tveir íslenskir töframenn bætast í hópinn. Þá er ætlunin að hengja upp rólu til að Mirja geti sýnt listir sínar.

„Við erum að reyna að gera þetta þannig að það sé ekki dýrt fyrir fólk, vegna þess hvernig ástandið er í þjóðfélaginu," segir Sólveig Þorbergsdóttir, kennari í Waldorfskólanum Lækjarbotnum og sirkusáhugamaður, en hún og fjölskylda fylgja hópnum. Listamennirnir bjóða einnig upp á námskeið fyrir ungt fólk. „Við viljum kveikja smá sirkusneista, hér og þar."

Hópurinn verður í höfuðborginni 15.-19. júní og geta gestir barið hann augum í Hljómskálagarðinum á 17. júní.



**SKÓKASSASIRKUS** Jay, Mirja og Erik leika listir sínar um allt land. MYND/HANS VERA



**SAMBANDSSLIT EÐA GIFTING** Einhverjir halda því fram að Angelina Jolie og Brad Pitt séu að slíta samvistum eftir fjögurra ára samband og sex börn.

# Brangelinu-æðinu að ljúka

**Eitt umtalaðasta og frægasta par Hollywood er komið aftur í kastljós fjölmiðlanna. Slúðurblöð og slúðurvefmiðlar keppast nú um að flytja fregnir af hugsanlegum sambandsslitum Brads Pitt og Angelinu Jolie.**

Segja má að erlendir fréttamiðlar hafi fyllst eldmóði við þær óljósu fréttir að Brad Pitt væri fluttur út frá barnsmóður sinni, Angelinu Jolie. Því hefur verið haldið fram að þau sofi hvort í sínu húsinu, deili ekki rúmi og svona mætti lengi telja. Og fréttamiðlarnir hafa farið á fullt og nánast hringt í alla þá sem hafa einhvern tímann séð leikarahjónin. Þess ber að geta að fjölmiðlafulltrúi parsins hefur vísað öllum fréttum á bug.

Vefsíðan New Idea greinir frá því að einn sjónarvottur hafi séð Brad Pitt koma út úr glæsivagni í Los Angeles í dulargervi. Konan sem fylgdi fast á hæla hans var ekki Angelina heldur fyrrverandi eiginkonan, Jennifer Aniston. Hafa skal í huga að þrátt fyrir að þessi frásögn hljómi einkennilega er mönnum full alvara með þessum fréttum. Ekki þarf að fjölyrða um hvernig þessi fundur fór í Angelinu enda ætti flestum að vera kunnugt um fortíð Jennifer og Brads; þau voru jú gift í fimm ár en skildu þegar Brad tók saman við Angelinu eftir að tökum á kvikmyndinni Mr. & Mrs. Smith lauk. Pitt og Jolie léku saman í henni. „Jennifer vill gjarnan fá Brad aftur til sín, hún er búin að reyna í fjögur ár," hefur New Idea eftir heimildarmanni sínum.



**ÓLJÓSAR FREGNIR** Þær eru heldur skáldlegar, fréttirnar sem berast af Jolie og Pitt. Sumir vilja halda því fram að Pitt og Jennifer Aniston séu að taka saman aftur.

Ekki virðast allir hafa keypt söguna um að þetta frægasta par veraldar eigi í einhverjum sambandserfiðleikum. Sunday Mirror sagði frá því um helgina, og hafði eftir heimildarmanni sínum, að Brad Pitt og Angelina Jolie ætluðu að gifta sig í sumar. „Þau vilja þannig binda enda á orðróminn um að þau eigi í einhverjum erfiðleikum," hefur Sunday Mirror eftir nafnlausa heimildarmanninum sínum. Ef svo fer að Brad og Angelina skilji má búast við harðvítugri forræðisdeilu sem ekki á eftir að fara fram í kyrrþey. Brad ákvað nefnilega á sínum tíma að ganga bæði Maddox og Zahöru í föðurstað, en Jolie hafði sjálf ættleitt þau frá Kambódíu og Eþíópíu.

freyrgigja@frettabladid.is

# Tískudagbækur og kreppuráð

„Hugmyndin fæddist á kaffihúsi fyrir hálfu ári síðan," segir Dagný Berglind, en hún heldur ásamt fjórum öðrum úti vefritinu iheartrvk.is sem sett var á laggirnar fyrr í vikunni. „Okkur fannst vanta miðil þar sem hægt væri að finna umfjöllun um tísku, menningu, tónlist og aðra viðburði, allt á sama stað." Móttökurnar hafa að sögn Dagnýjar verið framar öllum vonum og hafa heimsóknir á vefsíðuna síðustu daga verið mun fleiri en þau bjuggust við. „Við byrjuðum á núlli, höfðum ekkert fjármagn og enga bakhjarla. Við höfum unnið hörðum höndum að því að koma síðunni upp og núna erum við að sjá árangur erfiðisins." Meðal þess efnis sem hægt er að finna á síðunni eru viðtöl, tískudagbækur, tónlistarumfjöllun og kreppuráð. „Kreppuráðin eru ódýrar tískulausnir sem ég og Anna Sóley vildum deila með lesendum ritsins. Við höfum verið duglegar við að finna upp á ýmsum lausnum í kreppunni sem eru auðveldar í framkvæmd og kosta lítið," segir Dagný, en á vefsíðunni má sjá hvernig hægt er að búa til forláta kjól úr tveimur skyrtum. Opnunarteiti verður haldið í kvöld til að fagna áfanganum og munu stúlkurnar í Pascal Pinon, Emmsjé Gauti og Dj Áki koma fram meðal annarra og skemmta gestum. Veisluhöldin fara fram í Austurstræti 6.

- sm



**ANNA SÓLEY, DAGNÝ BERGLIND, HEIMIR OG ÁRNI MÁR** Halda úti vefsíðunni iheartrvk.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lúxus súkkulaði íspinni
Lúxus lakkrís íspinni
Lúxus vanillu íspinni
Lúxus karamellu íspinni
Ananas hlunkur
Appelsínu hlunkur
Ávaxta hlunkur
Grænn hlunkur
Hlunkur
Nýtt
diskó íspinni
Vanilluís með þykkum súkkulaðihjúp
Nýtt
SCALA
Rjómaís með þykku Nóa Síríus súkkulaði og möndlum
Lúxus
Kjörís
með Íslendingum 40 ár
Lúxus konfekt toppís
Lúxus súkkulaði toppís
Lúxus karamellu toppís
Súkkulaði flaug
Vanillu flaug
Púkaskott með hlaupkúlum
Nýtt
Trúðaís
Jarðarberja flaug
Þriggja bragða frostpinni: Jarðarberja, ananas og lime
Vanillu rjómaís hjúpaður með ananasfrostpinnahjúp
Vanilluís með lakkríssósu og þykkum saltlakkríshjúp
PUNKTUM
Nýtt
Københavner stang
Nýtt
TWISTER
Nýtt
Jarðarberja shake
Súkkulaði shake
Daim
Nýtt
Vanilluís með ekta Daim kúlum
FRISKO
Nýtt
Vanilluís með jarðarberjasósu. Myndir í loki til að safna
Magnum með súkkulaði
Magnum með hvítu súkkulaði
Magnum með súkkulaði og möndlum
Magnum með karamellu og tvöföldu dökku súkkulaði
MAGNUM
www.kjoris.is

## > Ísland úr leik

Ísland á eftir tapið fyrir Makedóníu í gær engan möguleika lengur að ná öðru sætinu í 9. riðli undankeppni HM 2010. Það sæti veitir mögulega rétt á þátttöku í umspili um sæti á HM. Skotland og Makedónía eru nú bæði með sjö stig en Skotar eiga leik til góða. Norðmenn eru í neðsta sæti riðilsins með þrjú stig, einu á eftir Íslandi en eiga tvo leiki til góða. Þeir mega þó alls ekki tapa gegn Skotum á heimavelli þann 12. ágúst næstkomandi – þá verða þeir í sömu stöðu og Íslendingar.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: VONBRIGÐI Í MAKEDÓNÍU

# *Við höfum fengið það sem við áttum skilið*



Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari fór ekki leynt með vonbrigði sín eftir að Ísland tapaði fyrir Makedóníu í undankeppni HM 2010 ytra í gær, 2-0. „Þetta voru vissulega ákveðin vonbrigði,“ sagði Ólafur. „Ég tel að Makedónía hafi nú verið betri í fyrri leiknum gegn okkur heima á Laugardalsvellinum,“ sagði hann en þá vann Ísland 1-0 sigur. „En nú fengum við mark á okkur á fyrstu tíu mínútunum annan leikinn í röð og það er eitthvað sem við ætluðum alls ekki að leyfa að gerast. Einn af okkar stóru möguleikum í leiknum var að halda þeim frá markinu okkar. En eftir markið líður þeim vel og fara í sinn leik án þess að vera að reyna eitthvað sérstakt. 1-0 er þó ekki mikil forysta og möguleiki fyrir okkur að koma okkur inn í leikinn. En við vorum bara afspyrnuslakir í okkar sóknarleik.“

Hann segir að meiningin hafi verið að laga sóknarleikinn í síðari hálfleik. „Ég held að hann hafi bara versnað í þeim síðari. Við ætluðum að reyna að sækja framar á völlinn og reyndum að bæta í þegar 25 mínútur voru eftir. Þá setti ég Jóhann Berg og Birki Má inn á en báðir eru þeir fljótir leikmenn. Við héldum að það gæti nýst okkur eitthvað. Stefán hefði einnig mátt fara ofar upp á völlinn en því miður gekk þetta bara ekki eftir. Þetta var mjög erfitt hjá okkur í seinni hálfleik.“

Hann segist þó ekki sjá eftir neinu. „Ég stend og fell með því sem ég geri, það er ekkert flóknara en það. Það er hægt að segja ýmislegt um leikinn en ég gerði þetta svona.“

Uppskeran eftir sjö leiki í riðlinum eru aðeins fjögur stig og er Ólafur ekki ánægður með það. „Enginn okkar er ánægður með þá uppskeru og hef ég sagt það áður að það voru ákveðin vonbrigði að fá ekkert úr Skotaleikjunum. Þessi leikur varð svo nánast aldrei neinn leikur.“

Hann segist heldur ekki viss um að Ísland hafi verið að spila betur en stigafjöldinn segir til um. „Maður fær bara það sem maður á skilið. Við förum auðvitað í alla leiki til að vinna og höfum við verið að setja ákveðnar kröfur á okkur sjálfa. En því miður er uppskeran ekki mikil – það verður bara að viðurkennast.“

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður.** 8
Óaðfinnanleg frammistaða hjá Gunnleifi. Enn eina ferðina er hann besti maður liðsins og bjargaði liðinu frá stærra tapi. Ólafur þarf ekki að sjá eftir því að hafa ákveðið að veðja á Gunnleif í þessa stöðu.

**Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður.** 3
Afar slakur leikur hjá honum. Duglegri að sækja en síðast en gekk illa að koma sendingum í teiginn. Var sofandi á köflum í vörninni eins og í fyrsta markinu þar sem dekkningin klikkar algjörlega hjá honum.

**Sölvi Geir Ottesen, miðvörður.** 7
Flott innkoma hjá Sölva sem steig vart feilspor. Náði ágætlega saman við Kristján Örn. Stöðvaði ófáar sóknir og lét ekki teyma sig úr stöðu. Minnti rækilega á sig með þessari frammistöðu.

**Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður.** 7
Klassaleikur enn og aftur hjá honum. Braut niður sóknir, grimmur, ákveðinn og gerði engin mistök. Hefur spilað frábærlega í þessari undankeppni.

**Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður.** 6
Ágætis leikur hjá Bjarna. Stóð vaktina í vörninni vel, duglegur að sækja og skilaði fleiri boltum frá sér en Grétar. Missti af manninum í seinna markinu.

**Stefán Gíslason, tengiliður.** 2
Gerði sitt allra besta til þess að spila sig úr liðinu. Vantaði allan kraft og grimmd, vann fáa bolta og skilaði litlu. Ömurlegt síðan að horfa upp á mann sem á að vera skapandi miðjumaður gera lítið annað en gefa tveggja metra sendingar eða ákveða að senda boltann til baka.

**Brynjar Björn Gunnarsson, tengiliður.** 6
Kom með fínan kraft á miðjuna og bar höfuð og herðar yfir félaga sína á miðjunni lengstum. Dró þó ansi mikið af honum í síðari hálfleik í hitanum.

**Eggert Gunnþór Jónsson, tengiliður** 5
Duglegur, grimmur og viljugur. Átti að veita sókninni stuðning sem gekk ekki sem skyldi. Skilaði þó ágætis varnarvinnu.

**Emil Hallfreðsson, vinstri kantmaður.** 6
Eini leikmaður liðsins sem skapaði eitthvað í sókninni. Reyndi að láta menn taka á, átti sendingar og var duglegur. Fjaraði undan honum í síðari hálfleik.

**Pálmi Rafn Pálmason, hægri kantmaður.** 4
Fékk eina færi Íslands í leiknum sem hann nýtti ekki nógu vel. Var duglegur en týndist á löngum köflum.

**Arnór Smárason, framherji.** 5
Duglegur og kraftmikill strákur sem gaf allt sem hann átti. Ömurlegt að það hafi ekki verið hægt að nýta kraft hans og hæfileika betur en raun bar vitni.

**Varamenn:**

**Birkir Már Sævarsson kom inn á fyrir Eggert Gunnþór á 62. mínútu.** 4
Bætti engu við og sást ekki þann hálftíma sem hann var inn á vellinum.

**Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á fyrir Pálma Rafn á 74. mínútu.** -



**1-0** Makedóníumenn skora hér fyrra mark sitt í leiknum. Gunnleifur liggur svekktur í grasinu og Grétar Rafn fórnar höndum eftir að hafa brugðist við að gæta mannsins sem skoraði markið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GRIMMUR** Brynjar Björn Gunnarsson átti ágætan leik á miðjunni hjá Íslendingum í gær. Hann stendur hér í ströngu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bitlaust og bensínlaust

**Makedónía lagði Ísland, 2-0, í steikjandi hita í Skopje í gær. Ísland er þar með endanlega úr leik í baráttunni um annað sætið í riðlinum. Sem fyrr gaf Ísland ódýr mörk og sóknarleikur íslenska liðsins er einfaldlega ekki til staðar.**

**FÓTBOLTI** Draumur Íslands um að ná öðru sætinu í 9. riðli undankeppni HM dó endanlega í Skopje í gær. Makedónía vann þá sanngjarnan 2-0 sigur og það án þess að sýna nokkurn glansleik.

Leikið var við gríðarlega erfiðar aðstæður í Skopje en hitinn var yfir 35 stig. Þurfti því ekki að koma á óvart að stefna íslenska liðsins var að hægja á leiknum.

Leikurinn fór ágætlega af stað en strax á 10. mínútu gaf íslenska liðið ódýrt mark. Brynjar Björn og Pálmi Rafn létu þá leika illa á sig, sending kom í teiginn þar sem Grétar Rafn klikkaði illilega á því að dekka Aco Stojkov eins og maður. Sá þakkaði Grétari pent fyrir sig með því að skalla boltann í netið á nærstöng. Þetta var fyrsta skot leiksins. Grátleg byrjun.

Sóknarleikur Íslands í fyrri hálfleik var skárri en í síðustu leikjum en þurfti samt nánast ekkert til. Bakverðirnir Bjarni Ólafur og Grétar voru duglegir að koma upp sem var framför. Íslenska liðið hélt boltanum ágætlega á köflum en þegar tókst að skapa eitthvað var ítrekað allt of fámennt í teignum. Emil var hvað sprækastur við að búa til stöður, Arnór duglegur en það vantaði menn og slagkraft í sóknina.

Makedóníumenn fengu tvö önnur ágæt færi í hálfleiknum en klúðruðu fyrst og svo varði Gunnleifur glæsilega einn gegn sóknarmanni. Þá svaf Grétar aftur á verðinum.

Besta færi Íslands í hálfleiknum kom á 24. mínútu. Þá átti Emil laglega sendingu á Pálma sem var í fínu færi í teignum. Skalli hans var slakur og beint á markvörðinn. Þar hefði Pálmi getað gert betur.

Eftir 28 mínútna leik tók dómarinn leikhlé svo leikmenn gætu fengið sér vatn. Segir það meira en mörg orð um aðstæðurnar. Eftir þessa pásu var allur vindur úr okkar mönnum sem sköpuðu ekki neitt. Makedóníumenn voru ekkert að leika sérstaklega vel heldur en voru ávallt geysihættulegir í skyndisóknum sem voru afar vel útfærðar hjá þeim.

Fyrri hálfleikurinn var þokkalegur hjá Íslandi en botninn datt algjörlega úr leik liðsins í síðari hálfleik þar sem liðið hætti að gera þá hluti sem gengu ágætlega í fyrri hálfleik.

Á 55. mínútu var Ísland heppið að fá ekki á sig víti þegar Emil virtist brjóta af sér í teignum.

Á þeim tíma voru Makedóníumenn ekkert að skapa né sækja fast. Það var Íslands að sækja en liðinu gekk ekkert að setja pressu á þá og ná boltanum. Það vantaði allan kraft og áræði í leikmenn sem virkuðu hreinlega bensínlausir með öllu í hálfleiknum. Það gerðist í raun afar lítið í hálfleiknum þar til síðustu fimm mínútur leiksins. Þá varði Gunnleifur í tvígang úr dauðafærum. Makedóníumenn komust á bragðið og mínútu síðar var skeiðað fram hjá varnarmönnum liðsins, sending í teiginn þar sem Bjarni Ólafur var skrefi á eftir Ivanovski sem var í litlum vandræðum með að moka boltanum í markið.

Niðurstaðan enn eitt tapið í riðlinum og draumurinn að ná öðru sætinu er endanlega úr sögunni. Það var svipuð saga í þessum leik og oft áður – liðið gaf ódýr mörk og skapaði ekkert í sókninni. Það náði einu skoti að marki í leiknum sem var skalli Pálma í fyrri hálfleik. Annars var liðið ekki nálægt því að ógna Makedóníu.

Stóri hausverkurinn hefur verið að skapa eitthvað þegar liðið er með boltann og Ólafi Jóhannessyni hefur algjörlega mistekist að byggja upp einhvern sóknarleik hjá íslenska liðinu. Hann er ekki til staðar.

Ítrekað eru nákvæmlega engar lausnir þegar Ísland fær tækifæri til að sækja. Er þá ekki bara verið að vísa í þennan leik þar sem liðið spilaði án Eiðs Smára.

Framfarir hafa orðið í hugarfari leikmanna sem og leik liðsins en það virðist vera afar langt í að þetta íslenska lið verði samkeppnishæft af einhverri alvöru á nýjan leik. Efniviðurinn til að gera betur er til staðar en smiðurinn Ólafur þarf að pússa hamarinn og berja fastar á naglana ef betri árangur á að nást í framtíðinni.

**henry@frettabladid.is**

**Makedónía 2-0 Ísland**

Þjóðarleikvangurinn í Skopje — Said Ennjimmi (6)

*1-0 Aco Stojkov(10.)*
*2-0 Filip Ivanovski (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–7 (7–1) |
| Varin skot | Jane 1 – Gunnleifur 5 |
| Horn | 7–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–17 |
| Rangstöður | 3–2 |

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**
Hefst 29. júní nk. og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Tekur 8 vikur og er námskeiðsgjald kr. 24.000.- Skráning fyrir 26. júní á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is
Sjá einnig á www.isi.is


Nýtt í Múrbúðinni!
MÚRBÚÐARVERÐ
Hreinlætistæki
í miklu úrvali
Upphengd salerni frá
11.900 kr.
MARTINELLI Design
sturtuklefi með botni
8 mm hert öryggisgler
49.900 kr.
Allt í baðherberbergið
t.d. baðkör, innbyggðir WC
kassar, gólf- og vegg flísar,
á verði sem kemur á óvart.
SUIT handlaug
12.990 kr.
FULYA handlaug 55 cm
6.990 kr.
LAI handlaug
8.390 kr.
SIDE handlaug
9.900 kr.
BELLA handlaug
23.490 kr.
LILA salerni
11.900 kr.
Salernisseta 3.690 kr.
VITRA handlaug
24.990 kr.
PERI handlaug
9.900 kr.
Mr Clever handlaug með
blöndunartækjum og vatnslás
18.290 kr.
VEMAR blöndunartæki
5.990 kr.
VEMAR eldhús-blöndunartæki
19.990 kr.
VEMAR blöndunartæki
5.490 kr.
VEMAR blöndunartæki há, í borð
9.900 kr.
VEMAR eldhús
blöndunartæki
6.190 kr.
Eldhúsvaskur
9.900 kr.
Eldhúsvaskur
8.900 kr.
VEMAR blöndunartæki
4.290 kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA- VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík, Kletthals 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri, Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

## ÚRSLIT

### 1. RIÐILL:

**Svíþjóð-Malta** **4-0**

1-0 Kim Källstrom (22.), 2-0 Daniel Majstorovic (52.), 3-0 Zlatan Ibrahimovic (56.), 4-0 Marcus Berg (58.)

STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Danmörk** | 6 | 5 | 1 | 0 | 13-2 | 16 |
| Ungverjaland | 6 | 4 | 1 | 1 | 8-2 | 13 |
| **Portúgal** | 6 | 2 | 3 | 1 | 8-4 | 9 |
| Svíþjóð | 6 | 2 | 3 | 1 | 6-2 | 9 |
| **Albanía** | 8 | 1 | 3 | 4 | 4-8 | 6 |
| Malta | 8 | 0 | 1 | 7 | 0-21 | 0 |

### 4. RIÐILL:

**Finnland-Rússland** **0-3**

STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | 6 | 5 | 1 | 0 | 18-4 | 16 |
| Rússland | 6 | 6 | 0 | 1 | 12-3 | 15 |
| **Finnland** | 6 | 3 | 1 | 2 | 8-10 | 10 |
| Wales | 7 | 3 | 0 | 4 | 5-7 | 9 |
| **Aserbaijan** | 5 | 0 | 1 | 4 | 0-5 | 1 |
| Liechtenstein | 6 | 0 | 1 | 5 | 1-15 | 1 |

### 6. RIÐILL:

**Úkraína-Kasakstan** **2-1**
**England-Andorra** **6-0**

1-0 Wayne Rooney (4.), 2-0 Frank Lampard (29.), 3-0 Rooney (38.), 4-0 Jermain Defoe (73.), 5-0 Jermain Defoe (75.), 6-0 Peter Crouch (80.).

STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **England** | 7 | 7 | 0 | 0 | 26-4 | 21 |
| Króatía | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-6 | 11 |
| **Úkraína** | 6 | 3 | 2 | 1 | 9-6 | 11 |
| Hvíta-Rússl. | 5 | 3 | 0 | 2 | 14-7 | 9 |
| **Kasakstan** | 7 | 1 | 0 | 6 | 7-22 | 3 |
| Andorra | 7 | 0 | 0 | 7 | 2-25 | 0 |

### 7. RIÐILL:

**Færeyjar-Serbía** **0-2**

STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Serbía** | 7 | 6 | 0 | 1 | 15-5 | 15 |
| Frakkland | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-6 | 10 |
| **Litháen** | 7 | 3 | 0 | 4 | 6-6 | 9 |
| Austurríki | 6 | 2 | 1 | 3 | 7-9 | 7 |
| **Rúmenía** | 6 | 2 | 1 | 3 | 7-10 | 7 |
| Færeyjar | 5 | 0 | 1 | 4 | 1-7 | 1 |

### 9. RIÐILL:

**Makedónía-Ísland** **2-0**
**Holland-Noregur** **2-0**

1-0 Andre Ooijer (32.), 2-0 Arjen Robben (50.).

STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Holland** | 7 | 7 | 0 | 0 | 16-2 | 21 |
| Skotland | 5 | 2 | 1 | 2 | 4-6 | 7 |
| **Makedónía** | 6 | 2 | 1 | 3 | 4-7 | 7 |
| Ísland | 7 | 1 | 1 | 5 | 6-12 | 4 |
| Noregur | 5 | 0 | 3 | 2 | 2-5 | 3 |

### *Undankeppni EM:*

**Belgía-Ísland** **25-33**

**Mörk Íslands (skot)**: Guðjón Valur Sigurðsson 10/4 (13/5), Alexander Petersson 9 (11), Róbert Gunnarsson 4 (4), Vignir Svavarsson 4 (4), Rúnar Kárason 3 (4), Ragnar Óskarsson 3 (6), Sigurbergur Sveinsson (1), Andri Stefan (1), Aron Pálmarsson (4).
**Varin skot**: Björgvin Gústavsson 8 (25, 32%), Hreiðar Guðmundsson 3 (11, 27%).
**Hraðaupphlaup**: 11 (Guðjón Valur 4, Alexander 4, Vignir 3).
**Fiskuð víti**: 5 (Guðjón Valur 2, Vignir 1, Róbert 1, Ragnar 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur.






Guðmundur Guðmundsson var ósáttur við frammistöðu íslenska liðsins:

# Nauðsynlegt að fylla höllina

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson var ekki ánægður með frammistöðu leikmanna íslenska landsliðsins gegn Belgíu ytra í undankeppni EM 2010 í gær. Ísland vann með átta marka mun, 33-25.

„Við náðum vissulega að laga stöðuna á síðustu 20 mínútum leiksins en við erum ekki ánægðir með leikinn og við þurfum að gera betur. Við þurfum að bæta okkur á eiginlega öllum sviðum og höfum nú til sunnudagsins að gera það.“

Ísland og Noregur eru efst og jöfn í riðlinum og mætast í Laugardalshöllinni á sunnudaginn. Noregur vann í gærkvöldi sigur á Makedóníu. „Við förum nú vel yfir leik Noregs og Makedóníu og við ætlum að sjálfsögðu að fara í leikinn gegn Norðmönnum til að sigra í honum.“

Hann segir að það hafi verið afar dýrmætt að fá leikinn gegn Belgíu fyrir Noregsleikinn. „Það var ómetanlegt. Það er oft viðbúið að það þurfi að slípa ýmislegt til eftir að liðið hefur ekki komið saman svo mánuðum skiptir. Nú þurfum við að vinna í okkar málum.“

Alexander Petersson lék sinn fyrsta landsleik eftir langvarandi meiðsli og átti hann stórleik í gær. „Það var gríðarlega mikilvægt að fá hann inn. Frammistaða hans og Guðjóns Vals stóðu upp úr í leiknum. Róbert var einnig drjúgur en það voru reynsluboltarnir sem drógu vagninn að þessu sinni.“

Guðmundur segir að fylla þurfi Laugardalshöllina bæði gegn Norðmönnum á sunnudag og gegn Makedóníu á þjóðhátíðardaginn. „Við þurfum á stuðningi áhorfenda að halda, nú sem aldrei fyrr. Það þarf að fylla höllina og vona ég að fólk bregðist við kallinu. Við þurfum einfaldlega á því að halda.“ - esá



**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON** Segir að laga þurfi margt fyrir leikinn gegn Noregi á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Alexander sá um Belgana

**Alexander Petersson markaði endurkomu sína í íslenska landsliðið með frábærri frammistöðu í átta marka skyldusigri á Belgíu í undankeppni EM 2010 í gær. Leikurinn var þó langt frá því besta sem landsliðið getur boðið upp á.**

**HANDBOLTI** Ísland vann í gær átta marka sigur á Belgíu í undankeppni EM 2010 sem fer fram í Austurríki, 33-25. Leikurinn var þó alls ekki góður af hálfu íslenska liðsins sem átti á köflum í stökustu vandræðum með slakt lið Belga. Til marks um það var munurinn í hálfleik aðeins eitt mark en staðan var þá 15-14, Íslendingum í vil.

Ísland skoraði aðeins eitt mark fyrstu sjö mínútur leiksins og lenti þá undir í eina skiptið í leiknum. En það voru þó aldrei nein hættumerki á lofti og aldrei spurning hvorum megin sigurinn myndi lenda. Spurningin var aðeins hvenær íslenska liðið myndi loksins ná að sigla endanlega fram úr.

Það gerðist ekki fyrr en að tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik. Alexander Petersson hefur verið lengi frá vegna meiðsla og gat af þeim sökum lítið spilað með félagsliði sínu, Flensburg í Þýskalandi, í vetur. En hann markaði endurkomu sína í íslenska landsliðið með frábærum leik. Og það var fyrst og fremst hann sem sá til þess að Ísland næði endanlega undirtökunum í leiknum.

Í stöðunni 16-16 skoraði hann fjögur mörk í 7-1 spretti Íslands. Hann var allt í öllu í sóknarleik liðsins og var sem fyrr drjúgur í vörninni. Guðjón Valur Sigurðsson var einnig duglegur að skila sínu en saman skoruðu þeir nítján af 33 mörkum Íslands – Guðjón Valur skoraði tíu mörk og Alexander níu.

Aðeins sex leikmenn íslenska liðsins komust á blað í gær sem segir mikið um þau forföll sem eru íslenska liðinu og þau áhrif sem þau hafa á sóknarleik liðsins. Meiðsli hafa haft sitt að segja en Ólafur Stefánsson er enn í sjálfskipuðu landsliðsfríi og munar um minna.

Ísland á næst tvo heimaleiki í riðlinum gegn tveimur sterkustu andstæðingunum – fyrst gegn Noregi á sunnudaginn og svo Makedóníu á þjóðhátíðardaginn. Lokaleikur Íslands í riðlakeppninni verður svo gegn Eistum ytra.

Sigur gegn Eistum fer langt með að tryggja farseðilinn til Austurríkis. Liðið þarf þó helst minnst eitt stig úr heimaleikjunum tveimur sem eru fram undan til að gulltryggja annað efstu tveggja sæta riðilsins.

En það er ljóst að Guðmundur Guðmundsson og hans menn ætla ekki í neinar reikningskúnstir fyrir leikinn gegn Norðmönnum. Þeir ætla sér sigur og ekkert annað. En til þess þarf að bæta nánast allar hliðar í leik liðsins miðað við frammistöðuna í gær.

eirikur@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** Átti stjörnuleik með Íslandi gegn Belgíu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

England slátraði Andorra og Holland vann 2-0 sigur á Noregi í gær:

# Hollendingar gefa ekkert eftir

**FÓTBOLTI** Þó svo að Hollendingar hafi tryggt sér þátttökurétt í úrslitakeppni HM í Suður-Afríku á næsta ári með sigri á Íslandi um liðna helgi gáfu þeir ekkert eftir gegn Norðmönnum í gær. Norðmenn þurftu nauðsynlega á sigri að halda til að eiga raunhæfa möguleika á öðru sæti riðilsins en urðu að játa sig sigraða. Andre Ooijer og Arjen Robben skoruðu mörk Hollendinga.

Holland er því með fullt hús stiga eftir sjö umferðir. Hið sama má segja um Englendinga sem áttu í litlum vandræðum með lið Andorra á Wembley-leikvanginum í gær.

England vann 6-0 sigur með tveimur mörkum frá Wayne Rooney og Jermain Defoe auk þess sem að Frank Lampard og Peter Crouch skoruðu hvor sitt markið.

Tæplega 60 þúsund manns mættu á völlinn í gær og var Fabio Capello ánægður fyrir þeirra hönd.

„Stuðningsmenn liðsins eru okkur mjög mikilvægir og við spiluðum vel fyrir þá,“ sagði Capello eftir leikinn. „Það var frábært að sjá hversu margir mættu hér í kvöld og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir,“ sagði Frank Lampard eftir leikinn.

David Beckham var í byrjunarliði enska liðsins í hundraðasta skiptið á ferli sínum í gær. - esá



**LITLI OG STÓRI** Peter Crouch og Jermain Defoe fagna marki í gær. NORDIC PHOTOS/GETT

# Viltu leigja okkur bílinn þinn?

## Ein stærsta bílaleiga Evrópu óskar eftir bílum frá íslendingum til notkunar á íslandi.

Sixt á íslandi er umboðsaðili stærstu bílaleigu Þýskalands, Sixt rent a car.

Bílaleigan færir út kvíarnar á Íslandi og þarf mikinn fjölda bíla í viðbót við þann bílaflota sem nú er til staðar til að anna bókunum erlendra ferðamanna í sumar.

## Eru tveir bílar á heimilinu eða ertu með bíl sem ekki selst? Þá gætir þú hugsanlega leigt bílinn þinn til bílaleigunnar Sixt á Íslandi í sumar.

**Við óskum eftir bílum sem eru í verksmiðjuábyrgð og í góðu ástandi.**

**Við bjóðum þér allt að kr. 100.000 fyrir 30 daga leigu.**

Ef af samstarfi verður gerir Sixt samning við þig um að leigja bílinn í allt að 8 vikur og Sixt tryggir bílinn. Athugið að ef þú ert með bíl á bílasamningi eða rekstrarleigu þar sem lánveitandi er skráður eigandi getur þú því miður ekki nýtt þér þetta tækifæri vegna ákvæða í þeim samningum.
Hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 590 2000 til að fá nánari upplýsingar.

---

Sixt rent a car er stærsta bílaleiga þýskalands, stofnuð árið 1912 og starfar nú í 90 löndum.
Ef þú ert á leið til Evrópu í sumar þá getum við boðið þér bílaleigubíl á frábærum kjörum hjá Sixt.

Eigandi bílaleigunar Sixt á Íslandi er Bílabúð Benna - þar sem þú gerir hagkvæm og örugg bílaviðskipti.

**www.sixt.is Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000**

> **Bruce Willis**

„Það er ekki nóg að segja „ég elska þig". Það þarf líka að segja „fyrirgefðu"."

***Willis leikur leigumorðingjann Jimmy í kvikmyndinni The Whole Ten Yards sem Skjár einn sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR KANN AÐ META GOTT GRÍN

# *Gavin elskar Stacey en Smithy þolir ekki Nessu*

Grín er ekki það sama og grín. Sem dæmi um vonda grínþætti má nefna allan þann fjölda bandaríska dósahláturspátta sem tröllríða dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Þættir á borð við King of Queens, Yes dear og According to Jim eru dæmi um útvatnaðar klisjur sem áhorfendum er alltof oft boðið upp á.

Svo koma stundum þættir sem veita aftur tiltrú á grínið. Til dæmis bresku grínþættirnir Gavin & Stacey sem Stöð 2 sýnir á þriðjudögum. Gavin og Stacey kynnast í gegnum vinnu sína þar sem þau þurfa að tala saman í síma á hverjum degi. Þau verða ástfangin og gifta sig í lok fyrstu þáttaraðar.

Það eru þó ekki þau sem halda uppi gríninu heldur allur sá fjöldi aukaleikara sem kynntur er til sögunnar. Þar ber hæst bestu vini þeirra Gavins og Stacey, þau Smithy og Nessu. Þau þola ekki hvort annað en lenda ítrekað undir sömu sæng. Nessa (Vanessa Shanessa Jenkins) er óttaleg tröllkerling sem hefur reynt ótrúlegustu hluti um ævina. Hún var til dæmis ein af upphaflegu stúlkunum í All saints en hætti áður en bandið varð frægt þar sem henni kom svo illa saman við Shaznay. Annað veifið rifjar hún upp furðulegar og klúrar minningar sem tengjast ýmsum frægum persónum á borð við John Prescott og Dodi Al-Fayed.



Smithy er akfeitur og elskar foreldra Gavins meira en sína eigin. Hann ætlar að drekka allar tegundir bjórs sem til eru í heiminum.

Þá eru það foreldrar Gavins, Mick og Pam, sem eru yndislegar andstæður. Pabbinn svo ótrúlega jarðbundinn og mamman taugaveikluð með eindæmum. Að lokum má ekki gleyma hinum ferkantaða föðurbróður Stacey. Hann er einfaldur maður, sem lifir einföldu lífi og veðrast allur upp yfir hinum einföldustu hlutum á borð við gps-leiðakerfi og einfalda spilagaldra. Sambland þessara litríku persónuleika gerir Gavin & Stacey að einum ferskasta grínþætti á dagskránni í dag.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.40** The O.C. STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** An Inconvenient Truth STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Bræður og systur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Everybody Hates Chris SKJÁREINN



▶ **20.45** The Mentalist STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Draumar** (e)

**17.45 Tómas og Tim** (5:16)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Úr vöndu að ráða** (Miss Guided) (4:7) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (40:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**20.55 Fréttir aldarinnar** 1958 - Upphaf umskipta í efnahagsmálum.

**21.03 Fréttir aldarinnar** 1961 - Öskjugos.

**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.

**22.50 Trúður** (Klovn) (2:10) (e)

**23.15 Anna Pihl** (Anna Pihl) (7:10) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**

**10.00 Can't Buy Me Love**

**12.00 The Ant Bully**

**14.00 Buena Vista Social Club**

**16.00 Can't Buy Me Love**

**18.00 The Ant Bully**

▶**20.00 An Inconvenient Truth** Áhrifamikil heimildarmynd frá Al Gore um afleiðingar gróðurhúsaáhrifa.

**22.00 House of the Dead**

**00.00 Tristan + Isolde**

**02.05 From Dusk Till Dawn 2.**

**04.00 House of the Dead**

**06.00 Raise Your Voice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og Íkornastrákurinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (6:25)

**09.55 Doctors** (7:25)

**10.20 Las Vegas** (17:19)

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 Grey's Anatomy** (7:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (209:260)

**13.25 Wings of Love** (77:120)

**14.10 Wings of Love** (78:120)

**14.55 Ally McBeal** (5:21)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz, Elías

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (16:23) Phoebe býður Mike að flytja inn. Monica og Chandler eru í fjárhagskröggum og leita bæði á laun til Joeys eftir láni. Rachel er í óða önn að gera íbúðina örugga fyrir Emmu litlu Joey til mikils ama.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.24 Veður**

**19.35 The Simpsons** (6:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**20.00 Hell's Kitchen** Gordon Ramsey er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

▶**20.45 The Mentalist** (17:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.30 Twenty Four** (20:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.15 Moonraker**

**00.20 Prison Break** (19:24)

**01.05 Avenger**

**02.25 Prozac Nation**

**03.55 Acacia**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Makedónía - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM.

**16.35 Brazil - Paraguay** Útsending frá leik í undankeppni HM.

**18.15 Inside the PGA-Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**18.40 England - Andorra** Útsending frá leik í undankeppni HM.

**20.20 Arnold Schwarzenegger-mótið 2008** Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic sem haldið var í Flórídaríki. Í þessu móti er keppt í mörgum greinum aflrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.

**20.50 Makedónía - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM.

**22.40 HM Stúdíó** Hitað upp fyrir leik Makedóníu og Íslands í undankeppni HM

**22.55 Brazil - Paraguay** Útsending frá leik í undankeppni HM.

**00.35 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**01.00 Orlando - LA Lakers** Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Chelsea - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.10 Season Highlights 1997/1998** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**22.10 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.40 PL Classic Matches** Newcastle - Liverpool, 1998.

**23.10 Man. City - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Rachael Ray**

**18.20 The Game** (8:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (33:48) (e)

**19.10 Top Chef** (13:13) (e)

**20.00 All of Us** (9:22) Bandarískir gamanþættir um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.

▶**20.30 Everybody Hates Chris** (3:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris er himinlifandi þegar Jenise Huckstable býður honum á skólaballið en fer á taugum þegar hún segir að pabbi sinn vilji hitta hann fyrst.

**21.00 Family Guy** (2:18) Teiknimyndir fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**21.25 The Whole Ten Yards** Sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar The Whole Nine Yards. Tannlæknirinn Oz og leigumorðinginn Jimmy taka nú höndum saman á ný þegar mafíuforinginn Lazlo Gogolak losnar úr fangelsi en Lazlo telur sig enn eiga óuppgerð mál við þá félaga. Aðalhlutverk: Bruce Willis, Matthew Perry, Natasha Henstridge og Amanda Peet.

**23.05 Penn & Teller. Bullshit** (4:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.

**23.35 America's Next Top Model** (12:13) (e)

**00.25 Painkiller Jane** (16:22) (e)

**01.15 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Útvegurinn** Umsjón hefur Sigurður Sveinn Sverrisson.

**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Nýkomin sending

**af vönduðum garðhúsgögnum.**
**Sólbekkir, borð og stólar í nokkrum gerðum.**



Signature húsgögn

**Opið**
**Mán. - Fö. 12-18**
**Lau 12 -16**

**Fiskislóð 45, 101 Rvík - S. 771 3800 - www.signature.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 01.00
### Orlando - Lakers, beint



Nú er að duga eða drepast fyrir Orlando í kvöld þegar liðið mætir Lakers í Amway Arena-höllinni í Orlando. Þetta er fjórði leikur liðanna og getur Orlando jafnað metin ef liðinu tekst að leggja Lakers að velli. Liðið er svo sannarlega illa statt eftir slæma byrjun í leikjaröðinni þar sem Lakers hafði betur. Nú þarf liðið að taka á honum stóra sínum ætli það að leggja Kobe Bryant og félaga að velli. Lykilatriði fyrir Orlando er að stöðva Kobe en liðsmenn þurfa einnig að finna leiðir til að koma Dwight Howard, aðalmanni sínum, inn í leikinn en hann var hafður í strangri gæslu Pauls Gasol í fyrstu leikjunum og komst lítt áfram. Magnaður slagur sem enginn má láta fram hjá sér fara.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Moonraker
### Stöð 2 kl. 22.15

James Bond rannsakar einkennilegt rán á geimskutlu sem átti sér stað í háloftunum. Eigandi skutlunnar er auðjöfurinn Hugo Drax og brátt fara böndin að berast að honum sjálfum. Það lítur út fyrir að hann ætli sér heimsyfirráð og það er í verkahring Bonds að koma í veg fyrir það. Það er Roger Moore sem fer með aðalhlutverkið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Smásaga: Sólburður
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Útvarpsperlur: Kaffiboð á Seli
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (208:260)
**17.15 Hollyoaks** (209:260)
▶ **17.40 The O.C.** (25:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.25 Seinfeld** (22:22)
**18.45 Hollyoaks** (208:260)
**19.15 Hollyoaks** (209:260)
**19.40 Seinfeld** (22:22)
**20.15 Grey's Anatomy** (9:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Gossip Girl** (19:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 The Closer** (8:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**23.30 Monarch Cove** (1:14)
**00.15 In Treatment** (5:43)
**00.45 Sjáðu**
**01.15 The O.C.** (25:27)
**02.00 Grey's Anatomy** (9:24)
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** The Inspector Lynley Mysteries **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** The Inspector Lynley Mysteries **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.25** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.55** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**11.00** Hvad er det værd? **11.30** Læger for livet **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **14.50** Jungletrommer **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango med Rebecca **16.00** I lære som stjerne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Venner på eventyr **18.00** Tæt på dyrene i Kalahari ørkenen **18.30** Hammerslag **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Nordkraft **22.05** Backstage **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Camilla Plum i hagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Harry - seks år og kokkelærling **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Mamma Mirabelle viser dyregåter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Krigen i nord **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Program ikke fastsatt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.45** Lov og orden. New York **22.25** Skjønnhet i fangedrakt **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**10.35** Vårt hus - en mögelfälla **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildmark fiske **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Plus sommar **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Bomarsund - vägen till fred **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Män om sina kroppar **22.45** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér hafragraut með stöppuðum bönunum, rúsínum og sojamjólk.“*

Kristjana Skúladóttir leikkona.

# Sverrir Guðjóns breyttist í Tom Waits

Kontratenórinn Sverrir Guðjónsson gerði sér lítið fyrir og brá sér í gervi Toms Waits í brúðkaupi sonar síns, Ívars Arnar, og Örnu Aspar Guðbrandsdóttur í Heiðmörk um síðustu helgi.

Söng hann tvö lög eftir hinn grófraddaða Waits, það síðara við eigin texta. „Ívar bað mig um að syngja lag sem er í miklu uppáhaldi hjá honum og konunni hans sem heitir All the World Is Green. Þetta er lagið þeirra og ég gat ekki skorast undan því,“ segir Sverrir. „Það vildi svo til að ég hef hlustað töluvert á Tom Waits í gegnum árin. Ég hrífst oft af röddum sem eru svolítið lifaðar og hann er náttúrulega mjög sérstakur. Hann tengir sig við kabarett og býr til myndir og sögur og setur í sérstakt form.“ Sverrir hefur sjálfur verið að vinna með röddina sína í gegnum ólíka stíla síðustu árin og fékk því í brúðkaupinu kjörið tækifæri til að sýna á sér nýja hlið. „Ég hef verið að þróa yfirtónasöng sem fer út í eins konar barkasöng, þannig að það er ekkert mjög langt frá Tom Waits.“

Sverrir valdi sjálfur hitt lagið og kaus hann að flytja Innocent When You Dream við eigin texta. „Hann fjallar um hina einu sönnu ást. Að við stöndum saman í gegnum skin og skúrir og að við þurfum að halda utan um minningarnar.“ Viskípelinn var í brjóstvasanum til að gera röddina rámari og skálaði Sverrir við gesti áður en hann lét vaða. „Það var ótrúlega skemmtilegt að gera þetta og þetta kom mjög á óvart, það er óhætt að segja það,“ segir hann og bætir við að brúðhjónin hafi verið í skýjunum. „Það greinilega féllu tár. Þetta hitti í hjartastað.“ - fb



**TOM WAITS** Hinn grófraddaði Waits hefur lengi heillað Sverri.



**SVERRIR GUÐJÓNSSON** Sverrir brá sér í gervi Tom Waits í brúðkaupi sonar síns um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fræ, **6.** kraðak, **8.** farvegur, **9.** skora, **11.** guð, **12.** tíðindi, **14.** gróðabrall, **16.** sjó, **17.** sauðaþari, **18.** námstímabil, **20.** gelt, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nauðsyn, **3.** tveir eins, **4.** verkfæri, **5.** rjúka, **7.** grátbiðja, **10.** kirna, **13.** eldsneyti, **15.** klúryrði, **16.** ákæra, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fríó, **6.** ös, **8.** rás, **9.** rák, **11.** ra, **12.** fregn, **14.** brask, **16.** sæ, **17.** söl, **18.** önn, **20.** gá, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** rr, **4.** járnsög, **5.** ósa, **7.** sárbæna, **10.** ker, **13.** gas, **15.** klám, **16.** sök, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Jón Bjarnason.
2. Ingvar E. Sigurðsson.
3. Bubbi Morthens.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
IMAGE
kms
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

HRANNAR PÉTURSSON: ÞYKJUMST EKKI HAFA FUNDIÐ UPP HJÓLIÐ

# Vodafone óttast ekki lögsókn frá Rolling Stones

„Það er enginn sem á einkarétt á stóru fólki í auglýsingum,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. Hann óttast ekki lögsókn vegna sláandi líkinda með nýrri sjónvarpsauglýsingu fyrirtækisins um risafrelsi og myndbandi Rolling Stones frá árinu 1994 við lagið Love Is Strong. „Ég held að það sé engin hætta á því. Við erum alls ekkert smeykir.“

Í báðum tilvikum spígspora risavaxnir leikarar og meðlimir Stones í sitthvorri borginni, Reykjavík og New York, sem báðar virðast agnarsmáar í samanburðinum.

Hrannar viðurkennir að mikil líkindi séu með verkunum tveimur. „Það þarf engan sérstakan rannsóknarlögreglumann til að sjá hvaðan hugmyndin er fengin. Við erum ekkert að þykjast hafa fundið upp hjólið,“ segir hann. „En þetta eru annars konar senur og öðruvísi settar upp. Okkar er í lit og hitt er svarthvítt. Hitt er klárlega rétt að þetta er mjög keimlíkt. Menn eru að nýta sér hugmyndir og aðferðir í kvikmyndasögunni ef svo má kalla til að gera flotta auglýsingu. Við erum ánægð með útkomuna og þetta vekur mikla athygli.“

Reynir Lyngdal leikstýrði auglýsingunni og viðurkennir einnig að hún sé undir áhrifum frá Stones-myndbandinu. Bæði verkin sæki aftur á móti innblástur til kvikmyndarinnar The Attack of the 50 Foot Woman frá árinu 1958. „Það er alltaf verið að vinna með gamlar hugmyndir. Er ekki alltaf verið að setja upp sömu leikritin og segja sömu söguna aftur?“ segir hann og bætir við: „Það er ekkert meira heillandi en risastórar konur, hvort sem þær eru í nútíð eða þátíð. Það var skemmtileg áskorun að prófa eitthvað svona. Þetta var tæknilega flókið og erfitt. Fyrir mig sem kvikmyndagerðarmann er það nokkuð sem heillar.“

Leikstjóri Stones-myndbandsins var David Fincher, maðurinn á bak við Seven og Fight Club, og segist Reynir vera mikill aðdáandi hans. „Það sem er merkilegt við þetta músíkvídeó er að það var gert árið 1994 og þeir höfðu ekki yfir að ráða sömu tækni og núna. Þetta var þriggja vikna planlegging hjá okkur. Þessi auglýsing er gott dæmi um hvað tæknin í okkar bransa er orðin góð.“

freyr@frettabladid.is



**UNDIR ÁHRIFUM**

**Reynir Lyngdal** viðurkennir að auglýsingin sé undir áhrifum frá myndbandi **Davids Fincher** við lag **The Rolling Stones**, Love is Strong. Í báðum auglýsingum sjást risavaxnir leikarar stinga niður fæti í stórborg. Upplýsingafulltrúi Vodafone óttast lögsókn frá rokk-risaeðlunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Framleiðendur Fangavaktarinnar standa nú í ströngum samningaviðræðum við **Bubba Morthens** um næsta einkennislag þáttanna en við Næturvaktina var það Kyrrlátt kvöld við fjörðinn og við Dagvaktina var það Fjöllin hafa vakað. Bubbi er gallharður í samningum en stefnt er að því að lagið frábæra Aldrei fór ég suður verði einkennislag Fangavaktarinnar.



Fréttablaðið sagði í gær frá því að **Lilja Nótt Þórarinsdóttir** muni líklega fara með hlutverk Snæfríðar Íslandssólar í uppfærslu Benedikts Erlingssonar á Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu. Þá mun hún einnig leika stórt hlutverk í Gerplu. Nú er það svo að veigamikil kvenhlutverk eru af skornum skammti í leikbókmenntunum almennt og sannarlega í þessum verkum. Mun jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins í molum vegna þessa og flestar leikkonur hússins sjá sína sæng upp reidda í bili.



Stjórnmálakonan **Oddný Sturludóttir** gengur til liðs við sína gömlu félaga í Ensími á tónleikum á Nasa í kvöld. Oddný spilaði á hljómborð með sveitinni á fyrstu árum hennar en sagði síðan skilið við rokkið og ákvað að einbeita sér að stjórnmálaferlinum. Margir bíða með mikilli eftirvæntingu eftir endurkomu hennar og því hvort hún búi enn þá yfir sömu töfrunum í fingrunum og áður.



- jbg, fb

íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is

# Björn Jörundur og Valli Sport túra saman

„Þetta er svona míní-sirkus. Ég byrja klukkan ellefu með kassagítarinn og spila gott tónleikaprógramm. Svo tekur Valli við með ferðadiskótekið sitt,“ segir tónlistarmaðurinn Björn Jörundur.

Björn og umboðsmaður hans, Valgeir Magnússon eða Valli sport, ætla að fara um landið og skemmta saman undir yfirskriftinni Lírukassinn; á föstudagskvöldinu á Sauðárkróki og laugardagskvöld verða þeir á Siglufirði. „Í fyrsta skipti sem ég kem þar fram einn,“ segir Björn sem á ættir að rekja þangað.

Björn Jörundur segist ekki vera að feta sín fyrstu spor sem trúbador þótt vissulega hafi hann aldrei áður komið opinberlega fram sem slíkur – en hann ætlar að flytja lög eftir sjálfan sig. Björn segist oft hafa komið fram einn síns liðs í afmælis- og brúðkaupsveislum. „Þarna heyrir fólkið lögin eins og þau komu af beljunni. Höfundurinn að flytja lagið eins og þegar það varð til.“ Hljómsveitin Ný dönsk, þar sem Björn Jörundur er forsöngvari, var á samningi við háskólann á Bifröst – sem sérlegur erindreki skólans. Þetta uppátæki telst ekki samningsbrot. „Starfi okkar fyrir Bifröst lauk um síðustu helgi en samningurinn kvað á um að við lékum á einum dansleik í hverjum landsfjórðungi. Við erum ekki skráðir þarna á neina braut eða búum við skyldumætingu,“ segir Björn sem jafnvel sér fyrir sér að þegar plötusnúðurinn Valli Sport tekur við að verða á ballinu. „Verð ég þá ekki að dansa við dömurnar sem geta skrifað sig niður á danskortið mitt?“

- jbg



**MÍNÍSIRKUS BJÖRNS OG VALLA** Eftir að trúbadortónleikum Björns lýkur tekur Valli við – og mun þá Björn líklega stíga dansinn við dömurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Til hamingju Íslendingar
Nýtt leikhús opnar í dag
GREASE
Leikstjórn: Selma Björnsdóttir
Frumsýning í kvöld kl:20
Örfá sæti laus núna um helgina
föstudaginn 12. júní kl. 20
laugardaginn 13. júní kl. 20
sunnudaginn 14. júní kl. 16
www.loftkastalinn.is
miðasala: 527-1000
Loftkastalinn

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.





**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna


## Með peninga á heilanum

Mannasaur er ævinlega fyrir peningum, því meiri saur, því meiri peningar. Þetta segir á draumaráðningasíðunni draumur.is og varla lýgur hún. Hvernig ætli standi á þessu? Eru draumarnir að segja okkur einhvern hyldjúpan sannleika? Eru peningar, þegar betur er að gáð, bara jafn ómerkilegt fyrirbæri og úrgangurinn úr okkur? Er þá fólk sem lifir í stanslausum eltingaleik við peninga í raun bara að veltast upp úr eigin saur?

**ÉG ÞYKIST** ekki láta peninga stjórna lífi mínu enda óravíddir alheimsins of miklar til að hanga yfir svona smámáli. Líðan mín er ekki undir því komin hvort veskið sé tómt eða fullt, segi ég stundum til að stappa í mig stálinu. Þetta er vitanlega haugalygi. Ég finn nefnilega fyrir létti sem jaðrar við hamingju þegar ég get borgað alla reikningana mína, en fer andvaka á taugum ef endar ná ekki saman. Að auki fyllist ég heimskulegri bjartsýni þegar mig dreymir skít. Kaupi jafnvel lottómiða.

**MIG** dreymdi mannasaur í vikunni. Það voru allt gamlir skorpnir drjólar úr einhverjum öðrum. Ég réði ekki við neitt, haugurinn óx mér yfir höfuð og ég sökk í hann. Mér varð svo mikið um að ég glaðvaknaði. Þá var ég viss um að draumurinn tengdist Icesaveskuldunum. Ég sleppti því alveg að kaupa lottómiða.

**ÞJÓÐIN** er búin að vera með peninga á heilanum allt of lengi. Fyrst hvað þjóðin ætti mikið af þeim og nú hvað hún á lítið af þeim. Við erum að verða þrælanýlenda í skuldafjötrum, öskra þeir sem eru lengst leiddir. Ég neita að vera stanslaust með peninga á heilanum. Ég er búinn að taka þá meðvituðu ákvörðun að taka ekki á mig kvíðahnút vegna Icesaveskuldanna. Ég tel mig hafa axlað samfélagslegan kvíðahnút í tvær vikur í október og fleiri hnúta læt ég ekki bjóða mér upp á. Fjandinn hafi það!

**FYRST** við erum á salerninu langar mig að minna á gömlu tauþurrkukassana frá Fönn. Það er svo jákvæður boðskapur á þeim: Dragið hreint fyrir næsta mann. Ég vil búa í samfélagi sem hefur þennan boðskap að leiðarljósi. Á því klósetti sem nú er liðið undir lok var búið að stela tauþurrkukassanum og líma upp miða í staðinn: Við Hannes hirtum kassann. Farðu að safna fyrir nýjum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 11. júní, 162. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.02 | 13.27 | 23.54 |
| Akureyri | 1.56 | 13.12 | 0.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Gætirðu hugsað þér netsamband?

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Þú stingur pungnum í fartölvuna og ert komin(n) í samband. Fartölvan er því loksins orðin alvöru far-tölva.



**1.990 kr./mán.**

**3G internet og pungur**

**Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.**

**Litir: Hvítur og svartur**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði
+ 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkorti.

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is